44 Guðrúnu í Vatnsleysustrandarhreppi, 30 kr. um árið hafið þjer eigi talið á rök-
 4. maí um byggðar, og hafið þjer tekið það fram, að Guðrún hafi eigi getað skoðast
 sem hjú Elísar heldur sem venzlamaður í dvöl hjá honum, að Elísi, sem sjálfur
 er fátækur barnamaður, hafi eigi verið skylt að lögum að framfæra hana, að
 hún, sem er lasburða gamalmenni, hafi eigi geta unnið fyrir sjer, en eptir atvik-
 um hafi það verið nægilegt, að beiðnin um styrkinu kom frá Elísi. Að
 þessu leyti er eg samdóma yður. Öðru máli er að gegna um þá mótbáru hrepps-
 nefndarinnar, að of lengi hafi verið dregið að flytja Guðrúni á sveit sína. Eins
 og áður er tekið fram, krafðist hreppsnefndin í Vestur-Eyjafjallahreppi þess í
 brjefi 1. júní 1900, að hún yrði flutt þangað, ef hún þyrfti sveitarstyrks. Sam-
 kvæmt þessu gaf sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu 2. ágúst s. á. út
 fátækraflutningsbrjef handa Guðrúnu, og sendi hreppsnefndaroddvitanum í Vatns-
 leysustrandarhreppi, og hlýtur fátækraflutningsbrjef þetta að hafa verið komið
 til nefnds oddvita svo tímanlega að fara hefði mátt af stað með Guðrúnu þegar
 eftir 20. s. m., en hreppsnefndin í Vatnsleysustrandarhreppi heldur því fram, að
 Guðrún hafi eigi verið flutningsfær, og hefur þessu til sönnunar komið með
 vottorð hjeraðslæknisins í Keflavíkurbjersaði dagsett 26. septbr. s. á., þar sem
 hann vottar: »að Guðrún Bjarnadóttir, 67 ára að aldri, sem nú er til heimilis á
 Stóru-Vogum, sje ekki flutningsfær heilsunnar vegna austur undir Eyjafjöll þurfa-
 mannaflutningi«. Takið þjer það fram að það, að vottorð hjeraðslæknisins er
 dagsett 26. septbr. 1900 sanni alls eigi að hreppsnefndin í Vatnsleysustrandar-
 hreppi hafi dregið um skör fram flutning Guðrúnar, enda sje yfir höfuð eða al-
 mennt ekkert því til fyrirstöðu, að flytja fólk fátækraflutningi hjer sunnanlands
 í septbr., og svo sje sagt í læknisvottorðinu að Guðrún sje ekki flutningsfær
 heilsunnar vegna, ekki árstímans vegna. Nú hefur nefndur hjeraðslæknir að
 gefnu tilefni frá minni hálfu í brjefi 15. desbr., f. á. lýst yfir því, að umgetið
 vottorð sitt sje eingöngu byggt á því, hve síðla árs hann hafi verið beðinn að
 rannsaka heilsufar Guðrúnar. Hún hafi að visu verið lasburða, en þó ekki svo
 að hún hefði verið óflytjandi fátækraflutningi, ef um hásumar hefði verið að
 ræða, og bætir við: »En um þennan tíma árs (seinast í septbr.) þegar allra
 veðra er von, sá eg engin tiltök á að láta flytja hana hinum vanalega þurfa-
 mannaflutningi sveit úr sveit, enda flutningur á gamalmönnum að mínu áliti
 ekki forsvaranlegur nema um sumartímann«.

Samkvæmt þessari yfirlýsingu, er fram hefir komið eftir að umræddur
 úrskurður yðar var upp kveðinn, get jeg eigi álitid annað en að fært hafi verið
 að flytja Guðrúnu venjulegum þurfamannaflutningi í ágústmánudi 1900, og að
 hreppsnefndin hafi dregið það um of og þangað til í ótíma var komið um haust-
 ið, að fara að framkvæma flutninginn.

Eigi eru heldur færðar neinar sönnur á það, að Guðrún hafi eigi verið
 flutningsfær sumarið 1901, en samkvæmt vottorði nefnds hjeraðslæknis dagsettu
 23. oktbr. f. á. hefir hún eigi verið flutningsfær síðan um »mitt sumar« 1902.
 Samkvæmt þessu virðist Vestur-Eyjafjallahreppur eiga að endurgreiða Vatnsleysu-
 strandarhreppi meðlagið með Guðrúnu fyrir tímabilið frá 26. janúar 1900 til 20.

ágúst s. á. kr. 17, en eiga að vera laus við endurgreiðslu á þeim styrk, sem henni kann að hafa verið lagður í síðarnefndum hreppi frá þeim degi þangað til um mitt sumar 1902. **44**
4. maí.

Því úrskurðast hjer með að Vestur-Eyjafjallahreppur greiði Vatnsleysustrandarhreppi 17 kr. í meðlag með optnefndri Guðrúnu Bjarnadóttur.

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðúramtinu og Vestur-
amtinu um framfærslu þurfalings.** Með brjefi, dagsettu 28. febrúar þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Nauteyrarhreppi, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 8. septbr. f. á., sem kveður svo á um, að nefndur hreppur skuli greiða Reykhólahreppi 94 kr. 92 a. til endurgjalds meðlagi með Guðrúnu nokkurri Hjaltadóttur og kostnaði við greptrun hennar. **45**
4. maí.

Út af þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg verð að vera þeirrar skoðunar, að úrskurður yðar sje á rökum byggður, skal hann vera óhaggaður.

Úrskurður amtsins:

»Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu hefur í brjefi, dags. 5. ágúst þ. á., lagt undir úrskurð amtsins ágreining milli Reykhólahrepps í nefndri sýslu og Nauteyrarhrepps í Ísafjarðarsýslu út af kröfu fýrnefnds hrepps á hendur hinum síðarnefnda til endurgjalds á fátækrastryrk, veittum stúlkunni Guðrúnu Hjaltadóttur á vistarárinu 1900—1901, að upphæð kr. 144.89, að meðtöldum greptrunarkostnaði, en þið sýslumennirnir hafið eigi gatað orðið samdóma um þetta mál.

Eptir þeim skýrslum, sem liggja fyrir, sagði Jón Hjaltason á Brandstöðum Guðrúnu Hjaltadóttur, systur sína, til sveitar 15. oktr. 1900, og mæitist enn fremur til þess, að hreppsnefndin sæi svo um, að hann fengi greidd ógoldin meðlög með stúlkunni frá föður þeirra, Hjalta Sveinbjarnarsyni á Keldu, sem hafði komið nefndri dóttur sinni fyrir hjá Jóni syni sínum fyrir árlegt meðlag, sem mikið þref hefur risið útaf, en sem ekki kemur þessu máli frekara við, en að vangreiðsla meðlaga hefur gjört það að verkum, eða stutt að því, að Jón Hjaltason hefur orðið að segja systur sína til sveitar, eða ályktað, að veita henni sveitarstryk; en hún var óvenjulega þungur ómagi mállaus fábjárni og ósjálfbjarga eptir því, sem frá er skýrt. Fátækrastrykur þessi var veittur á þann hátt, að Jón Hjaltason fengi 150 kr. meðlag með systur sinni fyrir árið 1900—1901, talið frá 1. júlí 1900 til jafnlengdar 1901, en hreppsnefndin neitaði að greiða honum ógoldið meðlag frá föður hans fyrir næsta ár þar á undan. Nú andaðist Guðrún Hjaltadóttir 11. apríl 1901, og telur hreppsnefnd Reykhólahrepps svo framlag sitt fyrir tímann frá 1. júlí 1900 til 11. apríl 1901 115 kr. 39 a., en greptrunar kostnaður nemur eptir framkomnum reikningi 29 kr. 50 aur. og verður þá krafa Reykhólahrepps alls 144 kr. 89 a.

Þótt amtið verði að álíta, að Guðrún Hjaltadóttir hafi verið tekin til sveitar löglega,

45 og að hin ákveðna fúlga, 150 kr. yfir árið, eigi sje of hátt sett, þá er hitt aptur á móti
 4. maí. rangt og heimildarlaust, að telja styrkveitinguna frá 1. júlí 1900, heldur verður hún að eins talin frá þeim tíma, er hreppsnefndin ályktaði, að veita styrkinn, eptir þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru, frá 4. nóvbr. 1900. Eptir þessu verður styrktarupphæðin frá nefndum degi og til 10. apríl 1901, að báðum dögum meðtöldum, 65 kr. 42 aur., og hin framlagða upphæð með greptrunarkostnaðinum 94 kr. 92 a., og er því hjer með úrskurðað, að Nauteyrahreppur endurgjaldi Reykhólahreppi þessa upphæð.

46
 4. maí. **Brjef landshöfðingja tll amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um sveitfesti þurfalings.** — Með brjefi, dagsettu 28. febr. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Staðarsveit, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 31. janúar f. á., um að Alexander nokkur Guðlaugsson skuli teljast sveitlægur í nefndum hreppi.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að með því að jeg verð að vera yður samdóma um að eigi sje sannað að sveitfestisdvöl Alexanders í Staðarsveit hafi slitnað við burtveru hans 1889—1890, skal úrskurður yðar vera óraskaður.

Úrskurður amtsins:

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, velborni herra sýslumaður, dags. 7. oktbr. þ. á., og 4. þ. m., viðvíkjandi erindi hreppsnefndarinnar í Breiðvíkurhreppi, dags. 24. júní f. á., þar sem hún áfrýjar til amtsins úrskurði yðar, dagsettum 28. maí f. á., sem ákveður, að Alexander nokkur Guðlaugsson skuli álitast sveitlægur í fæðingarsveit sinni, Breiðvíkurhreppi, er svolátandi úrskurður lagður á þetta mál,

Eptir þeim skýrslum, sem fyrir hendi eru, er Alexander Guðlaugsson fæddur 31. oktbr. 1864 í Breiðvíkurhreppi, en þaðan fluttist hann árs gamall að Búðum í Staðarsveit. Rjett eftir fermingu, vorið 1879, fór hann úr þeim hreppi, 14½ árs gamall, en kom þangað aptur vorið 1882. Þar dvaldi hann svo hjá foreldrum sínum á Búðum, til vorsins 1892, en frá þeim tíma dvaldi hann í Staðarsveit enn 2 ár í ólöglegri húsmensku, unz hann flutti sig að Stapatúni í Neshreppi utan Ennis. Þar varð hann þurfandi sveitarstyrks og þáði styrk af fátækrafje snemma vetrar 1897. Á fyrnefndu tímabili frá 1882 til 1892 fór Alexander Guðlaugsson á þorranum 1889 suður á Akranes til sjóróðra, en fór þaðan aftur um vorið heim að Búðum, og var síðan um sumarið í kaupavinnu í Dalasýslu. Heimkominn að Búðum fór hann um rjettir 1889 suður í Garð í Rosmhvalaneshreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu til sjóróðra, en frá því um vetrarvertíðarlok var hann háseti á þilskipi, sem átti heima í Höfnum og kom hann svo heim aptur að Búðum um rjettir 1890.

Þjer hafið álitid, að úrlausn þeirrar spurningar, hvort Alexander Guðlaugsson sje sveitlægur í Staðarsveit eða í fæðingarhreppi sínum, Breiðvíkurhreppi, sje komin undir því, hvort hann hafi verið hjú foreldra sinna árin 1889—1890, og hafið þjer, — þrátt fyrir það, að Alexander hefir stöðugt haldið því fram, að hann hafi þá verið vinnumaður föður síns, eins undan og eptir, og að föður hans og honum hefur borið saman um það, að Alexander hafi fengið föður sínum arð af vinnu sinni þessi árin, svo og um það, að reitur Alexanders, aðrar en íveruföt hans, hafi verið kyrrar á Búðum, á meðan hann var fjarverandi — sjer í lagi samkvæmt vitnisburðum annara manna um þá yfirlýsing af hálfu Guðlaugs Grímssonar,

föður Alexanders, haustið 1890, að hann hafi þá verið frá sjer farinn, og að hann (Guðlaugur) hafi eigi notið arðs af vinnu sonar síns það ár, og svo vegna þess, að Guðlaugur hafi í rjettarprófi ekki kallað Alexander vinnumann sinn á tímabilinu frá rjettum 1889 til jafnlengdar 1890, heldur heimilismann, komizt að þeirri niðurstöðu, að það sje eigi sannað, að Alexander hafi verið hjú foreldra sinna áminnstan tíma, og að hann að minnsta kosti hafi eigi verið vinnumaður þeirra frá krossmessu 1890, og því úrskurðað, að hann hafi eigi áunnið sjer framfærslurjett í Staðarsveit, og sje hann því sveitlægur í fæðingarsveit sinni, Breiðuvíkurreppi. 46
4. maí

Jeg get eigi verið yður samdóma um úrslit þau, er málið þannig hefur fengið hjá yður. Málsúrslitin hljóta að vera komin undir því, hvort álitid verður, að Alexander Guðlaugsson hafi varðveitt heimilisfang sitt á tímabilinu frá rjettum 1889 til jafnlengdar 1890, er hann var lengst að heiman í samfellu, án nokkurs tillits til þess, hvort hann hafi verið hjú foreldra sinna, eða ekki, þennan tímn.

Eptir skýrslu hans sjálfs, sem eigi er ástæða til að rengja, og sem kemur heim við skýrslu föður hans, og aðrar upplýsingar, svo sem að hann skildi eftir reitur sínar á Búðum, hefir hann farið að heiman í þeim hug, að hverfa heim aptur, að erindi sínu afloknu, ekki eingöngu, þá er hann fór suður til fiskiróðra um rjettir 1889, heldur bæði fyr og síðar. Sveitfestisdvöl hans hefir alls eigi getað slitnað við árslanga fjærvist hans, úr því það var ásetningur hans, þá er hann fór að heiman, að hverfa þangað aptur, svo sem öll atvik einnig sýna.

Að því leyti, er snertir þann framburð hins fyrra hreppstjóra í Staðarsveit, Björns Andrjessonar á Hólkoti, að Alexander Guðlaugsson hafi sagt við hann, þá er hann krafði Alexander um alþýðustyrktarsjóðsgjald vorið 1891, að hann hafi verið vinnumaður suður á landi hið undanfarna ár og gjört þar full skil, þá ber Alexander fastlega á móti þessu, enda benda þær skýrslur, sem liggja fyrir um veru hans fyrir sunnan, eigi til annars, en að hann hafi dvalið þar til fiskiróða og sem háseti á fiskiskútu, og eigandi skútunnar hefir vottað, að Alexander hafi lýst því yfir við sig, þegar hann fór, að nú ætlaði hann til foreldra sinna á Búðum, því hann væri þeirra hjú.

Þar sem Alexander Guðlaugsson þannig hefir haft 10 ára óslitna dvöl í Staðarsveit eptir að hann var orðinn 16 ára að aldri, er hjermeð úrskurðað, að hann skuli álitast sveitlægur þar, og er fyrnefndur úrskurður yðar, dags. 28. maí f. á., úr gildi felldur.

Þetta gefst yður hjermeð þjenustusamlega til vitundar, yður til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir þeim hreppsnefndum, sem í hlut eiga.

Þjer skýrið svo frá í fyrnefndu brjefi yðar, dags. 4. þ. m., er þjer senduð mjer með útskript af prófi, sem þjer hafið haldið yfir Alexander Guðlaugssyni, eptir beiðni minni, til þess að fá nánari upplýsing í þessu máli, að hann, sem eigi heima í Neshreppi utan Ennis, hafi eptir tilmælum yðar komið til yðar til yfirbeyrslu, og hafi verið 5 daga á leiðinni til Stykkishólms, og muni verða jafnlengi heim til sín. Þjer álitid því, að hann, sem sje heilsu-
líttill ómagamaður, hafi slökkt töluverðu niður, auk þess kostnaðar, sem og af ferðinni leiddi, og spyrjist þjer fyrir um, hvort hann muni geta vænzt nokkurrar þóknunar fyrir, svo sem 2 krónur á dag.

Út af þessu vil eg eigi undanfella þjenustusamlega að tjá yður, að jeg því miður sje engan veg til þess, að bæta þessum manni skaða hans og kostnað, sbr. dómsmálastjórnarbrjef 23. desbr. 1856.

47
8. maí **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa Fjallaprestakalli.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 4. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að presturinn til Fjallapinga, Þorvarðar prófastur Þorvarðarson, taki 700 króna lán, sem þó eigi verður veitt úr landssjóði, uppá prestakallið, til þess að byggja á prestssetrinu Víðihóli baðstofu, er verði 10 álnir á lengd og 7 álnir á breidd, gegn því að lánið endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 14 árum. Að öðru leyti er lán þetta hinum venjulegu skilyrðum bundið. Þetta er yður til vitundar-gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

48
14. maí

Reglugjörð

handa sóttvarnarnefndum.

Samkvæmt 5. gr. laga 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands er sett eptirfarandi reglugjörð handa sóttvarnarnefndum.

I. kafla.

Orðaskýringar og almenn ákvæði.

1. gr.

»Sóttvarnarlög« merkir í reglugjörð þessari lög nr. 34. 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Orðin »útlönd«, »skip«, »söttgæzluskirteini«, »erlendar sóttir«, »heilbrigðisvottorð«, »söttgæzlumadur«, »höfn«, »farangur«, »bannaður farangur« hafa þá merkingu, sem tilfærð er við hvert þeirra í 1. gr. sóttvarnarlaganna.

»Næmur sjúkdómur« hefir jafn víðtæka merkingu, sem í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

2. gr.

Sóttvarnarnefndir skulu sjá um að sóttvarnarlögnum sje hlýtt, og ber þeim sjerstaklega að ganga ríkt eptir því:

1, að hvert það skip, sem kemur frá útlöndum hingað til landsins og ætlar að hafa samband við land eða við landsbúa, hafi meðferðis sóttgæzluskirteini frá brottfararstað sínum, og ef hann er utanríkis, skal skirteinið staðfest af hium danska verzlunarfulltrúa þar á staðnum, en sje hann þar enginn, þá af yfirvaldi;

2, að ekkert aðkomuskip (sbr. 5. gr.) og ekkert fiskiskip frá öðru ríki (þó að það hafi heilbrigðisvottorð) hleypi ótilneytt mönnum eða farangri á land annarstaðar en á höfnum (sbr. 6. gr.);

3, að íslensk skip taki ekki utan hafna án brýnnar nauðsynar við farangri úr utanríkisskipum, hvorki innan landhelgi nje utan;

4, að enginn án brýnnar nauðsynar leyfi inn í hilyli sín eða eigi nokkur náin mök við menn, er farið hafa utan hafna á land úr fiskiskipum utanríkis;

5, að aðkomuskip hafi ekki á höfnum mök við land, eða landsmenn við aðkomuskip, fyr en skipið hefir fengið heilbrigðisvottorð (sbr. 6. og 11. gr.); 14. maí. 48

6, að þeir, er brjóta á móti framangreindum ákvæðum, sje sektaðir samkvæmt 27. gr. sóttvarnarlaganna.

3. gr.

Sóttvarnarnefndir skulu leggja alla stund á að varna því, að erlendar sóttir berist til landsins.

Að því er srertir aðra næma sjúkdóma, skulu þær sjerstaklega hafa nánar gætur á því, að infliúenza, kighósti, hettusótt, taugaveiki og barnaveiki berist ekki á land og breiðist út.

4. gr.

Í hvert sinn er aðkomuskip leitar hafnar, eða skip, sem ætla má að sje aðkomuskip, skal sóttvarnarnefnd hafa gula veifu á stöng niður við sjó, þar sem hún vill að skipstjóri leggi að landi (sbr. 6. gr.).

II. kafli.

Almenn ákvæði um aðkomuskip.

5. gr.

Aðkomuskip er sjerhvert fljótandi far, sem hjer kemur að landi, ef það 1, hefur síðast lagt út frá útlöndum;

2, hefur á leið tekið við mönnum eða farangri frá öðru skipi, er síðast hefur lagt út frá útlöndum;

3, hefur á leið tekið við mönnum eða farangri úr fiskiskipi frá öðru ríki (sbr. 2. gr. 2, og 3.).

Er skipið aðkomuskip þar til er það hefur fengið heilbrigðisvottorð á íslenzkri höfn.

6. gr.

Þegar aðkomuskip vill hleyppa mönnum eða farangri á land á höfn (sbr. 2. gr. 2,) og er eigi skylt að hafa uppi sóttvarnarveifu (13. gr.), þá skal skipstjóri einn manna ganga á land og fara beina leið til sóttgæzlumanns, sýna honum sóttgæzluskirteini skipsins, ef til er, og gjöra grein fyrir heilsufari manna á skipinu. Enginn annar maður má fara á land úr skipinu, ekki heldur hafn-sögumaður, og enginn út í skipið úr landi eða frá öðrum skipum og engan farangur má setja á land, fyr en skipstjóri hefur fengið heilbrigðisvottorð hjá sóttgæzlumanni.

7. gr.

Nú kemur skipstjóri af aðkomuskipi til sóttgæzlumanns til að fá heilbrigðisvottorð, og skal þá sóttgæzlumaður heimta sóttgæzluskirteini skipsins og því næst semja skýrslu um skipið samkvæmt 1. sýnishorni; skal hann leggja fyrir skipstjóra þær spurningar, er þar standa, eða svo margar af þeim, sem við á í hvert skipti, og rita svörin út undan spurningunum. Sóttgæzlumaður skal geyma þessar skipaskýrslur og sjá um að þær ekki glatist.

48

14. maí

8. gr.

Ef sóttgæzluskírteini skipsins er í lagi (sbr. 2. gr. 1.) og þess eigi getið í því, að á brottfararstað skipsins hafi gengið neinn næmur sjúkdómur, og bera svör skipstjóra með sér, að í skipinu eru eigi menn, er hafa eða hafa á leiðinni haft sjúkdóma, er grunur geti leikið á að sjeu næmir, að skipið hefur ekki á leiðinni tekið við mönnum eða farangri úr öðru skipi, sem á hafa verið menn sjúkir af næmum sjúkdómi, þá skal sóttgæzlumaður tafarlaust veita skipinu heilbrigðisvottorð (2. sýnishorn).

Ef skipið hefur ekkert sóttgæzluskírteini, eða það eitt, sem eigi er löglegt, skal sóttgæzlumaður engu að síður að jafnaði tafarlaust veita því heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri fúslega og hiklaust setur nafn sitt undir yfirlýsinguna á skipaskýrslunni (1. sýnishorn).

9. gr.

Ef svo ber til:

1, að þess er getið í sóttgæzluskírteini skipsins, að næmur sjúkdómur hafi verið á brottfararstaðnum;

2, að svör skipstjóra (sbr. 7. gr.) bera með sjer, að sjúkir menn eru eða hafa verið á leiðinni á skipinu eða lík, og er um næman sjúkdóm að ræða, eða grunur á um að svo sje, t. d. vegna þess að sjúkdómurinn er eða hefur verið innvortis og honum fylgt sótthiti;

3, að skipið hefur á leiðinni tekið við mönnum eða farangri úr öðru skipi og er víska fyrir eða grunur á um, að á því skipi hafi verið menn sjúkir af næmum sjúkdómi;

4, að skipið hefur á leiðinni tekið við mönnum eða farangri úr öðru skipi, sem enginn næmur sjúkdómur hefur verið í, en kemur frá stað, þar sem erlend sótt gengur (sbr. 13. gr.);

5, að grunur er á um að vottorð skipstjóra, það er ræðir um í 8. gr., sje eigi fulltryggilegt,

þá skal sóttgæzlumaður skipa skipstjóra að fara tafarlaust aptur út í skip sitt og gera honum jafnframt kunnugt, að hann fái ekki heilbrigðisvottorð fyrir en lækni hafi rannsakað skipið. Nú er um opið skip að ræða og skulu þá skipverjar skyldir að halda kyrru fyrir á staðnum og hafa engin mök við annað fólk þar til er lækni kemur, nema brýna nauðsyn beri til.

Sóttgæzlumaður skal tafarlaust senda boð eptir hjeraðslækni; skal lækni koma svo fljótt sem verða má og rannsaka skipið og skipshöfnina og segja fyrir um, ef þörf gerist, hvernar varúðar skuli gæta, til þess að næmur sjúkdómur berist ekki á land og breiðist út. Ef þörf gerist, má fresta að veita skipinu heilbrigðisvottorð þangað til ráðstafanir læknis hafa verið framkvæmdar. Sje ekkert sóttvarnarhús á staðnum og telji lækni tormerki á að sóttkvía sjúklinga af skipinu, má vísa því með sjúklingana til næsta kaupstaðar, þó því að eins, að þeim sje eigi hætta búin af þeim flutningi.

Það er skylda læknis að gera sjer jafnan far um að haga sóttvarnarráðstöfunum sínum svo, að þær valdi skipinu sem minnstra tafa.

10. gr.

48

Þegar skip strandar, skal sá, er ræður fyrir þjörguninni, sjá um að far- 14. maí
ið sje eptir fyrirmælum 6.—9. gr., að svo miklu leyti sem því verður við komið.

11. gr.

Herskip, sem hafa lækni, og gufuskip, sem fara reglulegar ferðir milli Íslands og annara landa eptir auglýstri áætlun, skulu njóta þeirrar tilslökunar á ákvæðum 6.—9. gr., sem landshöfðingi kann að veita þeim.

12. gr.

Ef rannsókn sóttgæzlumanns eða hjeraðslæknis leiðir í ljós að skipið á að hafa uppi sóttvarnarveifu (sbr. 13. gr.), þá skal sóttgæzlumaður skipa skipstjóra, að setja tafarlaust slíka veifu á skipið, og skal því næst fara með það eptir fyrirmælum næsta kafla hér á eptir.

III. kafli.

Um skip, sem eiga að hafa uppi sóttvarnarveifu.

13. gr.

Aðkomuskip á að hafa uppi sóttvarnarveifu (gula veifu eða hvíta á framsigliuhúni):

1, ef það kemur frá eða hefur á leið sinni haft viðskipti við stað, sem auglýsing er gefin út um af ráðherra Íslands eða landshöfðingja samkvæmt 10. gr. sóttvarnarlaganna, þess efnis, að einhver erlend sótt gangi á staðnum eða á stöðum þar í nánd;

2, ef það kemur frá eða hefur á leið sinni haft viðskipti við stað, sem getið er um í sóttgæzluskírteini skipsins að erlend sótt gangi á;

3, ef það hefur ekki sóttgæzluskírteini og kemur frá stað eða hefur á leið sinni haft viðskipti við stað, sem skipstjóri veit að einhver erlend sótt gengur á, önnur en mislingar eða skarlatssótt;

4, ef það hefur á leið sinni átt mök — önnur en viðtal, munnlegt eða með merkjum — við skip, sem á eru eða hafa verið sjúkir menn eða dauðir, og vissa er fyrir eða grunur á, að um erlenda sótt sje eða hafi verið að ræða;

5, ef á því eru eða hafa verið á brottfararstað þess eða á leiðinni sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sje eða hafi verið að ræða,

og skal þá skipið, er það kemur í landhelgi við Ísland, eða, ef það ætlar til íslenzkrar hafnar, undir eins og land er í sýn, draga gula sóttvarnarveifu upp á framsigliuhúni, og ef gul veifa er ekki til á skipinu, þá hvíta veifu, og skal veifan vera uppi þangað til skipið er komið aptur út fyrir landhelgi, eða hefur tekið íslenzka höfn og fengið þar heilbrigðisvottorð.

14. gr.

Ef svo er ástatt fyrir skipinu, sem sagt er í 13. gr. 1—4, er skipinu frjálst að taka hverja höfn sem vill.

Sje aptur á móti svo ástatt, sem sagt er í 13. gr. 5, má skipið ekki leita hafnar annarstaðar en í einhverjum kaupstað landsins, nema það sje til neytt.

48

14. maí.

Nú kemur skip á höfn og hefur uppi sóttvarnarveifu og skal þá sóttgæzlumaður tafarlaust fara út að skipinu, en ekki upp í skipið; skal hann hafa gula veifu á bát sínum.

Sóttgæzlumaður skal leggja fyrir skipstjóra spurningar skipaskýrslunnar (1. sýnishorn), allar eða svo margar sem við á í hvert skipti, og rita hjá sjer svör skipstjóra.

Því næst skal hann skýra skipstjóra frá því, að hann megi engin mök eiga við land eða við önnur skip, en verði fyrst og fremst að biða þess, að læknir rannsaki skipið.

Ef enginn læknir er á staðnum, skal sóttgæzlumaður gera skipstjóra það kunnugt og segja honum, hversu löng biðin muni verða, þar til er læknir geti komið, og láta hann vita hver höfn er næst, þar sem læknir er, og að honum sje frjálst að fara þangað, ef hann kjósi það heldur.

Sóttgæzlumaður skal í samráði við hafnsögumann vísa skipinu á örugt lægi, og má það ekki, ef gerlegt er, vera nær landi eða öðrum skipum, en nemi 100 föðmum.

Því næst skal sóttgæzlumaður tafarlaust gera boð eptir næsta lækni.

16. gr.

Nú er brýn nauðsyn að veita skipinu hjálp tafarlaust áður en læknir er kominn, og skal þá sóttgæzlumaður annast hjálpina, og skal hún, ef þess er kostur, veitt án þess, að nokkur maður fari á land úr skipinu eða úr landi út í skipið.

17. gr.

Ef um opið skip er að ræða skal sóttgæzlumaður, ef læknir er ekki á staðnum, að svo miklu leiti sem frekast er unt afkvía skipverja frá öðru fólki í sjerstöku húsi þar til er læknir kemur, og eru skipverjar skyldir að hlýða boðum hans.

18. gr.

Þá er læknir kemur skal hann nákvæmlega rannsaka skipið og alla þá sem á því eru, eða verið hafa (17. gr.).

Ef sóttvarnarlögin eru ekki til á skipinu skal læknir fá skipstjóra í hendur eitt eintak af þeim á móðurmáli hans, eða máli, sem hann skilur, ef þess er kostur.

A. *Um skip, sem engin erlend sótt hefir verið í á brottfararstað eða á leiðinni og engan bannaðan farangur hafa meðferðis.*

19. gr.

Ef læknir finnur engan mann á skipinu sjúkan eða dauðan af erlendri sótt og skipstjóri fúslega og hiklaust setur nafn sitt undir yfirlýsinguna á skipaskýrslunni (1. sýnishorn), og sje enginn bannaður farangur í skipinu, þá skal fara með skipið sem hjer segir, eptir því, um hverja erlenda sótt er að ræða:

1) *Pest, austurlenzk, kólera og gul hitasótt.* Ef liðnir eru frá því er skipið hafði síðast mök við sóttmengað bygðarlag eða skip 10 dagar, ef um pest

eða gula hitasótt er að ræða, en 5 dagar, ef um austurlenzka kóleru er að ræða, **48**
þá skal tafarlaust veita skipinu heilbrigðisvottorð. 14. maí

Nú er þessi frestur ekki útrunninn og skal þá sóttvarnarnefnd sóttkvía skipið þar til er sá tími er liðinn, sem á vantar. Að þeim tíma liðnum skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef enginn hefir sýkst á því meðan það var sóttkvíað.

2) *Bólusótt, blóðsótt, útbrotataugaveiki, mislingar og skarlatssótt.* Að öllum jafnaði skal tafarlaust veita skipinu heilbrigðisvottorð.

Nú telur læknir ástæðu til að ætla að einhver á skipinu sje smittaður af einhverri af hinum nefndu sóttum, og skal þá sóttvarnarnefnd sóttkvía skipið þar til er liðnir eru þeir frestir, er nú skal greina, frá því er það síðast hafði mök við sóttmengað bygðarlag eða skip:

Bólusótt	14 dagar	Mislingar	12 dagar
Blóðsótt	10 —	Skarlatssótt	8 —
Útbrotataugaveiki	12 —		

20. gr.

Ef einhver sýkist af erlendri sótt á skipi, sem sóttkvíað er samkvæmt 19. gr. eða eptirfarandi greinum, meðan skipið er í sóttkvíun, þá skal fara með það eptir fyrirmælum 25. gr.

B. *Um skip, sem engin erlend sótt hefir verið í á brottfararstað eða á leiðinni en hafa meðferðis bannaðan farangur.*

21. gr.

Ef læknir finnur engan mann á skipinu sjúkan eða dauðan af erlendri sótt og skipstjóri fúslega og hiklaust setur nafn sitt undir yfirlýsinguna á skipaskýrslunni (1. sýnishorn) en í skipinu er bannaður farangur, þá skal sóttvarnarnefnd láta sóttgreinsa hinn bannaða farangur, en lóga því af honum, sem ekki verður sóttgreinsað á skipinu; þá skal og sóttgreinsa skipið sjálft, ef læknir telur nauðsynlegt, og að svo miklu leiti, sem honum þykir þurfa:

Því næst skal að jafnaði fara með skipið eptir fyrirmælum 19. gr.

22. gr.

Nú telur læknir ástæðu til að ætla að sóttkveikja hafi borist í skipverja úr hinum bannaða farangri, og skal þá sóttvarnarnefnd sóttkvía skipið, þar til er liðnir eru þeir frestir, er nú skal greina, frá því er sóttgreinsun var lokið:

Pest	10 dagar	Blóðsótt	10 dagar
Austurlenzk kólera	5 —	Útbrotataugaveiki	12 —
Gul hitasótt	10 —	Mislingar	12 —
Bólusótt	14 —	Skarlatssótt	8 —

C. *Um skip, sem erlend sótt hefir verið í á brottfararstað eða á leiðinni*

23. gr.

Ef það kemur upp, að á skipinu hafa á brottfararstaðnum eða á leiðinni verið sjúkir menn eða dauðir, og er ástæða til að ætla, að um erlenda sótt hafi verið að ræða, þá skal ávalt sóttgreinsa skipið og lóga bönnuðum farangri, þeim er eigi hefir verið audið að sóttgreinsa á skipinu.

48 Þvínæst skal að jafnaði sóttkvía skipið þar til er liðnir eru þeir frestir 14. maí frá því er sóttþreinsun var lokið, sem til eru teknir í 22. gr.

24.

Nú hefir skipið á brottfararstað eða viðkomustað sætt þeirri meðferð, sem til er tekin í 23. gr. og hefur enginn sýkst á því á leiðinni, og skal þá fara með skipið eptir fyrirmælum 19. gr.

D. *Um skip, sem á eru sjúkir menn eða dauðir af erlendri sótt.*

25. gr.

Nú kemur það í ljós við læknisrannsókn, að annaðhvort eru á skipinu sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla að um erlenda sótt sje eða hafi verið að ræða, og skal þá sóttvarnarnefndin annast um það, um leið og hún að öðru leyti heldur skipinu alveg afkvíðu, 1. að sjúkir menn sjeu fluttir í sóttvarnarhús, og sje ekkert þess konar hús til á komustaðnum, skal skipinu vísað til einhvers kaupstaðanna, — 2. að lík sjeu flutt á land og jarðsett, — 3. að skipið sje sóttþreinsað eins og með þarf, — 4. að lógað sje bönnuðum farangri, sem ekki er unt að sóttþreinsa á skipinu, og 5. að allir ósjúkir skipverjar og farþegar sjeu einangradir, annaðhvort úti á skipinu, eða í sjerstöku húsi á landi, þar til er liðnir eru frá því er skipið var sóttþreinsað eða þeir fluttir á land þær tímalengdir, sem nefndar eru í 22. gr., eptir því um hverja sótt er að ræða.

E. *Um herskip.*

26. gr.

Ef skipið er herskip og læknir á því, þarf hjeradslæknir ekki að skoða skipið, ef skipslæknir lætur honum í tje skýrslu um heilsufar á skipinu, og skal fara með slíkt skip sem hjer segir:

1. Ef engin erlend sótt hefir gengið á skipinu á brottfararstað þess eða á leiðinni, þá skal tafarlaust veita því heilbrigðisvottorð.

2. Ef einhver erlend sótt hefur gengið á skipinu á brottfararstað þess eða á leiðinni, þá skal veita skipinu heilbrigðisvottorð þegar liðnar eru þær tímalengdir, sem til eru teknar í 22. gr., frá því er síðasti sjúklingur var alheill eða andaðist og sóttþreinsun skipsins var lokið.

3. Nú eru á skipinu sjúkir menn eða dauðir af erlendri sótt, og skal þá fara með skipið eptir meginreglum 25. gr.

27. gr.

Þær sóttvarnarreglur, sem herskipi eru settar samkvæmt 24. gr. og bygðar eru á skýrslu skipslæknis, skulu birtar foringja skipsins.

F. *Um skip, sem koma til að afla sjer nauðsynja eða fá skipun um ferð sína áfram.*

28. gr.

Lýsi skipstjóri yfir því, að hann sje kominn einungis til þess að afla sjer kola, eða vista, eða annara nauðsynja, eða fá skipan um ferð sína áfram, þá má hann heimta skipið undanþegið læknisrannsókn, ef hann gengst undir það

eptirlit, sem sóttvarnarnefnd telur þörf á að setja til tryggingar því, að erlend sótt berist ekki á land úr skipinu. 48
14. maí

Sóttvarnarnefnd skal jafnan hafa gát á því, að enginn maður og enginn farangur komi úr slíku skipi á land eða í önnur skip, og enginn maður úr landi eða af öðrum skipum komi upp í skipið.

G. *Um farþegaskip og óheilnæm skip.*

29. gr.

Þegar um skip er að ræða, sem ætluð eru til fólksflutninga, eða skip sem virðast vera afaróheilnæm vegna óprifnaðar eða af öðrum ástæðum, getur sóttvarnarnefnd ákveðið, að með þau skuli fara eptir ákvæðum 25. gr., þótt önnur skilyrði fyrir því sjeu ekki fyrir hendi.

H. *Um nauðstödd skip.*

30. gr.

Þegar skip á að leita hafnar í kaupstað samkvæmt 14. gr., en hefur neyðst til að leita hafnar annarsstaðar, skal sóttgæzlumaður á þeim stað tafarlaust kalla saman sóttvarnarnefndina; ef lögreglustjóri hefur ekki aðsetur þar á staðnum, skal sóttgæzlumaður einnig gjöra honum advart. Skal fara með skipið samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina, að svo miklu leyti, sem unt er, og svo fljótt sem verða má skal vísa skipinu til næsta kaupstaðar, og láta lækni fara á því, ef þörf gjörist.

I. *Um opin skip.*

31. gr.

Ef opið skip hefur á leið sinni átt mök — önnur en viðtal — við skip, sem á eru eða hafa verið sjúkir menn eða dauðir, og vissa er fyrir eða grunur á, að um erlenda sótt sje eða hafi verið að ræða, þá skal jafnan einangra skipverja í sjerstöku húsi á landi þar til er líðnar eru þær tímalengdir, sem til eru teknar í 22. gr., frá því er þeir síðast höfðu mök við hið sóttmengaða skip.

Ef einangrun í sjerstöku húsi verður með engu móti við komið, skal í þess stað komu dagleg læknisskoðun um jafnlangan tíma.

Að öðru leyti skal fara með skipið og skipshöfnina samkvæmt meginreglum 19.—25. gr.

K. *Um strönduð skip.*

32. gr.

Um strandað skip, bannaðan farangur á því og skipverja gjörir næsta sóttvarnarnefnd eða lögreglustjóri þær ráðstafanir, er með þarf, að svo miklu leyti, sem auðið er, samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina.

Reki skip á land eða bannaðan farangur, sem ætla má að sje frá stað, þar sem pest gengur, skal það látið kyrt liggja, eptir að því hefur verið bjargað undan sjó með mestu varkárni, þangað til lögreglustjóri hefur látið fram fara rannsókn og ákveðið, hvernig með það skuli fara. Ef telja verður hið bjargada sóttmengað, skulu björgunarmenn einangradir á hæfilegan hátt samkvæmt meginreglum undanfarinna greina.

IV. kafli.

Um vottorð, skýrslur o. fl.

33. gr.

Hvert það skip, sem afgreitt er hjer á landi, á heimtingu á að fá hjá sóttgæzlumanni skírteini um það, hvort nokkur erlend sótt eða annar tilgreindur næmur sjúkdómur gangi á brottfararstaðnum eða í grenndinni.

Í þessu skírteini skal ekki tilgreina aðra næma sjúkdóma en þá, sem vörn er sett við samkvæmt lögum 31. jan. 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Ef sóttgæzlumaður er í vafa um, hvort hann á að tilgreina í skírteininu nokkurn næman sjúkdóm, þá skal hann snúa sjer til hjeradslæknis.

Ef engin erlend sótt eða annar næmur sjúkdómur, sem vörn er sett við, gengur á staðnum eða í grenndinni, þá skal orða skírteinið eptir 3. sýnishorni.

Nú gengur einhver slíkur sjúkdómur á staðnum eða í grenndinni, og skal þá orða skírteinið eptir 4. sýnishorni.

34. gr.

Hver sá, er sóttkviáður hefur verið, á heimtingu á eptir afstaðna sóttkviun að fá vottorð um það, og skal orða slíkt vottorð eptir 5. sýnishorni.

Skipstjóri á heimtingu á sams konar vottorði fyrir skip sitt, þegar sóttkviun þess er löglega afstaðin, og skal orða það vottorð eptir 6. sýnishorni.

35. gr.

Ef sjúklingar með erlenda sótt eru fluttir á land af skipi, skal sóttvarnarnefnd svo fljótt sem verða má skýra landshöfðingja frá komu sjúklinganna og ráðstöfunum sínum gegn útbreiðslu sóttariinnar; skal senda hraðboða, ef brýna nauðsyn ber til.

36. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal sóttvarnarnefnd senda landshöfðingja skýrslu fyrir liðna árið um aðkomuskip og næma sjúkdóma á þeim. Skal semja þær skýrslur eptir 7. sýnishorni.

37. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1903.

Reykjavík 14. maí 1903.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

1. sýnishorn.

Skiptskýrsla nr. árið 19

48

14. maí

Nafn skipsins	{Gufuskip } Fór frá	d. mán. 19
Stærð skipsins	{Seglskip } Kom við í	d. mán. 19
Skipstjóri:	{Opíð skip } Hafði á leið mök við skipið	d. mán. 19
Utgerðarmaður:	Kom hingað til	d. mán. 19
Eigandi:	Fekk heilbrigðisvottorð	d. mán. 19
Lögmætt sóttgæzluskirteini?	Fór hjeðan	d. mán. 19
Vöruskrá?		

- I. *Hefir nokkur verið veikur á skipinu á brottfararstað þess eða á leiðinni?*
 a. Hve margir?
 b. Hvaða sjúkdómur?
 c. Innvortis sjúkdómur samfara sóttita?
- II. *Hefir nokkur dáid á skipinu á brottfararstað þess eða á leiðinni?*
 a. Hve margir?
 b. Af hvaða orsök?
- III. *Vitið þjer til þess, að pest, austurlenzk kólera, bólusótt, blóðsótt, útbrotataugaveiki, eða gul hitasótt gengi á brottfarararstað yðar eða viðkomustöðum?*
- IV. *Hafið þjer tekið við mönnum eða farangri úr nokkuru skipi á leiðinni?*
 a. Gekk nokkur af áðurgreindum sjúkdómum (III) eða mislingar, eða skarlatssótt, eða nokkur annar næmur sjúkdómur á því skipi?
 b. Hvað hjet skipið og hvaðan var það?
 c. Hvaða dag hittuð þjer það?

Yfirlýsing

Undirritaður skipstjóri á skipinu lýsi yfir því upp á æru mína og samvizku, að á skipinu eru eðki og hafa ekki verið, hvorki á brottfararstað þess eða á leiðinni neinir sjúkir menn, sem grunur geti leikið á um að hafi eða hafi haft næman sjúkdóm, eða lík manna, sem dánir sjeu úr slíkum sjúkdómi.

d. mán. 19

Skodaði læknir skipið?

Fann hann næman sjúkdóm á því — hvaða sjúkdóm?

Hve margir voru sjúkir?

Voru sjúklingarnir sóttkvíaðir?

Var skipið sóttthreinsað?

Athugasemdir:

48 2. sýnishorn.

14. maí

Heilbrigðisvottorð.

Sóttvarnarnefndin í
gerir kunnugt:

Samkvæmt lögum 6. nóv. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdóm-
ar berist til Íslands, er ekkert því til fyrirstöðu, að skipið skipstjóri
hleypi í þessari ferð sinni mönnum eða farangri í
land á íslenskum höfnum.

dag mán. 19

sóttgæzlumaður.

Veitt ókeypis.

3. sýnishorn.**Sóttgæzluskírteini.**

Sóttvarnarnefndin í
gerir kunnugt:

Skipið , skipstjóri sem kom
hingað frá og ætlar hjeðan til
er ferðbúið í dag dag mán. 19

Hjer á staðnum og í grenndinni gengur hvorki pest, austurlenzk kóléra,
bólusótt, blóðsótt, útbrotataugaveiki, gul hitasótt, nje nokkur önnur hættuleg farsótt.
dag mán. 19

sóttgæzlumaður.

Veitt ókeypis.

4. sýnishorn.**Sóttgæzluskírteini.**

Sóttvarnarnefndin í
gerir kunnugt:

Skipið , skipstjóri , sem kom
hingað frá og ætlar hjeðan til er
ferðbúið í dag dag mán. 19

Hjer hefur gengið
síðan dag mán. 19 Á síðustu 10 dögum hafa
sýkst og á sama tíma hafa dáið af þessum sjúkdómi.

Hjer á staðnum og í grendinni gengur engin önnur hættuleg farsótt.
dag. mán. 19

sóttgæzlumaður.

Veitt ókeypis.

5. sýnishorn.

Vottorð um afstaðna sóttkvíun48
14. maí

handa

Sóttvarnarnefndin í
gerir kunnugt:

frá dag sem kom hingað með skipinu
mán. 19 hefur verið hjer í sóttkví-
un í daga samkvæmt lögum 6. nóv. 1902 um varnir gegn því, að næmir
sjúkdómar berist til Íslands, vegna

Með því að sóttkvíun hans (hennar) er afstaðin, er honum (henni) frjálst
að fara hvert sem hann (hún) vill hjer á landi.

dag mán. 19

söttgæzlumaður.

Veitt ókeypís.

6. sýnishorn.

Vottorð um afstaðna sóttkvíun

handa

skipinu
skipstjóri

Sóttvarnarnefndin í

gerir kunnugt:

Skipið

skipstjóri

sem kom hingað frá

dag mán. 19, hefur verið hjer í sóttkvíun í daga sam-
kvæmt lögum 6. nóv. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til
Íslands, vegna

Með því að sóttkvíun skipsins er afstaðin, er ekkert því til fyrirstöðu
samkvæmt nefndum lögum, að það í þessari ferð sinni hleypi mönnum eða far-
angri í land á íslenskum höfnum.

dag mán. 19

söttgæzlumaður.

Veitt ókeypís.

Skýrsla um aðkomuskip á

höfn og næma sjúkdóma á þeim:

Aðkomu- skip.	I. Skip, er síðast hafa lagt út frá útlöndum.										II. Skip, er tekið hafa við- mönnum eða farangri úr skip- um, er síðast hafa lagt út frá útlöndum, eða úr fiski- skipum frá öðru ríki.			Athugasemdir.		
	frá Danmörku	frá Noregi	frá Englandi	frá Frakk- landi	Frá öðrum löndum	útlend skip	íslensk skip	Athugasemdir.								
	heil- brigð	sótt- meng.	heil- brigð	sótt- meng.	heil- brigð	sótt- meng.	heil- brigð			sótt- meng.						
Gufuskip Seglskip Opin skip																
	Heilbrigð skip Sóttmengið skip										Heilbrigð skip Sóttmengið skip					
	Samtals ..										Samtals					
Nafn sjúkdómsins	Tala sjúklinga	Heiti skipsins	Gufuskip Seglskip eða opið skip	I. Brottfararstaður skipsins í útlöndum	II. Nafn og brott- fararstaður þess skips, sem mók voru átt við	Komudagur	Voru sjúkl. sóttkviðir?	Var skipið sóthreinsað?	Breiddist sjúkd. út?	Athugasemdir.						

Samþykkt

49
20. apríl

um kynbætur hesta í Vesturbarðastrandarsýslu.

Sýslunefndin í Vesturbarðastrandarsýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta sbr. lög 20. desbr. 1901, um viðaukalög við nefnd lög 11. desbr. 1891, gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í nefndri sýslu:

1. gr.

Á hausthreppaskilum ár hvert, skal hreppstjóri í hverjum hreppi sýslunnar annast um, að kosin sje þrjú manna nefnd til að hafa nákvæmt eptirlit með kynbótum hrossa, samkvæmt reglum þeim, er hjer eru settar.

2. gr.

Kosningarrjett og kjörgengi til kynbótanefndar þessarar hefir hver hreppsþúi, sem eigi er öðrum háður sem hjú, og er hann skyldur að taka á móti kosningu 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu jafn langan tíma.

3. gr.

Nefndarmenn kjósa sjer formann, er stýrir gjörðum nefndarinnar, en allir skulu þeir svo sem unnt er, kynna sjer hestakyn innanhrepps og í nærliggjandi hreppum, og hafa nákvæmar gætur á meðferð hrossa í hreppnum.

4. gr.

Kynbótanefnd þessi heldur aðalfund sinn í aprílmánuði ár hvert. Formaður auglýsir hreppsþúum fundardag og fundarstað með nægum fyrirvara. Hver sá hreppsþúi, sem æskir þess, að gradhestur til undaneldis sje til nota í hreppnum á því vori, skal gefa kynbótanefndinni það til kynna fyrir fundinn, eða á fundinum. Æski 3 eða fleiri hreppsþúar þess, skal kynbótanefndin þá velja úr gradhestum þeim, sem vól er á innanhrepps, kynbótahest, einn eða fleiri, eptir því sem þörf er á. Áliti þeir engan gradhest innanhrepps hæfan til kynbóta, skulu þeir, ef unnt er, fá lánaðan gradhest utanhrepps. Svo skulu nefndarmeun og tiltaka, undan hverjum hryssum megi ala gradhesta til kynbóta.

5. gr.

Til kynbóta skulu valdir þeir gradhestar, sem eptir því, sem unnt er fullnægja eptirfylgjandi skilyrðum: Þeir sjeu ekki getnir af ofskyldum foreldrum — ekki móður og syni eða systkinum —, en sjeu af hraustu kyni og holdsömu, hafi hreinan gang, hvort sem er á skeiði eða brokki, sjeu skapmiklir og ófælnir, helzt einlitir, eigi glaseygðir eða hringeygðir, nje hafi álfabruna á nös-um, nje tannsjúkdóma, sjeu gervilegir á vöxt og stórir, hausfríðir, kjálkaþykkir, bogmekktir, þreknir um bóga, beinhryggjaðir og stutthryggjaðir, lendbrattir og lendbreiðir, vöðvaþykkir, kögglastuttir og kögglagildir, snögghærðir og þjett-hærðir, prúðir á fax og tagl, rjetthæfðir og dökkhæfðir, pungsíðir og kólfdigrir.

Hestamæður, sem kynbótahesta skal undan ala, skulu, eptir því, sem átt getur við, fullnægja sömu skilyrðum og sett eru um gradhesta, og auk þess hafa útskotna nára. Eigi skulu kynbótahryssur yngri vera en 5 vetra og ekki eldri en 15 vetra.

49 Kynbótahestana má nota til undaneldis úr því að þeir eru 3 vetra, og 20. apríl til þess þeir eru 5 eða 6 vetra.

6. gr.

Fola þá, sem eru undan kynbótahryssum, og sem kynbótanefnd hefir álitid hæfa til undaneldis, má eigi gelda fyrir en þeir eru þrevetrir, og þá eigi nema með vitund og vilja hlutadeigandi kynbótanefndar. En allir þeir folar, sem eigi eru ætlaðir til kynbóta, skulu geltir eigi síðar en fyrir lok einmánaðar, er þeir eru á annan vetur, ef það er unnt skapnaðar vegna. Kynbótanefndin ræður um meðferð þeirra fola, sem eigi er unnt að gelda innan þess tíma.

7. gr.

Eigendur gradhesta skulu skyldir til, eptir áskorun kynbótanefndar, að ljá þá til undaneldis, meðan þeir eru á þeim aldri, sem ákveðinn er í 5. gr. Kynbótanefndin ákveður eiganda kynbótahests hæfilegan toll fyrir hverja hryssu, er fær við hestinum, og skal tollur sá goldinn af eiganda hryssunnar. Auk þess er hreppsnefnd heimilt, eptir tillögum kynbótanefndar, að greiða úr sveitarsjóði allt að 20 kr. þóknun til kynbótahestseiganda, svo framarlega sem hann eptir framlögðum reikningum ekki hefur fengið kostnað sinn uppborinn af tollunum það ár. Eigandi eða geymandi kynbótahests ábyrgist, að hestur hans gjöri eigi óskunda á hrossum manna utan landamerkjá geymanda.

8. gr.

Hryssur, sem fyljast hafa, mega eigi mæta erfiðri brúkun næsta mánuð á eptir. Kynbótahesta má eigi hafa til reidar eða áburðar yngri en 4 vetra, og skal ávallt hlífa þeim við erfiði þann tíma, sem þeir eru notaðir til undaneldis.

9. gr.

Kynbótanefndin hefur eptirlit með því, að samþykkt þessari sje fylgt; skal hún bóka gjörðir sínar, og fyrir hver haust-hreppaskil semja skýrslu um þær, og senda hana, undirritaða af öllum nefndarmönnum, sýslunefndarmanni hreppsins, sem svo gjörir við hana athugasemdir þær, er honum þurfa þykir, og leggur hana fram á sýslufundi. Bók handa nefndinni borgist úr hlutadeigandi hreppssjóði.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, allt að 50 kr., sem renni að $\frac{2}{3}$ í sveitarsjóð þar, sem brotið er framið, en að $\frac{1}{3}$ til upppljóstrarmanns.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirrituðum amtmanni til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1903, og kunngjöríst öllum hlutadeigendum til eptirbreytni.

Vesturamtið, Reykjavík 20. apríl 1903.

J. Havsteen.

Reglugjörð

50
23. marz

fyrir Eyjafjarðarsýslu um lækningu hunda af bandormum o. fl.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skal byggja hæfilega marga hundalækningakofa, og skal tvisvar á ári í apríl og nóvember hreinsa alla hunda, 6 mánaða og eldri, af bandormum. Skulu hundarnir fyrst sveltir inni í kofunum 16 klukkutíma, og því næst gefið inn 5—8 grömm af Areka eða Kamaladupti; því næst líði minnst 8 klukkutímar þangað til hundunum er sleppt út. Verki meðalið ekki, skal endurtaka inngjöfina. Allan saur skal brenna, eða grafa vandlega í jörð niður.

2. gr.

Hreppsnefndin annast um, að nægilega margir lækningamenn sjeu kosnir í hverjum hreppi, og hafa þeir heimild til að heimta hundana á ákveðnum tíma, og framkvæma þeir svo lækninguna eptir fyrirmælum 1. gr., og getur enginn sem ekki er öðrum háður, skorazt undan kosningu í 3 ár í senn.

3. gr.

Allan kostnað sem af lækningum leiðir, svo sem byggingu kofanna og viðhaldi þeirra, meðalakaupum, og sömuleiðis þóknun til lækningamanna, allt að 35 aurum fyrir hvern hund, skal greiða úr sveitarsjóði. Hreppsnefnd sjer um að meðulin sjeu keypt í tæka tíð og afhent lækningamönnum.

4. gr.

Alla hunda skal auðkenna með leður- eða málmhálsbandi með merki á, er sýni glögg, hvert heimili hundsins er. Ómerktir hundar, sem ekki finnast eigendur að eptir 14 daga, skulu rjettðræpir.

5. gr.

Árlega skal senda sýslunefndinni ítarlegar skýrslur um lækningarnar og árangur þeirra eptir formi því er sýslunefndin býr til. Skýrslan sje útfyllt og undirskrifuð af lækningamönnum.

6. gr.

Á hverju hreppþingi skulu hreppstjórar og hreppsnefndir brýna fyrir mönnum að brenna alla sulli úr sauðfje og nautgripum, og varast að hundar nái í matarílát eða vatnsílát o. s. frv.

7. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varðar 2—10 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð. Mál, er rísa út af brotum á reglugjörð þessari, skulu rekin sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi felld reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu um lækningu hunda af bandormum o. fl. 26. marz 1897 og viðauki við hana 25. marz 1901.

Framanritaða reglugjörð hefir sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu samið og

50 samþykkt á aðalfundi sínum 10–14. þ. m. og birtist hún hjer með öllum hlut-
23. marz aðeigendum til eftirbreytni.

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, Akureyri 23. marz 1903.

Kl. Jónsson.

Sýnishorn.

Skýrsla

um hundalækningar í N. N. hreppi í apríl 190..

Heimili.	Eru margir hundar á heimilinu?	Var mörgum hundum gefið inn?	Á hve marga verkaði meðalið?	Komu bandormar úr mörgum þeirra?	Hvaða dag fór lækningin fram?	Er hundurinn merktur samkvæmt reglugjörðinni?	Athugasemdir.

Samþykkt

fyrir Húnavatnssýslu austan Blöndu um kynbætur hrossa.

51
17. apríl

1. gr.
Á hausthreppaskilum ár hvert skal hreppstjóri í hverjum hreppi sýslunnar annast um, að kosin sje 3 manna nefnd, er hafi nákvæmt eptirlit með kynbótum hesta, samkvæmt reglum þeim, sem hjer eru settar.

2. gr.
Kosningarrjett og kjörgengi til nefndar þessarar hefir hver sá maður í hreppnum, sem ekki er öðrum háður sem hjú, og er hann skyldur til að taka á móti kosningu 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu jafn-langan tíma.

3. gr.
Nefnd þessi skal eiga með sjer að minnsta kosti 2 fundi á ári, annan að vorinu, en binn að haustinu. Á haustfundi kjósa nefndarmenn sjer formann, er kallar saman fundi og stýrir gjörðum nefndarinnar. Nefndarmenn eiga heimting á að fá úr sjeitarsjóði endurgjald fyrir það, sem þeir verða að borga út vegna fundarhalda þessara, svo og fyrir ritföng.

4. gr.
Nefnd þessari skal heimilt að kveðja eigendur hrossa til þess, að koma með hryssur sínar og graðfola, er nefndin hefir óskað eptir, til sýnis á hentuga staði í hreppnum, og skal hún þá velja kynbótahryssur og fola svo marga, sem hún álitur þurfa í hreppnum.

5. gr.
Fyrir lok árs hvers sendir kynbótanefndin sýslunefndarmanninum í hreppi

sínum skýrslu um störf sín. Gjörir hann við hana athugasemdir, ef honum þykir 51 ástæða til, og sjer um, að skýrslan ásamt athugasemdunum komist á næsta fund 17. apríl sýslunefndarinnar.

6. gr.

Hestar til undaneldis skulu sem mest fullnægja eptirfylgjandi skilyrðum:

- a. Að þeir vanalega sjeu ekki getnir af of skyldum foreldrum, t. d. ekki móður og syni eða systkinum, og að þeir sjeu af holdsömu og hraustu kyni.
- b. Að þeir hafi hreinan gang, vakran eða klárgengan, og að sá gangur sé ættgengur, helzt í báðar ættir.
- c. Að þeir sjeu einlitir og af einlitri ætt, helzt í báðar ættir, ekki hvítir og alls ekki glaseygðir eða af glaseygðu kyni.
- d. Að þeir sjeu gjörfulegir á vöxt og stórir, hausríðir, kjálkabykkir, bogmekktir, þreknir um bóga og rifin vel bogadregin, beinhryggjaðir en stutt-hryggjaðir, lendbreiðir, vöðvabykkir, snöggghærðir og þjetthærðir, prúðir á fax og tagl, rjetthæfðir og hófarnir svartir eða öskulitaðir, pungsiðir og eistnasiðir.

7. gr.

Sóttvarnarhús þau, sem reist eru samkvæmt lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, skal taka til afnota þá er þörf gerist að sóttkvía sjúka menn af aðkomuskipum, sem sjúkir eru af einhverri erlendri sótt (sbr. 1. gr. nefndra laga), svo og ef einhver erlend sótt kemur á land í grennd við sóttvarnarhúsið.

Þá er aðrir næmir sjúkdómar gera vart við sig á aðkomuskipum eða á landi, má því að eins láta sjúklingana í sóttvarnarhús, að lækknir telji ógerlegt að stöðva sjúkdóminn með því að hafa sjúklingana á heimilum sínum eða í almennu sjúkrahúsi (sbr. lög 31. jan. 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, 6. gr.).

Sóttvarnarnefnd skal annast um, að sóttvarnarhús með öllum innanstokksmunum sje tafarlaust vandlega sótthreinsað í hvert sinn, þá er afnotum þess er lokið.

2. grein.

Sóttvarnarnefnd skal annast viðhald á sóttvarnarhúsi og sjá um, að til sje í húsinu allur sá útbúnaður, sem með þarf og ekki er unnt að útvega tafalaust þá er húsið er tekið til afnota.

Hverju sóttvarnarhúsi skal fylgja búshlutabók og skal í hana skrá alla lausa muni, sem húsinu fylgja. Í þessa bók skal færa alla þá muni, sem keypt-

ir eru til hússins; þar skal og telja þá muni, sem ónýttast eða glatast á ári hverju. **58**
 Sóttvarnarnefnd skal annast um að sóttvarnarhús og innanstokksmunir í því 19. júní sje tryggt gegn eldsvoða.

3. grein.

Sóttvarnarnefndir skulu semja við þjónustufólk um það að fara í sóttvarnarhúsið tafarlaust, ef það er tekið til afnota, til þess að stunda sjúklingana, annast matreiðslu, þvott og því um líkt.

Ef þess er kostur, skal gera þannig lagaðan samning við æfðar hjúkrunkonur eina eða fleiri eptir því sem þörf krefur.

4. grein.

Í janúarmánudi ár hvert skal sóttvarnarnefnd senda landshöfðingja höf uðreikning með fylgiskjölum yfir allan þann kostað, sem hlotizt hefir af viðhaldi og afnotum sóttvarnarhúss á liðna árinu.

Reikningur þessi skal vera sundurliður, sem hjer segir:

- 1) Vinnulaun.
- 2) Fæði.
- 3) Fatnaður handa sjúklingum.
- 4) Lyf og sáraumbúðir.
- 5) Eldsneyti.
- 6) Ljósmeti.
- 7) Viðhald á húsinu.
- 8) Húsbúnaður og áhöld.
- 9) Greptrunarkostnaður.
- 10) Skattur, afgangur, eldsvoðaábyrgð.
- 11) Ýmisleg útgjöld.

Reikningnum skal og fylgja skrá yfir sjúklinga, sem legið hafa í húsinu, og skal á þeirri skrá tilgreina nöfn, aldur, heimili, komudag og brottfarardag hvers sjúklings, svo og heiti sjúkdómsins.

*

*

*

Reglur þessar ganga í gildi 1. júlí 1903.

Reykjavík, 19. júní 1903.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

59 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkj-
28. okt. um og börnum þeirra í Hvammshreppi, er í sjó eða vötnum drukkna eða hrapa
til bana, útgefn á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland
22. maí 1903.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og börnum þeirra í Hvammshreppi, er í sjó
eða vötnum drukkna eða hrapa til bana.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frjálsum samskotum veturinn 1894, er voru að
upphæð um síðustu áramót, ásamt vöxtum frá því hann var stofnaður, 120
krónur 34 aurar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitlar ekkjur og börn drukknaðra
eða hrapaðra manna í Hvammshreppi.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, hreppstjóra Hvammshrepps og 2
hreppsþúum, er kosnir skulu á vorhreppaþingi ár hvert. Stjórnin veitir gjöfum
og öðrum tekjum sjóðsins viðtöku og hefur hún ábyrgð á að ekkert af eigum
hans glatist. Hún semur reikning sjóðsins við hver áramót og leggur hann
fram fyrir sýslunefnd Vesturskaptafellssýslu til úrskurðar.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða; hann skal ávaxtaður í Söfnunar-
sjóði Íslands og vextirnir lagðir við höfuðstólinn þar til þeir nema 100 krónum.
Uppfrá því má verja allt að $\frac{4}{5}$ hlutum vaxtanna samkvæmt fyrirmælum 2.
greinar, en $\frac{1}{5}$ hluti leggst við höfuðstólinn.

5. gr.

Þegar sá tími kemur að veitt verður úr sjóðnum, skal stjórn hans eiga
fund með sjer í malmánuði ár hvert, og ber þá þeim, er styrks æskja, að hafa
sent stjórninni beiðni sína um styrkinni fyrir lok aprilmánaðar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður styrkveitingar allar. Skal styrkur árlega veitt-
ur eptir efnunum og ástæðum þeirra, er hans eiga að njóta. — Minnst styrkveit-
ing skal vera 20 krónur.

7. gr.

Sýslunefnd Vesturskaptafellssýslu skal hafa eptirlit með að skipulagsskrá
sjóðsins sje eigi brotin.

8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar.

Vík 28. október 1902.

Halldór Jónsson. Gunnar Olafsson. Þorsteinn Jónsson.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar 1902.

		Tekjur:		Kr.	a.	Kr.	a.
I.	Sjóður frá f. ári						
a.	Í fasteignum			12490	00		
b.	- veðskuldabryfum			22146	85		
c.	- sparisjóði Norðuramtsins			959	69		
d.	- peningum			2644	46		
e.	Ógreiddir vextir frá 1901			27	00	38268	00
II.	Vextir:						
a.	Af leigufje sjóðsins frá $11\frac{1}{6}$ 1901 til $11\frac{1}{6}$ 1902			885	87		
b.	Frá ýmsum tímum			1	84		
c.	Ógreiddir vextir			27	00		
d.	Af innieign í sparisjóði			38	38	953	09
III.	Jarðarafgjöld:						
a.	Landskuldir í fardögum 1902 $1195\frac{1}{2}$ ál. á 49 aur.			585	80		
b.	Leigur á Mikaelmessu 1902 415 ál. á 49 aur.			203	35		
c.	Lóðargjald 1902—1903			5	00	794	15
IV.	Endurborguð lán					350	00
V.	Til jafnaðar við gjaldið IV.					638	38
VI.	— — — — VI.					600	00
				Samtals:		41603	62
		Gjöld:		Kr.	a.	Kr.	a.
I.	Hlutdeild Kristness í Stadarbygðarláni					32	00
II.	Umboðslaun $\frac{1}{6}$ af jarðarafgjöldum					132	36
III.	Til húsabóta					75	00
IV.	Lagt í sparisjód					638	38
V.	Til jafnaðar við tekjulið II. c.					27	00
VI.	Lánað mót fasteignarveði					600	00
VII.	Til jafnaðar við tekjulið IV.					350	00
VIII.	Sjóður við árslok:						
a.	Í fasteignum			12490	00		
b.	- veðskuldabryfum			22396	85		
c.	- sparisjóði Norðuramtsins			1598	07		
d.	- peningum			3263	96	39748	88
				Samtals:		41603	62

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 28. marz 1903.

Páll Briem.

Jónas Jónsson.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar til Svarfaðardals 1902.

	Tekjur:	Kr. a.	Kr. a.
I. Í fasteignum			2310 00
II. Afgjöld:			
a. Landskuldir 1902 201 ¹ / ₂ al. á 49 a.		98 74	
b. Leigur á Mikaelsmessu 85 al. á 49 a.		41 65	140 39
		Samtals:	2450 39
	Gjöld:		Kr. a.
I. Borgað til oddvita Svarfaðardalshrepps			116 90
II. ¹ / ₆ í umboðslaun			23 40
III. Eignir til næsta árs í fasteignum			2310 00
		Samtals:	2450 39

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 19. maí 1903.

Páll Briem.

Jónas Jónasson.

Embættaveitingar, skipun og lausn.

b. Veiting.

11. júní var Jóni prestaskólakandidat Þorvaldssyni veitt Staðarprestakall í Barðastrandarprófastsdæmi frá fardögum 1903 að telja.

Konsúll.

16. maí var Jóhann verzlunarstjóri Vigfússon á Akureyri viðurkenndur konsúll fyrir hið argentíska lýðveldi.

S a m þ y k k t

um

62
20. júní

notkun vatns til áveitu og viðhald á skurðum í Sandvíkur-, Eyrarbakka- og Stokkseyrar-hreppum.

Amtmaðurinn yfir Suður- og Vesturamtinu.

GJÖRIR KUNNUGT: Samkvæmt lögum 20. desbr. 1901, um samþykktir til varnar skemmdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar og skurði, er hjermeð staðfest eptirfylgjandi

S a m þ y k k t

um notkun vatns til áveitu og viðhald á skurðum í Sandvíkur-, Eyrarbakka- og Stokkseyrarhreppum, sem samin er af sýslunefndinni í Árnessýslu, og sem hjer-adsfundur hefur fallízt á, til þess að öðlast gildi 1. septbr. 1903.

1. gr.

Skurðir þeir, sem samþykkt þessi á sjerstaklega við, eru: Háeyrar-skurður, Hraunsskurður, Markaskurður, Hrísmýrarskurður ásamt Stekkakelduskurðinum, Smádalakelduskurður, Bjarkarteigsskurður, Varnarskurður, Hrakdæla-skurður og Balaskurður.

2. gr.

Hreppsnefndirnar í hreppum þeim, er samþykktin nær yfir, hafa umsjón með viðhaldi skurðanna og notkun vatnsins úr þeim, eptir því sem nánar verður kveðið á um í samþykkt þessari.

3. gr.

Á hverju sumri, laust fyrir sláttarbyrjun, skulu hreppsnefndirnar sjá um, að hiutaðeigendur skurðanna taki upp úr þeim allar stíflur, hver fyrir sínu landi á sinn eigin kostnað, svo og alla lausa hnausa, er fallið hafa ofan í þá. — Jafnframt er bannað að gjöra brýr eða hlada kampa undir þær, sem kunna að hindra greiða framrás vatnsins.

4. gr.

Skurðir þeir, sem taldir eru í 1. gr, svo og þeir, er síðar kunna að verða gjörðir, skulu 5. hvert ár teknir út af búfróðum manni, og skal Búnaðar-fjelagi Íslands gefinn kostur á, að útnefna manninn, en að öðrum kosti útvega hreppsnefndirnar hann sjálfar. Skoðunarmaðurinn segir fyrir um, hvort og hvernig skurðirnir skulu bættir. Breidd og dýpt þeirra má eigi minni vera, en þegar þeir voru upphaflega gjörðir, nema sjerstakar ástæður mæli með því eða gjöri það ónauðsynlegt.

15. dag ágúst mánaðar 1903.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja.

5. gr.

Kostnaðinum við skurðanna, svo og viðhald þeirra samkvæmt 4. gr., skulu hreppsnefndirnar jafna niður að hálfu leyti á þá, sem lönd eiga að skurðunum, en hinn helmingur kostnaðarins greiðist af sveitarsjóði.

6. gr.

Þegar þeir, er lönd eiga að skurðunum, vilja nota vatnið úr þeim til áveitu, þá hafa þeir, sem neðstir eru, rjett til, að stífla þá fyrst og svo hver af öðrum, sem ofar búa með þeim. Að öðru leyti ákveða hreppsnefndirnar í hverju einstöku tilfalli, hve lengi hver fyrir sig má halda vatninu, svo og hvenær byrja skuli að stífla.

7. gr.

Vanræki einhverjir að inna af hendi vinnu þá að viðhaldi skurðanna, sem hreppsnefndin fyrirskipar samkvæmt 3. gr., skal nefndin láta vinna verkið á kostnað hinna brotlegu. Endurgjald kostnaðarins má síðan taka lögtaki hjá hlutaðeigendum.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 5 til 50 kr., er renna í sýslusjóð.

9. gr.

Mál þau, er rísa út af brotum gegn samþykkt þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtið, Reykjavík 20. júní 1903.

J. Havsteen.

Heilbrigðissamþykkt

fyrir

Vestmannaeyjakauptún og sjóþorp.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir Vestmannaeyjar.

2. gr.

Sýslumaður er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður er hreppsnefnd kýs til þriggja ára, og annar er sýslunefnd tilnefnd af íbúum kaupsinsins eða sjóþorpsins til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa eða hinir tveir nefndarmenn, eða hjeraðslæknir óskar þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á

ári, í marzmánuði, í júnímánuði, í októbermánuði; hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gjörðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriptir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til amtmanns.

Hjeraðslæknir á heimtingu á að sitja á fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðunum, en ekki hefir hann atkvæðisrjett; formaður skal boða honum fundina í tæka tíð.

Ritfangakostnað og kostnað, er hlýzt af brjefaskriptum, skal greiða úr hreppssjóði eptir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum. Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er umræðir í þessari samþykkt, eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannaþæri eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, er samþykktin nær yfir, og er henni heimilt að skipta þessu starfi milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmaður, annar en formaður, krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umboði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt umboð frá formanni nefndarinnar. Heilbrigðisnefnd skal færa í eina bók allt það, er hún finnur aðfinnsluvert samkvæmt þessari samþykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eiga að gera til umbóta, ella til kynna sýslumanni, ef um brot er að ræða gegn samþykktinni.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir hreppsnefnd og fara fram á að fje sje veitt.

Nú hafnar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

II. Um fráráslu.

6. gr.

Eldhússkolp og þvottaskolp má ekki síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje að því, að jarðvegurinn undir húsunum saurgist; skal veita öllu skolpi burt frá húsum í opnum eða lokuðum ræsum svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, eða hella því í forir eða safngryfjur, sem sjeu lokaðar og vatnsheldar.

Öll skolpræsi, hvort heldur er á almannaþæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi flói út úr þeim og hvergi komi pollur eða vilpur; skal hreinsa þau svo opt að ekki leggi óðaun úr þeim.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsyn á því, að vatnsheldur botn sje gjörður í nokkurt ræsi, þá er henni heimilt að heimta slíka aðgerð.

25. júní

7. gr.

Ef ræsi er gjört fram með alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga fram með veginum, skyldir að gjöra skolpræsi hver frá sínu húsi úti göturæsið og skulu þau ræsi eigi lakari að gjörð en göturæsið. Skyldir skulu og eigendur fiskhúsa að gjöra skolpræsi meðfram salthúsum sínum og frá þeim, ef heilbrigðisnefnd álitur þess þurfi; þó hver einstakur ekki lengri ræsi en 4 faðma, og gildir hið sama um þessi ræsi og önnur ræsi.

III. Um vatnsból.

8. gr.

Öll opinber vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum; er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rennsli úr skolpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum, og má ekki láta í þau eða nærri þeim neins konar saurindi, sorp, slor eða hræ, og ekki þvo í þeim eða fast við þau, hvorki fatnað, nje fisk, nje ull, eða neitt það annað, er óhreinkar vatnið, eins fyrir því, þótt um straumvatn sje að ræða; bannað er og að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða nærri þeim.

9. gr.

Vatnsprær (brunnar) skulu svo gerðar, að botn og veggir sjeu steinlímdir. Hleðslan skal ná $\frac{1}{4}$ al. eða meira upp úr jörðunni, og útfrá brunnopinun skal steypa steinkraga, 1 al. á breidd að minnsta kosti og halla út frá brunnopinun. Yfir brunnopinun skal vera vatnsþjettur hlemmur, og má hala vatnið upp í fötu. Vatnsprær eða brunna má ekki gera nær haugum, forum eða salernum, en svo að millibilið sje 15 álnir.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilmæmt. Ef lækni-rannsókn leiðir í ljós að vatnið sje skaðnæmt og að eigi er unnt að gera við brunninn svo að vatnið verði óskaðnæmt, þá skal heilbrigðisnefnd skipa eiganda að leggja vatnsþróna eða brunninn niður.

IV. Um peningshús, hauga og forir.

11. gr.

Stórgripi eða sauðfje má ekki hafa í mannahúsum.

12. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús, eða gera for, eða haugstæði eða haughús, þá skal hann gjöra heilbrigðisnefnd advart áður en hann byrjar verkið og skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara á eptir:

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum; fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum.

For má ekki gera og ekki hafa haug nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en

nemi 10 álnum, og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Forarveggir skulu **63** jafnan ná $\frac{1}{4}$ alin eða meir upp úr jörðu og skal hafa yfir hverri for sterkan **25. júní.** hlera svo að öruggt sje um að menn eða skepnur geti ekki fallið í forina.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haughús og heimtað að forir skuli gera úr höggnu grjóti og steinlími, eða steinsteypu, svo að þær sjeu vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

13. gr.

Ef peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykkt, valda miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi grein- ar, en heimilt er þá eiganda að skjóta fyrirskipan nefndarinnar á 8 daga fresti undir úrskurð sýslumanns; sýslumaður skal leita álits hjeradslæknis og þvínæst kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem verða má.

V. Um salerni.

14. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni og skal það ekki vera nær dyrum, gluggum eða vindaugum á húsinu, en nemi 5 álnum og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Gólfíð í salerninu skal vera stein- steipt og hærra en jarðvegurinn í kring; hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan og skal hann ná fast upp að setunni.

Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innanhúss í sjerstöckum klefa, ef útigluggi á hjörum er á klefanum, gólfíð steinsteipt og tvö flát undir setunni, annað fyrir saur en hitt fyrir þvag.

Ef vatnsheld for er gjörð hjá húsinu, má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa salernið yfir forinni, þannig að saurindin fari beina leið í forina.

15. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein og saurilátin skal tæma óðar en þau fyllast.* Heilbrigðisnefnd skal segja til um hvar láta megi saurindi úr salernum.

16. gr.

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykkt, eða þau ein, sem illa eru gjörð og mikill óþrifnaður að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir gjöri ný salerni á þann hátt er segir í 14. gr.

VI. Um sorp og önnur óhreinindi.

17. gr.

Sorphaugar eða sorpgryfjur skulu ekki vera nær íbúðarhúsum en nemi 5 álnum og ekki nær vatnsbólum en nemi 15 álnum. Flytja skal burtu allt sorpið að minnsta kosti tvisvar á ári, vor og haust.

63 Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd heimtað að sorpi og 25. júní. ösku sje safnað í laus ílát úr málm og flutt burtu óðar en ílátin fyllast.

18. gr.

Skylt er að fleygja öllu slori í sjóinn svo að út taki, ef því ekki er safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir.

19. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast kringum hús manna, hvort sem það eru íbúðarhús eða önnur hús, svo að fylulopt eða daunillt rennsli fer út á alfaraveg eða inná eignir þeirra, er næstir búa, þá getur heilbrigðisnefnd skipað húsráðanda þeim, er óþrifnaðinum veldur, að flytja burtu óhreinindin tafarlaust, svo og þarabrugur uppbornar, sem eru nærri alfaravegi og íbúðarhúsum

VII. Um iðnað, sem óþrifnaður fylgir eða óhollusta.

20. gr.

Hver sá iðnaður, er óhollusta fylgir eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðsla, sútun o. s. frv., skal vera háður eptirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir, bæði utanhúss og innan.

VIII. Um bókunarstofur.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum bókunarstofum í kaupúninu (þorpínu) og skipa bakara að þvo gólf, lopt og veggi hvenær sem óhreint er.

Þeir menn mega ekki vinna að braudgerð, sem lungnatæringu hafa eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

Deig má ekki hnoda með fótunum.

Öll tóbaksnautn er bönnuð í bókunarstofu og enginn má sofa í stofunni.

IX. Um matvöru.

22. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem svikin er, eða skemmd, eða skaðleg fyrir heilsu manna.

Nefndinni skal vera frjálst með samþykki hreppsnefndar, að taka í búðum fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru, þeirri er hún telur líkur til, að svikin sje, eða skemmd, eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeradslæknis, eða annara manna, er vit hafa á, að einhver matvara er svikin eða skemmd og ekki nýtileg til mannelis, og skal þá lóga vörunni eða á einhvern hátt gera óskaðlega heilsu manna á kostnað þess, er vöruna hafði á boðstólum.

Ket af veikum skepnum eða sjálfdaudum má ekki selja til mannelis nema hjeradslæknir eða dýralæknir leyfi.

X. Um íbúðarhús.

63

25. júní

23. gr.

Öll þau hús, sem leigð eru til íbúðar, þar með taldar sjóbúðir, skulu vera svo gerð, að unnt sje að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum, að minnsta kosti einn í hverju herbergi, og trjególf í öllum íverustofum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda, að ræstað sje herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint, að nefndin álitur húsbúum hættu búna.

24. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gjört eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álitur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina.

Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma, svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda frjálst á 8 daga fresti að skjóta skipan nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits hjeradslæknis og því næst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

25. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndarinnar.

Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllurum, ef þeir eru mjög rakir, eða dimmir, eða þröngir.

Undir íbúðarhúsum, sem reist eru hjereptir, má ekki hafa kjallara svo gjörða, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

XI. Um skóla.

26. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar á ári; í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá, er tekur til kennslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd hvar hann ætlar að kenna.

27. gr.

Hver kennslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 80 rúmfet komi á hvert barn í minnsta lagi. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á degi hverjum en ekki sópa.

28. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður í skóla vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skal hún þegar tilkynna hjeradslækni nöfn og heimili þeirra, sem sjúkir eru.

Ef skólabarn eða kennari hefir berklasótt og læknir álitur að um mikla

63 sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað, að barnið eða 25. júní kennarinn komi í skólann, þar til er sóttnæmishættan, að dómi læknis, er um garð gengin.

Hold sveik börn mega ekki ganga í skóla og holdsveikir menn ekki fást við barnakennslu.

XII. Um næma sjúkdóma.

29. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjeradslækni við sóttvörnina.

Ef upp kemur alvarlegur næmur sjúkdómur á því svæði, er samþykktin nær yfir eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við hjeradslækni, að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli, en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIII. Um kirkjugarða.

30. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð, eða stækka gamlan garð, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað, að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni.

Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brékku, en nemi 100 álnum.

Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir.

Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sje ofan á kistu.

XIV. Um sektir o. fl.

31. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipan, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það allt að 200 kr. sekt.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn tii bráðabyrgðar úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lög-taki hjá þeim er sekur er.

32. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. septbr. 1903.

*

*

*

Samþykkt þessi, sem er orðin til á þann hátt, sem fyrirmælt er um í 1. gr. laga 13. septbr. 1901, um heilbrigðissamþykktir í kaupstöðum, kaupúnum og sjóþorpum á Íslandi, er hjer með staðfest af amtsráðinu í Suðuramtínu.

Amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík 25. júní 1903.

J. Havsteen.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Hjálmars 64 kaupmanns Jónssonar útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum 10. júní fyrir Ísland 10. júní 1903.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

styrktarsjóð Hjálmars kaupmanns Jónssonar.

1. gr.

Sjóður þessi, sem stofnaður er af Hjálvari kaupmanni Jónssyni með arfleislauskrá, dagsettri 14. september 1893, og viðaukum við hana, dagsettum 19. marz 1895 og 16. maí 1900, skal ávallt heita »Styrktarsjóður Hjálmars kaupmanns Jónssonar«.

2. gr.

Yfirumsjón sjóðsins er falin landshöfðingjanum yfir Íslandi; stjórnendur sjóðsins eru biskupinn yfir Íslandi og tveir menn aðrir, er landshöfðingi tilnefdir æfilangt, og sje jafnan annar þeirra lögfræðingur. Biskupinn er oddviti stjórnarnefndarinnar, og skal annar hinna tveggja vera skrifari stjórnarnefndarinnar. Stjórnendur fá enga þóknun fyrir starfa sinn.

3. gr.

Stofnfje sjóðsins var úthlutað á skiptafundi eptir hinn framliðna og nam í peningum 13457 kr. 60 a.; en samkvæmt viðauka við arfleislauskrá hins framliðna, dagsettum 16. maí 1900 eiga hinir árlegu vextir að leggjast við höfuðstólinn, þangað til hann nemur 15000—fimmtán þúsund—krónum.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal ávallt ávaxta hann samkvæmt því sem lög skipa fyrir um ávöxtun á ómyndugra fje. Verðbrjef sjóðsins geymir landshöfðingi og skulu þau bera nafn sjóðsins og áteiknun landshöfðingja um afhendingarbann.

4. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til styrktar verðugum og fátækum ekkjum og börnum íslenzkra fiskimanna, er á sjó drukkna. Við íslenzka fiskimenn skilur skipulagsskrá þessi fiskimenn þá, sem að minnsta kosti 3 síðustu ár æfi sinnar hafa haft fastan bústað á Íslandi.

Styrksupphæðunum skal úthlutað fyrir eitt ár í senn og greiðast þær 1. júlí ár það, er um er að ræða. Enginn getur orðið styrksins aðnjótandi, þiggi hann sveitarstyrk eða hafi þegið og eigi endurgoldið, og eigi má heldur veita barni, sem er fullra 15 ára, neinn styrk af sjóðnum.

Fyrir ekkju skal hin árlega styrktarupphæð nema 50 kr. eða 100 kr. eptir álitum stjórnarnefndarinnar, og skal í því tilliti tekið fram, að hina stærri styrksupphæðina skal að jafnaði eingöngu veita ekkjum, sem fyrir heilsubrest eða elli eigi geta unnið fyrir sjer eða sem hafa fyrir mörgum börnum að sjá.

Fyrir börn skal hin árlega styrksupphæð vera 30 kr. eða 60 kr. eptir

64 10. júní álitum stjórnarnefndarinnar, og skal í því tilliti tekið fram, að hina stærri styrksupphæð skal að jafnaði eingöngu veita börnum, sem bæði eru föður- og móðurlaus, eða föðurlausum börnum, er móðir þeirra fyrir heilsubrest eða elli eigi getur unnið fyrir sjer eða hefir fyrir mörgum börnum á ómaga aldri að sjá.

Ekkert er því til fyrirstöðu, að móðir og börn hennar, sem yngri eru en 15 ára, njóti samtímis styrksins. Og þótt barni, sem er fullra 15 ára, eigi verði veitt nein styrksupphæð, eru engin takmörk sett fyrir því í hve mörg ár samfleytt veita megi ekkju styrk af sjóðnum, ef stjórnarnefndin álitur hana þess maklega.

5. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu vera undirskrifadar af hlutaðeigandi ekkju eða fjárhaldsmanni hlutaðeigandi barns og, ef unnt er, skal hlutaðeigandi sóknarprestur votta á þær, að upplýsingar þær, er í þeim standa, sjeu sannleikanum samkvæmar. Þannig úr gærði gjörðar skulu þær lagðar fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd, og skal sýslumaður síðar senda þær stjórnarnefndinni ásamt umsókn sýslunefndar.

Sá sem fengið hefur styrk úr sjóðnum, verður á ári hverju, að endurnýja umsókn sína, ef hann vill, að styrkurinn verði veittur honum áfram, en gamlar umsóknir verða eigi teknar til greina við úthlutun styrksins, nema þær sjeu endurnýjaðar.

6. gr.

Prentuð eyðublöð undir umsóknir um styrkinn skulu ávallt vera til hjá hverjum sýslumanni, og sómuleiðis skal eitt eintak af skipulagsskrá þessari jafnan vera til sýnis hjá sýslumönnum. Kostnaðurinn við að gefa út og senda sýslumönnum umsóknareyðubiöðin og skipulagsskráreintökin greiðist af sjóðnum.

7. gr.

Vaxtaupphæð sú sem samkvæmt árlegum reikningsskilum kynni að hafa sparast á reikningsárinu, skal jafnan leggjast við höfuðstól sjóðsins og ávaxtast með honum.

8. gr.

Fyrir sjóðinn skal haldin bók; í hana skal rita skipulagsskrá þessa og væntanlega staðfestingu hennar, skrá yfir styrknjótendur og skýrslu um umræður þær er framfara sjóðnum viðvíkjandi.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins telst frá 1. september til 31. ágúst; reikning sjóðsins skal semja fyrir hvert reikningsár, og skal senda hann undirritaðan af stjórnarnefndinni til landshöfðingja í síðasta lagi 2 mánuðum eptir lok reikningsársins. Landshöfðingi skal því næst fyrir lok almanaksársins birta reikning sjóðsins með samþykktararitun í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík 27. marz 1903.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og börnum Seyðfirðinga þeirra er í sjó drukkna útgefin á venjulegan hátt að 26. júní mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland 26. júní 1903.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

styrktarsjóð handa ekkjum og börnum Seyðfirðinga þeirra, er í sjó drukkna,

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður handa ekkjum og börnum Seyðfirðinga þeirra, er í sjó drukkna.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með ágóða af fyrirlestri 3. dag febrúarmánaðar 1901.

3. gr.

Tekjur af sjóðnum eru:

1. Gjafir allra þeirra, er vilja rjetta sjóðnum hjálparhönd.
2. Ágóði af hverju því, er stjórn sjóðsins og aðrir kunna að safna, sjóðnum til hagnaðar.
3. Vextir af sjóðnum.

4. gr.

Aðaltilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar ekkjur og börn þeirra manna, er í sjó drukkna, til þess að hafa ofan af fyrir sjer án fátækra styrks.

5. gr.

Styrk úr sjóðnum veitir stjórn hans, og skal hún sem allra mest taka til lit til þeirra, er:

- a. Hafa styrkt sjóðinn með tillögum eða gjöfum sem lengst og sem mest.
- b. Hafa átt lögheimili við Seyðisfjörð að minnsta kosti 3 ár.
- c. Standa eigi í skuld fyrir þeginu sveitarstyrk.
- d. Hafa með hyggindum, ráðdeild og atorku stuðlað til þess, að fiskiveiðarnar yrðu sem hættuminnstar, en þó sem notadrygstar og arðmestar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, er kosnir sje til þriggja ára, og gildir kosning þeirra, er fyrst eru kosnir, til ársloka 1903. Sýslunefnd Norð-urmúlasýslu kys einn þeirra, bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar annan og hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hinn þriðja. Varamenn skal ætíð kjósa á sama hátt, jafnmarga stjórnendunum, og taka þeir við störfum í forföllum hinna.

7. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi alla framkvæmd, fjárheimtur, fjárveitingar

65 og reikningshald sjóðsins fyrir þann tíma, sem hún er kosin til. Hún velur sjer 26. júní sjálf formann og skiptir störfum milli sín eftir því, sem hún álitur hagkvæmast. Við hver áramót semur hún skýrslu yfir gjörðir sínar á árinu, og reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins fyrir sama tíma. Þessa skýrslu ásamt reikningum leggur stjórnin fyrir sýslunefnd Norðurmúlasýslu á aðalfundi hennar ár hvert. Þó skal bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps áður hafa átt kost á að rannsaka skýrsluna og reikninginn og gera athugasemdir við, en sýslunefndin hefir aðalumsjón með því, að sjóðnum sje stjórnað samkvæmt skipulagskránni og fullnadarúrskurðarvald um allar framkvæmdir og reikninga stjórnar hans.

8. gr.

Fje sjóðsins skal, svo fljótt sem verða má, komið á vöxtu í Söfnunarsjóði Íslands og skal standa þar um aldur og æfi sem föst innstæða, er aldrei má skerða. Vextina skal árlega leggja við innstæðuna þar til hún er orðin 1000 kr. Eptir að höfuðstóllinn nær 500 kr., má verja $\frac{3}{4}$ af hinum árlegu inntektum sjóðsins eptir því, sem stjórn hans þykir rjettast og hyggilegast, samkvæmt skipulagskrá þessari.

9. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins hefur náð 1000 kr., má verja $\frac{1}{2}$ ársvöxtunum og $\frac{9}{10}$ hlutum af öðrum árlegum tekjum hans til styrkveitinga. Eptir að sjóðurinn nær 5000 kr. upphæð, skal eigi skylt að auka hann nema um 5 kr. ár hvert. Þá skal og stjórn sjóðsins í samráði við sýslunefndina í Norðurmúlasýslu úr því hafa heimild til að styrkja og efla sundiþrótt við Seyðisfjörð og hverskonar bjargráð, að svo miklu leyti, sem hún álitur sjer fært.

10. gr.

Á skipulagskrá þessari skal stjórn sjóðsins þegar beiðast konunglegrar staðfestingar.

Seyðisfirði, 16. apríl 1901.

Jóh. Jóhannesson.

Jón Jónsson.

Marteinn Bjarnarson.

Embættaveiting, skipun og lausn.

b. Veiting.

28. júlí var Ísak Sigurðssyni af landshöfðingja veitt vitavarðarstaðan við Skagatárvitann frá 1. ágúst 1903.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 27. maí 1903 (A. nr. 5, bls. 42—43).

Konungsbrjef um setning alþingis, undirskrifað af konungi 22. maí 1903 (A. nr. 6, bls. 44—45).

Konungsbrjef um lenging alþingistímans, undirskrifað af konungi s. d. (A. nr. 7, bls. 46—47).

Boðskapur konungs til alþingis, undirskrifaður af konungi s. d. (A. nr. 8, bls. 48—49).

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 25. júlí 1903 (A. nr. 9, bls. 50—51).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur- 66
amtinu um hlunnindi handa sparisjóði Kinnunga. — Útaf beiðni, sem 27. júlí
 hingað hefir borizt beina leið frá forstöðunefnd sparisjóðs Kinnunga, vil jeg hjer með endurveita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. ágúst þ. á. að telja hlunnindi þau, er ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum, að trygging sú, er sparisjóðurinn nú veitir, eigi rýrni, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi sjóðsins í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðsins.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur- 67
amtinu um sveitfesti þurfalings. — Með brjefi, dagsettu 16. þ. m., hafið 28. júlí
 þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Breiðvíkurhreppi, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 7. september f. á., er kveður svo á um, að nefndur hreppur skuli svo sem framfærsluhreppur Dags Kristjanssonar, þá er hann andaðist, endurgjalda Reykjavíkurkaupstað 63 kr. 68 a.

23. dag septembermánaðar 1903.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja.

67 Útaf þessu skal yður, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frek 28. júlí ari birtingar, að með því að eigi hafa getað orðið færðar sönnur á, að Dagur heitinn hafi unnið sjer sveit nokkursstaðar, verður fæðingarhreppur hans Breiðuvíkurhreppur að teljast framfærsluhreppur hans á dánardægri. Því skal nefndur úrskurður yðar standa óhaggaður.

Úrskurður amtsins.

Bæjarfógetinn í Reykjavík hefir með brjefi, dags. 13. maí þ. á., lagt undir úrskurð minn ágreining um það, hvar Dagur nokkur Kristjánsson hafi átt sveit, þá er hann andaðist 4. júlí 1898 á sjúkrahúsinu hjer í bænum, þar sem hann hafði verið lagður inn gegn ábyrgð fátækranefndarinnar hjer, hvort heldur í fæðingarsveit sinni Breiðavíkurhreppi, eða einhverjum öðrum hreppi, en í því tilliti hefir verið spursmál um Rosmhvalanesshrepp í Gullbringu og Kjósarsýslu og Kolbeinsstaðahrepp í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og þessvegna um það, hvor hreppurinn ætti að endurgjalda Reykjavíkur kaupstað framlag hans með Degi Kristjánssyni, að upphæð 66 kr. 10 a., sem kr. 2.42, er reitur Dags Kristjánssonar seldust fyrir, aðeins hafa fengizt endurgoldnar uppi, svo ógreitt er kr. 63,68.

Eptir að hafa leitað og meðtekið frá prestinum í Stafholtsprestakalli nokkrar upplýsingar um dvöl Dags Kristjánssonar í Stafholtssókn, er svolátandi úrskurður lagður á þetta mál.

Eptir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja og sem fólgnar eru í vitnisburðum ýmsra manna og vottorðum úr ministerialbókum prestakalla, var Dagur Kristjánsson fæddur á Vætuökrum í Breiðuvíkurhreppi 31. ágúst 1847. Á árunum 1868 eða þar um, hefir hann fluzt 21 árs gamall með fósturfóeldrum sínum í Kolbeinsstaðahrepp, en farið þaðan aptur 1876 í Stafholtstungnahrepp. Þar á hann að hafa dvalið 2 eða 3, í mesta lagi 4 ár. Í fyrnefndu brjefi bæjarfógetans, dags. 31. maí þ. á., er svo skýrt frá, að hann sje skrifaður í manntali hjer í bænum 1886—87, en hvorki fyr nje síðar, og þá hafi hann talið sig sveitlægan í Breiðuvíkurhreppi. Eptir vottorðum úr ministerialbók Útskálaprestalls er Dagur Kristjánsson skrifaður innkominn frá Reykjavík 1889 og burtvikinn árið 1895 að Krossholti í Kolbeinsstaðahreppi og innkominn þaðan aftur 1896. Þannig fer fjarri því, að sannað sje, að Dagur Kristjánsson hafi unnið sjer sveit neinsstaðar utan fæðingarhrepps síns, heldur bendir það, sem framkomið er í málinu, til þess gagnstæða, og er því hjermeð úrskurðað, að Breiðuvíkurhreppur skuli, svo sem framfærslusveit hans, þá er hann andaðist, endurgjalda Reykjavíkurkaupstað kr. 63,68.

Þetta gefst yður hjer með þjenustusamlega til vitundar, velborni herra sýslumaður, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Breiðuvíkurhreppi, og skal jeg mælast til þess, að þjer annizt um, að hún greiði yður nefnda upphæð, sem jeg vænti, að þjer svo afgreiðið til bæjarfógetans í Reykjavík.

Byggingarsamþykkt.

fyrir

Reykjavík.

68
7. sept.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, þó getur landshöfðingi veitt undanþágu frá ákvæðum hennar fyrir hús og önnur mannvirki á verzlunarlóðinni, þegar byggingarnefnd og bæjarstjórn mælir með því. Utan verzlunarlóðarinnar getur byggingarnefndin veitt slíkar undanþágur.

2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgjörðar þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafizt breytinga á því, sem þegar er búið að gjöra.

Ennfremur tekur samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef því verður við komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

3. gr.

Yfirstjórn byggingarmála er í höndum bæjarstjórnar.

Byggingarnefndin veitir öll byggingaleyfi og hefir umsjón með að byggingarsamþykktinni sje fylgt.

Ef lóðareiganda þykir rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má hann skjóta úrskurðinum til landshöfðingja.

4. gr.

Í byggingarnefndinni eiga sæti: bæjarfógeti, slökkviliðsstjóri og fjórir menn aðrir, er bæjarstjórnin kýs, 2 þeirra úr sínum flokki.

Bæjarstjórnin skipar byggingarfulltrúa og setur honum erindisbrjef; skal launa hann úr bæjarsjóði. Hann skal hafa á hendi framkvæmd byggingarmála samkvæmt ákvæðum byggingarnefndar. Skylt er honum að sækja byggingarnefndarfundi, þótt hann eigi sje í nefndinni.

5. gr.

Hver sá, er vill reisa hús, breyta því eða gjöra önnur mannvirki á lóð sinni, skal senda byggingarnefndinni skriflega beiðni um það. Beiðninni skal fylgja tvíritaður uppdráttur af hinni fyrirhuguðu byggingu, er ljóslega megi sjá af fyrirkomulag hennar svo og af lóð þeirri, er byggja skal á, og skal mælikvarði uppdráttar af húsum eigi vera minni en nemi $\frac{1}{4}$ þumal. á alin. Skal að fengnu leyfi byggingarnefndar endursenda beiðanda annan uppdráttinn með árituðu samþykki hennar. Sje um nýtt hús að ræða eða gagngjörða breytingu á eldra húsi, skal því jafnframt lýst, hvernig ætlazt er til að haga afrennsli frá húsinu og vegi að því, ef það stendur eigi við götu.

Ekki má byrja á nýrri byggingu eða gjöra breytingu á eldri byggingu, fyr en fengið er til þess leyfi byggingarnefndar. Húseigandi skal tilkynna bygg-

68 ingarfulltrúa, hvenær byrjað er að leggja undirstöður húsa eða gjöra breytingar 7. sept. á þeim, svo og þegar húsið er reist.

Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það áður en tvö ár eru liðin.

6. gr.

Ekki má taka neitt hús til afnota fyr en fengið er vottorð frá byggingarnefnd um að það fullnægi kröfum byggingarsamþykktarinnar.

7. gr.

Nýjar götur skulu vera að minnsta kosti 20 álnir á breidd milli húsa. Þó mega stuttar götur (sund) vera mjórrí.

Til þess smám saman að breikka eldri götur, svo að þær verði að minnsta kosti 20 álnir, getur byggingarnefndin krafizt, að hvert það hús, sem reist er af nýju við slíkar götur, verði sett að minnsta kosti 10 álnir frá miðri hinni fyrirhuguðu götu, og eru allir, sem óbyggðar lóðir eiga að götunni, skyldir að láta af hendi svo mikla lóð að gatan nái tilætlaðri breidd, gegn borgun úr bæjarsjóði eptir óvilhallra manna mati.

Skerðist lóð við slíkt lóðarnám svo mikið, að hún verði ekki notuð til hússtæðis, má eigandi krefjast þess, að bæjarsjóður kaupi alla lóðina gegn borgun eptir óvilhallra manna mati.

8. gr.

Ekki skal mæla út hússtæði við götur, þar sem gangstjettir vantar, fyr en veganefnd hefur látið mæla götuna og ákveðið hæð og breidd gangstjettanna (sbr. 10, 11, 13 og 16. gr.).

Gangstjettir skulu að jafnaði vera $\frac{2}{5}$ af allri götubreidd (sbr. 7. gr.), eða $\frac{1}{5}$ hvor þeirra.

Undirstöðuhæð húss (sbr. 16. gr.), sem reist er inni á lóð (bakhús), skal miða við beina línu milli gangstjetta þeirra gatna, er næstar liggja húsinu á báðar hliðar eða við jarðarflöt, sem er hærri en þessi lína. Sama er og um veggghæð hússins (sbr. 13. gr.).

9. gr.

Hús við gatnamót skulu vera hornsneidd, og skal sniðið eigi vera minna en 3 álnir á breidd og mynda jafnstór horn við báðar húshliðar. Hornin má og gjöra ávöl, ef bungan á miðjunni nær ekki meira en 15 þuml. fram úr sniðfletinum.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar byggingarlag hússins mælir með því, eða önnur ástæða er til.

10. gr.

Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að gjöra framskot út úr framhlið húsa út yfir götuhliðarinn, þó því að eins, að framskotin sjeu að minnsta kosti $4\frac{1}{2}$ alin yfir gangstjett.

Undirstöðustallar, súlur og þvílík framskot til skrauts á húsum mega

ná allt að því 8 þuml. út fyrir götujúðarinn, enda sjeu að minnsta kosti $2\frac{1}{2}$ alin eptir óteppt af gangstjettinni.

68
7. sept.

Hurðir og gluggar á húsum og girðingum mega því að eins opnast út á gangstjett, að $2\frac{1}{2}$ alin að minnsta kosti sje eptir óteppt af stjettinni. Glugga má því að eins opna út á götu að $3\frac{1}{4}$ al. sje af gangstjett upp undir þá.

11. gr.

Inngöngurið og birtugrófir mega ná allt að 18 þuml. út yfir götujúðar, ef eigi er minna en $2\frac{1}{2}$ alin eptir óteppt af gangstjettinni. Ef stjettin er eigi svo breið, skal þó leyfilegt að hafa eitt þrep 10 þuml. breitt, og má það eigi vera hærra en 7 þuml. Nema skal hornin af neðsta þrepi í inngönguriði frá götu.

Þar sem gangrið liggja niður í kjallara af götu, skal vera handrið úr jární eða öðrum málmí beggja megin við þau.

Í kringum birtugrófir við götu skal setja handrið úr jární eða nægilega sterkar járngrindur yfir þær jafnhátt gangstjettinni. Handrið skulu eigi vera lægri en alin.

12. gr.

Á öll hús, sem framvegis eru reist í bænum, skal setja þakrennur með veggþípum svo löngum, að op þeirra sjeu í mesta lagi 6 þuml. fyrir ofan gangstjett eða götu. Þar sem gangstjett er, getur byggingarnefnd heimtað að gjörð sje steinrenna yfir þvera stjettina frá hverri veggþípu út í göturennuna.

Ef nauðsynlegt er vegna umferðar eða viðhalds á götu, getur byggingarnefnd heimtað að þakrennur með veggþípum sjeu settar á eldri hús.

13. gr.

Vegghæð húsa má ekki vera meiri en breidd götunnar og skal mæla hæðina á miðju húsi frá gangstjett að veggbrún. Ákvörðun þessi á þó ekki við hús, sem reist eru við torg eða við götu andspænis opnu svæði. Hæð húsa á gatnamótum skal miða við þá götu, sem lengri hliðin snýr að. Sjeu hliðarnar jafnlangar fram með tveimur götum, fer hæðin eptir breiðari götunni. Hæð bakhúss skal mæla á þeirri hlið, er snýr að framhúsinu (sbr. 8. gr.).

Ef húsið er reist inni á lóð, má miða húshæðina við götubreiddina að við lögðu hinu auða svæði framan við húsið.

Ekkert timburhús má þó vera vegghærra en 14 álnir og ekkert steinhús vegghærra en 25 álnir. Byggingarnefnd getur veitt sjerstakt leyfi til að byggja hærri turna, gaffla o. þ. h. til skrauts. Rishalli á þökum má hvergi vera meiri en nemi 45° .

14. gr.

Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbyggð lóð, er ekki sje minni en hússtæði. Nú skerðist lóð við götubreikkun og getur byggingarnefndin þá veitt ívilnun í þessu ákvæði. Þó má hússtæði vera allt að $\frac{3}{4}$ þeirra lóða, sem ekki hafa meiri breidd frá götu en 25 áln., og allt að $\frac{2}{3}$ þeirra lóða, sem liggja að tveim götum. Ekki má gjöra þak yfir óbyggða lóð, sem fylgja á hverju íbúðarhúsi.

Nú eru tvö hús reist á sömu lóð og skal þá bilið milli húsanna útundan

68 gluggum á íbúðarherbergjum, vinnustofum og eldhúsum vera að minnsta kosti 7. sept. 3 álnir + $\frac{1}{6}$ af samanlagðri hæð beggja húsaanna, en lárjett bil frá slíkum gluggum að næstu lóð, skal vera eigi minna en 3 álnir + $\frac{1}{4}$ af vegghæð hússins og aldrei minna en 5 álnir. Þó má byggingarnefnd, ef ástæða er til, leyfa að gjöra glugga á hússtafna út að mjórri bili en hjer er tiltekið, ef 5 álnir að minnsta kosti eru eptir auðar að næstu lóð. Sömu leiðis má byggingarnefnd leyfa að gjöra skúra og útihús, sem ekki fara fram úr 6 áln. á hæð, nær íbúðarhúsum en hjer er ákveðið.

Ekki má hækka gömul hús, ef hækkunin mundi bafa í för með sjer, að auð bil af lóðinni yrðu að tiltölu minni en hjer er krafizt.

Greiður gangur skal vera fyrir slökkvitól að þeim hluta lóðar hvers húss, sem liggur að húsabaki og ákveður byggingarnefndin í hvert skipti, hvernig inn-gangi á lóðina sje hagam.

15. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að óbyggð svæði sjeu girt með sæmi-legri girðingu þeim megin, sem að götu veit, en ekki má girðingin ná út yfir götuhadar, þótt lóðin nái lengra.

Gaddavir má hvergi nota til girðinga fram með götu, og þar sem gaddavir er nú á slíkum stöðum, skal nema hann burtu og setja aðra girðingu innan árs frá þeim degi, er samþykkt þessi öðlast gildi. Ekki má setja steingarða úr óhöggnu eða ósettu grjóti meðfram götu.

16. gr.

Grafa skal undirstöðu útveggja í öllum húsum og innveggja, sem bitar hvíla á, niður í fastan botn og að minnsta kosti $1\frac{1}{2}$ alin í jörð niður, þar sem föst klöpp er ekki ofar. Undirstöður íbúðarhúsa og allra þeirra húsa, sem tvílypt eru eða hærri, skal hlada úr grjóti og leggja steinana í kalk eða sement, eða steypa þær alla leið frá föstum botni eða púkki.

Púkk má ekki ná hærra upp en svo, að ein alin sje í jörðu af undirstöðum timburhúsa, en $1\frac{1}{2}$ alin af undirstöðum steinhúsa.

2—6 þuml. fyrir ofan jarðarflöt eða fyrirhugaða hæð hans skal leggja í undirstöður allra húsa lag af asfalti, tjörupappa, þakhellum í sementi, eða öðru efni, sem raki kemst ekki í gegnum.

Í timburhúsum sem kjallari er ekki undir, má leggja þetta lag ofan á undirstöðuna. Þar sem kjallari er gjörður skal einnig leggja slíkt lag 2—4 þuml. fyrir ofan kjallaragólf, og skulu þá útveggir asfalteraðir að utan milli laganna, eða með öðru móti varðir jarðraka.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, þegar um skúr er að ræða eða lítil útihús.

17. gr.

Útveggir, sem loptbitar hvíla á, skulu í steinhúsum vera að minnsta kosti 9 þuml. þykkir í efsta lopti, 3 þuml. þykkari í næsta lopti, og svo koll af kolli að kjallara meðtöldum.

Gaffveggir, sem engir bitar hvíla á, mega vera 9 þuml. þykkir í tveimur efstu loptunum og 12 þuml. þykkir þar fyrir neðan.

68
7 sept.

Undir gluggum má þykkt veggjanna vera 9 þuml., en 12 þuml. í kjallaranum, þótt veggir sju annarstaðar þykkari.

Enginn útveggur í jörðu má vera þynnri en 12 þuml.

Innveggir í steinhúsum, þeir er bitar hvíla á, skulu vera að minnsta kosti 6 þuml. þykkir í efsta lopti og síðan 9 þuml., en þó 12 þuml. neðst, ef veggurinn er hærri en 20 álnir.

Aðrir innveggir skulu vera að minnsta kosti 6 þuml. þykkir, ef þeir eru úr grásteini, en $4\frac{1}{2}$ þuml. úr múrsteini. Sama gildir og um alla veggir í útihúsum og skúrum, sem ekki eru hærri en $4\frac{1}{2}$ alin.

Ef járnbindingur er lagður í veggir úr steinsteypu upp og ofan og að endilöngu, getur byggingarnefnd leyft að gjöra slíka veggir þynnri en ákveðið er í þessari grein. Steypta veggir skal sljetta að utan með steinlími fyrir ofan jörð. Steinsteypa má ekki vera veikari en svo, að 1 hluti af sementi komi móti 5 hlutum af sandi og 10 af grjótmulningi.

Ekki má múra eða steypa húsveggir eða undirstöður, ef frost er 2^o eða meira.

18. gr.

Timbur sem notað er til húsbygginga, skal vera vandað og óskemmt.

Þegar lopthæð húsa er allt að 4 áln., skulu stafir á útveggjum í efra eða efsta lopti eigi vera grennri en 4×4 þuml. Sje hæðin meiri skulu þeir vera eigi grennri en 4×5 þuml., hornstafir 5×5 þuml. Á næsta lopti skulu stafir eigi vera grennri en 4×6 þuml. og svo 5×6 þuml., en hornstafir 6×6 .

Stafir skulu vera svo margir, að eigi sje minna en einn stafur að meðaltali í hverjum tveim áln. af lengd veggjarins, og hvergi má vera stærra bil milli stafa en $2\frac{1}{2}$ alin, nema byggingarnefndin veiti sjerstakt leyfi til.

Milli allra stafa skulu vera þverbönd eða piljur og í hverjum vegg eigi minna en 2 sniðbönd, er hafi eigi minni horn en 30^o við lóðrjetta línu.

Syllur og sniðbönd skulu vera jöfn stöfum að gildleik. Undirstokkar skulu ávallt vera tvöfaldir, neðri stökkurinn eigi grennri en 5×5 þuml., og efri stökkurinn jafnbreiður stöfunum og eigi þynnri en $2\frac{1}{2}$ þuml. Niðurundan stöfum skal felja trje á milli undirstokkanna.

Nota má við með öðrum gildleik, en hjer er tiltekið, ef samur er styrkleikinn.

Stafi í efra og neðra lopti skal festa saman með sterkum járnslökum og reknagla í sylluna. Milli slökla mega vera allt að 4 álnir.

Utan á grind íbúðarhúsa skal koma pil úr plægðum borðum, er sjeu að minnsta kosti þumlungspykk og skal negla þau vandlega í alla stafi, sniðbönd, þverbönd, undirstokka og syllur.

Utan á pilið skal koma pappi og síðan bárujárn. Undir bárujárnið skulu koma $\frac{1}{2}$ þuml. þykkir listar utan á pappann. Bárujárn á veggjum má ekki

68 vera þynnra en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, er 7. sept. vita út að torgum eða öðrum auðum svæðum.

Innan á grindina skal koma pappi og plægt þil eða annað jafngott lag.

Grind í innveggjum, sem bitar hvíla á, skal gjöra úr viðum eigi grenni en 4×4 þuml.; að öðru leyti gilda sömu reglur sem um útveggi, að því er snertir stafi, sniðbönd og þverbönd.

Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru milli íbúðarherbergja, vera lakari að gjörð en svo, að þil úr plægðum borðum sje hvoru megin og $1\frac{1}{4}$ þuml. þykkir renningar á milli.

Í útihúsum og skúrum, sem ekki eru hærri en $4\frac{1}{2}$ aln frá undirstöðu, má gjöra grindina úr 3×3 þuml. gildum trjám, eða 2×4 þuml. battingum.

19. gr.

Í útveggjum úr hvaða efni sem eru, má samanlögð breidd glugga og hurða ekki vera meiri en $\frac{2}{3}$ hlutar af allri lengd veggjarins og ekkert millibil milli glugga og hurða má í steinveggjum vera minna en 18 þuml. nema byggingarnefnd veiti sjerstakt leyfi til.

Gluggakarma og útidyra skal gjöra úr plönkum, er sjeu að minnsta kosti 2 þuml. á þykkt.

20. gr.

Við hús, sem reist er nær lóðarmörkum en 5 áln., skal gjöra eldvarnarvegg út að nágrannalóð. Sje hús á nágrannalóðinni nær lóðarmörkum en 5 áln. og án eldvarnarveggs, skal gjöra eldvarnarvegg við hið nýja hús, ef það er sett nær nágrannahúsinu en 10 álnir, nema eigandi nágrannahússins hafi áður skuldbundið sig til að gjöra eldvarnarvegg, þegar þess yrði krafizt, og skal hann þá gjöra slíkan vegg.

Við hús, sem nú stendur nær lóðarmörkum en 5 álnir eða nær nágrannahúsi en 10 álnir og er án eldvarnarveggs, skal gjöra slíkan vegg þegar höfuðviðgjörð fer fram á því.

Eigi má skipta húseign nema hver hluti fullnægi ákvæðum þessarar samþykktar um sjerstakar húseignir.

Eldvarnarveggi skal gjöra úr steini; skulu þeir ná 6 þuml. upp fyrir þak og vera að minnsta kosti 7—8 þuml. á þykkt. Á þeim mega ekki vera gluggar eða önnur op.

Eldvarnarveggur skal vera áfastur við húsið og má hann vera sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur við bæði húsin.

21. gr.

Trjebitar í gólfum og loptum íbúðarhúsa skulu ekki vera grenni en 5×6 þuml., þegar hafið er allt að 5 álnir. Við hverja aln, sem hafið vex þar fram yfir, skulu bitar vera $\frac{1}{2}$ þuml. breiðari og þumlungi hærri, unz hafið er orðið 10 áln. Sje hafið meira, ákveður byggingarnefnd, í hvert skipti, gildleik bitanna. Þar sem ekki er millilopt, mega bitar vera $\frac{1}{2}$ þuml. mjórri en hjer er ákveðið.

Bilið milli bita, talið frá miðju til miðju, má ekki vera meira en $1\frac{1}{2}$ alin að meðaltali og hvergi meira en $1\frac{2}{3}$ alin. Sjeu húsveggirnir gjörðir úr steini eða steypu, skal að minnsta kosti þriðji hver biti festur við veggina í báða enda, með sterkum járnakkerum. Biti sem liggur út við gaff úr steini eða steypu, skal og festur við hann með sama móti með 5 álna millibili. **68** 7. sept.

Nota má bita með öðrum gildleik en hjer er tiltekið, ef samur er styrkleikinn. Hæð bita má þó aldrei vera meiri en tvöföld breidd þeirra.

Í gólfum og loptum íbúðarherbergja skal vera milli bita millilopt úr borðum, þar ofaná 1 þuml. þykkt lag af deigulmó, móhellu, steypu eða öðru ekki lakara efni.

Trjególf skal vera úr plægðum borðum, er sjeu að minnsta kosti $1\frac{1}{4}$ þuml. á þykkt. Í loptum má ekki nota striga eða pappa neðan á bita í staðinn fyrir þiljur.

22. gr.

Sperrur og skambbitar mega ekki vera grennri en 4×4 þuml., þegar hafið er allt að 5 áln. Hafið skal mæla á lofthitunum þverbeint niður undan sperrunni. Við hverja $\frac{1}{2}$ alin, sem hafið vex, skulu þessir viðir vera $\frac{1}{2}$ þuml. gildari á hvern veg. Nota má víði með öðrum gildleik en hjer er tiltekið ef samur er styrkleikinn.

Bilið milli sperrna má ekki vera meira en 2 álnir, talið frá miðju til miðju en $1\frac{1}{2}$ alin, ef hella eða steinn er hafður í þakið.

Á sperrur skal leggja súð úr plægðum borðum og þar yfir bárujárn, ekki þynnra en 24 B. W. G. eða annað eldtryggt efni, sem brunamálanefnd tekur gilt.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, þegar um útihús er að ræða.

23. gr.

Íbúðarherbergi skulu eigi vera lægri undir lopt en 4 álnir, gólfhlötur þeirra eigi minna en 15 ferálnir og einn veggur, útveggur, með glugga á hjörum.

Kvist- og loftherbergi má hafa til íbúðar, þó að hæð þeirra undir lopt sje eigi meira en $3\frac{1}{2}$ alin; sje herbergið undir súð, skal meðalhæðin undir lopt eigi vera minni en $3\frac{1}{2}$ alin. Í öllum þesskonar herbergjum skal þiljað innan á sperrur og pappi hafður á milli, eins og skipað er fyrir um útveggi í 17. gr.

24. gr.

Þar sem ekki er kjallari, skal í íbúðarbhúsum vera minnst $\frac{3}{4}$ al. frá jörðu að gólfi og vindauga á undirstöðunni. Ef gróðrarmold er í hússtöðinu, skal setja efst lag af mól eða öðrum ofaniburði, eigi þynnra en 4 þuml.

Kjallara má eigi nota til íbúðar, nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til þess, enda sje þá kjallarin annaðhvort við götu eða óbyggt svæði, sem ekki er mjórna en 20 álnir.

Um skipun íbúðarherbergja í kjallara skal gæta þess, er hjer segir: —

1) Helmingur af teningsrúmi hvers herbergis skal vera ofanjarðar, nema sund

68 sje gjört fram með kjallaraveggnum, að minnsta kosti 18 þuml. breitt, og svo 7. sept. djúpt að það nái 1 fet niður fyrir kjallaragólfíð. — 2) Glugga skal setja þannig, að sá hluti af rúdufletinum, sem ofanjarðar er, sje eigi minni en nemi $\frac{1}{10}$ af góffleti herbergisins. — 3) Gólf skal gjöra af asfalti, sementi eða öðru þess konar efni, og má leggja trjególf þar á ofan. — 4) Gólfíð skal vera að minnsta kosti feti ofar en stórstraumsflóð, og skal þurka jarðveginn undir því með fráræslu, eptir því sem byggingarnefnd ákveður, svo að jarðvatnið nái aldrei upp að gólfinu. Veggina skal verja raka á þann hátt, sem til er tekið í 16. gr.

25. gr.

Í einlyptum húsum, þar sem hústæðið er minna en 300 ferálnir, skulu stigar vera eigi mjórri en 1 al. 9 þuml.

Í stærrri húsum einlyptum og í fleirlyptum húsum skulu vera 2 stigar og skal annar þeirra vera eigi mjórri en 1 al. 12 þuml., og hinn eigi mjórri en 1 al. 3 þuml. Úr hverri íbúð skal vera frjáls gangur að báðum stigum.

Ef stigarnir eru hafðir hvor við hliðina á öðrum, skal vera heill veggur á milli þeirra, gjörður sem innveggur, er bitar hvíla á (sbr. 17. og 18. gr.).

Á öllum stigum skulu vera handrið, 1 al. 6 þuml. á þæð, og skal stigunum hagað svo, að nægileg birta og lopt geti komizt að þeim.

Stigar úr trje skulu reyrlagðir að baki og kalkað yfir.

Bæði stigar og inngöngurið skulu svo gjörð, að ein þrepsbreidd (mæld á miðju þrepi) og tvö stig (hæðin af þrepi á þrep) sje samtals 23—25 þuml. Þó má þrepið aldrei vera mjórra en 8 þuml. í inngönguridum og framstigum og ekki mjórra en 7 þuml. í bakstigum. Stigagöt skulu jafnan vera svo við, að fullorðinn maður geti gengið upprjettur upp stigann.

26. gr.

Gjöra skal hæfilega stór salerni við öll íbúðarhús eða í þeim, og má ekki setja þau annarsstaðar en byggingarnefnd samþykkir. Bæði salerni og peningshús skulu fullnægja ákvæðum heilbrigðissamþykkjarinnar.

27. gr.

Að því er snertir reykháfa, ofna og arin, sem eptirleidis verða upp settir, skulu þær reglur gildar, er hjer segir. — Reykháfar skulu vera hlaðnir upp rammbyggilega úr tígulsteini, eða grjóti og kalki og vera hvarvetna að minnsta kosti á þykkt við hálfan tígulstein. Þar sem reykháfurinn gengur gegnum bitana og bord, sem lögð eru undir bita, skal að minnsta kosti vera $8\frac{1}{2}$ þuml. milli þeirrar hliðar hans, sem inn veit, og alls víðarins, og má heldur ekki þilja reykháfinn eða klæða hann bordum, eða láta utan um hann veggfóður, sem límt er utan á lista. Reykháfurinn skal hlaðinn annaðhvort frá grundvelli, eða liggja á hvolfi milli tveggja steinveggja og má ekki með neinu móti liggja á bitunum. Ekki má reykháfur hallast meira en svo, að 15° horn sje milli hans og lóðrjettrar línu, nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar.

Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópgöt jafnvið reykháfunum og traust járnhurð fyrir í járnungjörð.

Reykháfar skulu vera ferstrendir eða sivalir, og að minnsta kosti 9 þml. að þvermáli að innan; þeir skulu ná $1\frac{1}{4}$ al. upp yfir mæni hússins; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef reykháfurinn gengur upp úr hlið á þaki. 68
7 sept.

Ef svo mikill reykur á að fara um reykháfinn að þess má vænta að á-liti byggingarnefndar, að þar af muni stafa óþægindi þeim til handa, er næstir búa, þá skal gjöra reykháfinn svo háan, að hann nái 20 álnir yfir jörð eða meir.

Inn í 9 þuml. víðan reykháf, má ekki setja reykþípur frá fleiri eldstæð-um en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfnum utan um hverja þípu, þannig gjörðan að þípan geti ekki ýzt inn í reykháfinn.

Nú vill maður gjöra reykháf fyrir fleiri eldstæði en 8 og skal þá reykháfurinn vera að minnsta kosti 18 þuml. víður, svo að sótari geti farið upp um hann til hreinsunar.

Ofna og arin má ekki setja nær timbrinu en að 8 þuml. sjeu á milli; skulu þeir standa á undirstöðu, sem hlaðin sje eingöngu úr kalkbrenndum steini eða jární; sje neðst í ofninum grind og því öskudraghvolf í undirstöðunni og sje ofninn settur á járnundirstöðu, sem er hol innan, skal rjett undir öskudraghvolfið og að minnsta kosti 2 þuml. frá setja járnþynnu á gólfíð, sem fellur að öllu leyti að undirstöðunni innanverðri.

Af gólfum fyrir framan eldstóna skal að minnsta kosti 12 þuml. rúm vera þakið einhverju efni, sem ekki sje eldfimt, og að minnsta kosti 6 þuml. rúm til hliðanna og fyrir aptan eldstóna. Þípur úr ofnum og kamínum skulu ganga inn í steinhlaðna reykháfa, og má ekki vera skemmra milli ofnþípnanna og loptsins eða víðarins en 8 þuml. Lokaðar eldstór, sem elda má í (komfúr), má setja á bita, þegar lagt er undir tvöfalt lag af tígulsteinum, sem lagðir eru á flathliðina þannig, að samfestingarnar á neðri steinunum sjeu þaktar af efri steinunum, og járnungjörð sett í kring eða annað, sem sje jafn öruggt. Að öðru leyti gildir hið sama um þær og um ofna og arin. Brunamálanefndin getur veitt tilslökun í því, sem fyrir er mælt í þessari grein, þegar hún kemst að raun um, að gjörð sje einhver önnur ráðstöfun, sem hamlar eldsvoða.

28. gr.

Í kirkjum, leikhúsum og öðrum almennum samkomuhúsum skulu vera að minnsta kosti tveggja álna breiðar útgöngudyr, er opnast út. Öll slík hús, svo og sölubúðir, vörugeymslúhús, verksmíðjur og samkynja atvinnuhýsi skulu vera háð þeim sjerstöku reglum, er byggingarnefndin setur í hvert skipti.

29. gr.

Önnur byggingarefni en nefnd eru í þessari samþykkt þarf sjerstakt leyfi byggingarnefndar til að nota, og skal það leyfi að jafnaði veitt, ef hús úr þeim efnum, teljast jafntraust og úr efnum, sem gjört er ráð fyrir í þessari samþykkt. — Torfbæi og torfhús má ekki byggja.

Sjerstakt leyfi byggingarnefndar þarf og til að setja miðstöðvarhitun í

68 hús, og þegar slíkt leyfi er gefið, skal hlutaðeigandi í öllu fara eptir þeim regl-
7. sept. um, er byggingarnefndin setur.

30. gr.

Leyfi til að stækka hús eða gjöra íbúð í útihúsi má því að eins veita, að húsið fullnægi kröfum þessarar samþykktar.

31. gr.

Byggingarnefndin, einstakir nefndarmenn og byggingarfulltrúinn skulu jafnan eiga frjálsan aðgang að öllum húsum, sem eru í smíðum.

32. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10 til 50 krónum, og skal sekta bæði hlutaðeiganda smíð og eiganda. Þess utan skal eigandi á sinn kostnað tafarlaust rífa niður það, sem kemur í bága við ákvæði samþykktarinnar. Ella skal það gjört á hans kostnað.

Sje um brot á 5. grein að ræða, eða verk hafið, sem til þarf sjerstakt leyfi byggingarnefndar, án þess leyfið sje fengið, skal lögreglustjóri, undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkum sje haldið áfram, unz fengið er leyfi byggingarnefndarinnar.

33. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.

* *

* *

* *

Samþykkt þessi, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt er á fundi hennar 27 f. m., er hjermeð staðfest samkvæmt 5. gr. laga 13. septbr. 1901 um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Reykjavík, 7. september 1903.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Heilbrigðissamþykkt.

69
25. júlí

fyrir

Stykkishólmskaupþún í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir Stykkishólm, talið norðan frá sjó og suður að Nestúni.

2. gr.

Sýslumaður er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára, og annar, er sýslu- nefnd tilnefnir af íbúum kaupþúnsins til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa eða hinir tveir nefndarmenn, eða hjeradslæknir óskar þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári, í marzmánuði, í júnímánuði, í októbermánuði. Hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gjördir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriptir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til amt- manns.

Hjeradslæknir á heimtingu á að sitja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en ekki hefir hann atkvæðisrjett; formaður boðar honum fundina í tæka tíð.

Ritfangakostnað og kostnað, er hlýzt af brjefaskriptum, skal greiða úr hreppsjóði eptir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er um- ræðir í þessari samþykkt, eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almanua færi eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, er sam- þykktin nær yfir, og er henni heimilt að skipta þessu starfi milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmaður, annar en formaður, krefst inngöngu í hús manna til skodunar í umbodi nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt um- boð frá formanni nefndarinnar.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók allt það, er hún finnur aðfinnslu- vert samkvæmt þessari samþykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gjöra til umbóta, ella tilkynna sýslumanni, ef um brot er að ræða gegn samþykktinni.

25. júlí

5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir hreppsnefnd og fara fram á að fje sje veitt.

Nú hafnar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar, er leggur endilegan úrskurð á málið.

II. Um fráræslu.

6. gr.

Eldhússkolp og þvottaskolp má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á því, að jarðvegurinn undir húsunum saurgist, heldur skal veita öllu skolpi burt frá húsum í opnum eða lokuðum ræsum svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

Öll skolpræsi, hvort heldur eru á almanna færi eða einstakra manna eign, skulu vera svo við og hallajöfn, að hvergi flói út úr þeim og hvergi komi pollar eða vilpur, enda skal hreinsa þau svo opt, að ekki leggi ódaun úr þeim.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsyn á því, að vatnsheldur botn sje gjörður í nokkurt ræsi, þá er henni heimilt að heimta slíka aðgerð.

7. gr.

Ef ræsi er gjört fram með alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga fram með veginum, skyldir að gjöra skolpræsi hver frá sínu húsi úti göturæsið og skulu þau ræsi ekki lakari að gjörð en göturæsið.

III. Um vatnsból.

8. gr.

Öll vatnsból skal verja hvers konar óhreinindum. Það er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rennsli úr skolpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum, og má ekki láta í þau eða nærri þeim neins konar saurindi, sorp, slor, eða hræ og ekki þvo í þeim eða fast við þau hvorki fatnað, nje fisk, nje ull, eða neitt það annað, er óhreinkar vatnið, eins fyrir því, þótt um straumvatn sje að ræða; bannað er og að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða nærri þeim.

9. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum, en svo að milli-bilið sje 15 álnir.

Nú vill einhver gjöra nýjan brunn eða breyta gömlum brunni og skal hann tilkynna það heilbrigðisnefndinni, enda segi nefndin fyrir um, hvernig brunninum skuli vera háttað, og er hlutaðeigandi þá skyldur að fara eptir tilsögn nefndarinnar.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún áltur vatnið óheilnæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós að vatnið sje

skaðvænt og ekki er unnt að gera við brunninn svo að vatnið verði ósáknæmt, **69**
 þá skal heilbrigðisnefnd skipa eiganda að moka ofan í brunninn og fylla hann **25. júlí**
 svo, að engu vatni verði úr honum náð.

IV. Um peningshús, hauga og forir.

11. gr.

Stórgripi eða sauðfje má ekki hafa í mannahúsum.

12. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús, eða gera for, eða haugstæði eða haughús, þá skal hann gjöra heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið og skal hún gæta þess, að haldin sju fyrirmæli þau, er hjer fara á eptir:

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álum; fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álum.

For má ekki gera og ekki hafa haug nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álum og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álum. Forarveggir skulu jafnan ná $\frac{1}{4}$ alin eða meir uppúr jörðu og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera svo að öruggt sje um að menn eða skepnur geti ekki fallið í forina.

Þar sem hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haughús og heimtað að forir skuli gjöra úr höggnu grjóti og steinlími, eða steinsteypu, svo að þær sjeu vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

13. gr.

Ef peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykkt, valda miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi grein-
 ar, en heimilt er þá eiganda að skjóta fyrirskipan nefnarinnar á 8 daga fresti undir úrskurð sýslumanns; sýslumaður skal leita álits hjeraðslæknis og þvínæst kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem verða má.

V. Um salerni.

14. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni og skal það ekki vera nær dyrum, gluggum eða vindaugum á húsinu, en nemi 5 álum og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álum. Gólfíð í salerninu skal vera steinsteypt og hærra en jarðvegurinn í kring; hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan og skal hann ná fast upp að setunni.

Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innanhúss í sjerstökum klefa, ef útigluggi á hjörum er á klefanum, gólfíð steinsteypt og tvö ilát undir setunni, annað fyrir saur en hitt fyrir þvag.

Ef vatnsheld for er gjörð njá húsinu, má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa salernið yfir forinni, þannig að saurindin fari beina leið í forina.

15. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein og saurilátiu skal

69 tæma óðar en þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja til um hvar láta megi 25. júlí saurindi úr salernum.

16. gr.

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykkt, eða þau ein, sem illa eru gjörð og mikill óþrifnaður að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir gjöri ný salerni á þann hátt, er segir í 14. gr.

VI. Um sorp og önnur óhreinindi.

17. gr.

Sorphaugar eða sorpgryfjur skulu ekki vera nær íbúðarhúsum en nemi 5 álnum og ekki nær vatnsbólum en nemi 15 álnum enda ekki á eða við almannafæri. Flytja skal allt sorp burtu að minnsta kosti tvisvar á ári, vor og haust.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd heimtað að sorpi og ösku sje safnað í laus ílát úr málmí og flutt burtu óðar en ílátin fyllast.

18. gr.

Það er skylda sjómanna að fleygja öllu slori í sjóinn svo að út taki, ef því ekki er safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir. Formenn eða skipstjórar bera ábyrgð á því, að þessu ákvæði sje hlýtt.

19. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast kring um hús manna svo að fýlu-lopt eða daunillt rennsli fer út á alfaraveg eða inná eignir þeirra, er næstir búa, þá getur heilbrigðisnefnd skipað húsráðanda þeim, er óþrifnaðinum veldur, að flytja burtu óhreinindin tafarlaust.

20. gr.

Hesta má ekki láta standa lengur á götum en meðan verið er að taka ofan af þeim og binda upp á þá. Kýr sjeu reknar í hagann, jafnskjótt og þeim sleppt út, og teknar inn, undir eins og þær koma úr haga á kveldin.

VII. Um iðnað, sem óþrifnaður fylgir eða óhollusta.

21. gr.

Hver sá iðnaður, er óhollusta fylgir eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðsla, sýtun o. s. frv., skal vera háður eptirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir, bæði utanhúss og innan.

22. gr.

Slátrun á fje, sem ekki er lagt í bú, má aðeins fara fram innan luktra skiðgarda, er sjeu svo háir og þjettir, að sláturstörfin sjáist ekki af þeim, sem framhjá ganga. Skola skal blóðvöllinn daglega um leið og sláturstörfum er hætt og jafnframt bera gor og allt annað, sem ekki er notað, í sjóinn. Sá, sem lætur slátra, ber ábyrgð á að fyrirmælum þessum sje hlýtt.

VIII. Um bökunarstofur.

69
25. júlí

23. gr.

Verði bökunarstofa sett á fót í kaupþúninu getur heilbrigðisnefndin skipað bakara að þvo gólf, loft og veggj hvenær sem óhreint er.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem lungnatæringu hafa eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

Deig má ekki hnoda með fótunum.

Öll tóbaksnautn er bönnuð í bökunarstofu og enginn má sofa í stofunni.

IX. Um matvöru.

24. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem svikin er, eða skemmd, eða skaðleg fyrir heilsu manna.

Nefndinni skal vera frjálst með samþykki hreppsnefndar að taka í búðum, á kostnað hreppsins fyrir gaugverð, sýnishorn af hverri matvöru, þeirri er hún telur líkur til, að svikin sje, eða skemmd, eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeraðslæknis, eða annara manna, er vit hafa á, að einhver matvara er svikin eða skemmd og ekki nýtileg til mannelis, og skal þá lóga vörunni eða á einhvern hátt gera hana óskaðlega heilsu manna á kostnað þess, er vöruna hafði á boðstólum.

Ket af veikum skepnum eða sjálfdaudum má ekki selja til mannelis nema hjeraðslæknir eða dýralæknir leyfi.

X. Um íbúðarhús.

25. gr.

Öll þau hús, sem leigð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð, að unnt sje að halda þeim hreinum. Gluggar skulu vera á hjörum, að minnsta kosti einu í hverju herbergi, og trjególf í öllum íverustofum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda að ræstað sje herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint að nefndin álitur húsbúum hættu búna.

26. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gjört eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álitur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina.

Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda frjálst á 8 daga fresti að skjóta skipan nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits hjeraðslæknis og því næst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

27. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndarinnar. Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllurum, ef þeir eru mjög rakir, eða dimmir, eða þröngir.

Undir íbúðarhúsum, sem reist eru hjereptir, má ekki hafa kjallara svo gjörða, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

XI. Um skóla.

28. gr.

Helbrigðisnefnd skal skoða skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar á ári; í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá er tekur til kennslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd, hvar hann ætlar að kenna.

29. gr.

Hver kennslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 80 rúmfet komi á hvert barn í minnsta lagi. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á degi hverjum en ekki sópa.

30. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður í skóla vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skal hún þegar tilkynna hjeradslækni nöfn og heimili þeirra, er sjúkir eru.

Ef skólabarn eða kennari hefir berklasótt og læknir álitur að um mikla sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað að barnið eða kennarinn komi í skólann þar til er sóttnæmishættan að dómi læknis er um garð gengin.

Hold sveik börn mega ekki ganga í skóla og holdsveikir menn ekki fást við barnakennslu.

XII. Um næma sjúkdóma.

31. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjeradslækni við sóttvörnina.

Ef upp kemur alvarlegur næmur sjúkdómur á því svæði, er samþykktin nær yfir eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við hjeradslækni að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli, en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIII. Um kirkjugarða.

32. gr.

Þá er um byggingu eða breytingu á kirkjugarði er að ræða, skal leita álits heilbrigðisnefndar og getur hún heimtað að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi uppi grafirnar.

Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku, en nemi 100 álnum.

69

25. júlí

Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir.

Grafa skal svo djúpt að tveggja álma moldarlag sje ofan á kistu.

XIV. Um sektir o. fl.

33. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það allt að 200 kr. sekt.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgðar úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lög-taki hjá þeim, er sekur er.

34. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. október 1903.

* *

* *

* *

Samþykkt þessi, sem er orðin til á þann hátt, sem fyrirmælt er um í 1. gr. laga 13. september 1901, um heilbrigðissamþykktir í kaupstöðum, kaupún-um og sjóþorpum, er hjermeð staðfest af amtsráðinu í Vesturamtinu.

Amtsráð Vesturamtsins, Reykjavík 25. júlí 1903.

J. Havsteen.

Heilbrigðissamþykkt.

70

25. júlí

fyrir

Ólafsvíkursjóþorp í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin hefir gildi fyrir Ólafsvíkurborþorp talið frá Ytraklifi að Gvend-arbrunni.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára, og annar, er sýslu-nefnd tilnefnir af íbúum sjóþorpsins til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa eða hinir

70 tveir nefndarmenn, eða hjeradslæknir óskar þess, þó eigi sjaldnar en fjórum sinn-
 25. júlí um á ári, í marz mánuði, í júní mánuði, í september mánuði og desember mánu-
 uði. Hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gjörðir nefndar-
 innar, hefir á hendi brjefaskriptir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar
 sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal
 þá tafarlaust skjóta málinu til sýslumanns.

Hjeradslæknir og sýslumaður — ef hann er ekki í nefndinni — eiga
 heimtingu á að sitja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en ekki hafa
 þeir atkvæðisrjett; formaður skal boða þeim fundina í tæka tíð.

Ritfangakostnað og kostnað, er hlýzt af brjefaskriptum, skal greiða úr
 hreppsjóði eptir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje
 haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er um-
 ræðir í þessari samþykkt, eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort
 heldur er á almanna færi eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, er sam-
 þykktin nær yfir, og er henni heimilt að skipta þessu starfi milli nefndarmanna.
 Ef nokkur einn nefndarmaður, annar en formaður, krefst inngöngu í hús manna
 til skodunar í umboði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt um-
 boð frá formanni nefndarinnar.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók allt það, er hún finnur aðfinnslu-
 vert samkvæmt þessari samþykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut
 eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gjöra til umbóta, ella tilkynna sýslumanni, ef
 um brot er að ræða gegn samþykktinni.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót eða heil-
 brigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún
 leggja mál það fyrir hreppsnefnd og fara fram á að fje sje veitt.

Nú hafnar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu og er þá heilbrigðisnefnd heim-
 ilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

II. Um fráræslu.

6. gr.

Eldhússkolp og þvottaskolp má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðar-
 húsum, að hætta sje á því, að jarðvegurinn undir húsunum saurgist, heldur skal
 veita öllu skolpi burt frá húsum í opnum eða lokuðum ræsum svo langt, sem
 heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

Öll skolpræsi, hvort heldur eru á almanna færi eða einstakra manna
 eign, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi flói út úr þeim og hvergi komi
 pollar eða vilpur, enda skal hreinsa þau svo opt, að ekki leggi ódaun úr þeim.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsyn á því, að vatnsheldur botn sje gjörð-
ur í nokkurt ræsi, þá er henni heimilt að heimta slíka aðgerð.

70
25. júlí

7. gr.

Ef ræsi er gjört fram með alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir,
er hús eiga fram með veginum, skyldir að gjöra skolpræsi hver frá sínu húsi
úti göturæsið og skulu þau ræsi ekki lakari að gjörð en göturæsið.

III. Um vatnsból.

8. gr.

Öll vatnsból skal verja hvers konar óhreinindum; er bannað að láta
í þau fara eða að þeim koma rennsli úr skolpræsum, forum, haugstæðum,
salernum eða peningshúsum, og má ekki láta í þau eða nærri þeim neins konar
saurindi, sorp, slor eða hræ og ekki þvö í þeim eða fast við þau hvorki fatnað,
nje fisk, nje ull, eða neitt það annað, er óhreinakar vatnið, eins fyrir því, þótt
um straumvatn sje að ræða; bannað er og að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða
nærri þeim.

9. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum, en svo að milli-
bilið sje 15 álnir.

Nú vill einhver gjöra nýjan brunn eða breyta gömlum brunni og skal
hann tilkynna það heilbrigðisnefndinni, en hún skal leggja dóm á vatnið, þá er
greptri eða borun er lokið, hvort það er nýtilegt, og hafa gát á því að brunnur-
inn sje gjörður á þann hátt, sem hjer segir:

Ef brunnur er boraður og járnleggir settir niður, skal gæta þess að sam-
skeytin milli leggjana sjeu vatnsþjett.

Ef brunnur er grafinn, þá skal hláða hann upp að innan úr höggnu grjóti
eða hörðum múrsteini og líma stein við stein með steinlími, og skal hleðslan
þannig gjörð svo langt að neðan, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, en aldrei
skemur en nemi 2 álnum. Í stað slíkrar hleðslu má heilbrigðisnefnd leyfa að
hafa steinsteypu. Niður með hleðslunni að utan skal láta einhverskonar lím-
kenndan leir og skal það lag vera í alin á þykkt. Hleðslan skal ná $\frac{1}{4}$ alin eða
meira upp úr jörðinni, og út frá brunnbarminum skal leggja eða steypa stein-
kraga og skal hann vera $1\frac{1}{4}$ alin á breidd að minnsta kosti og halla út frá
brunnopinum.

Yfir brunnopinum skal vera vatnsheldur hlemmur og skal taka vatn úr
brunninum með dælu, er gangi gegnum miðjan hlemminn, en upp með dælunni
skal ganga strompur með hatti yfir, svo að lopt komist að vatninu.

Þar sem strjálbyggt er og engin óhreinindi í nánd, má heilbrigðisnefnd
leyfa að brunnar sjeu gjörðir úr grjóti án steinlíms og vatnið halað upp í fötu.
Utanum opna brunna skulu jafnan vera grindur, er sjeu í minnsta lagi $1\frac{1}{2}$ al-
in að hæð.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilnæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós að vatnið sje skaðvænt og ekki er unnt að gera við brunninn svo að vatnið verði ósaknæmt, þá skal heilbrigðisnefnd skipa eiganda að moka ofan í brunninn og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð.

IV. Um peningshús, hauga og forir.

11. gr.

Stórgripi eða sauðfje má ekki hafa í mannahúsum.

12. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús, eða gera for, eða haugstæði eða haughús, þá skal hann gjöra heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið og skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrir mæli þau, er hjer fara á eptir:

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum; fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum.

For má ekki gera og ekki hafa haug nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Forarveggir skulu jafnan ná $\frac{1}{4}$ alin eða meir uppúr jörðu og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera svo að öruggt sje um að menn eða skepnur geti ekki fallið í forina.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haughús og heimtað að forir skuli gjöra úr höggnu grjóti og steinlími, eða steinsteypu, svo að þær sjeu vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

13. gr.

Ef peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykkt, valda miklum óprifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrir mælum undanfarandi grein- ar, en heimilt er þá eiganda að skjóta fyrir skipan nefnarinnar á 8 daga fresti undir úrskurð sýslumanns; sýslumaður skal leita álits hjer aðslæknis og þvínæst kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem verða má.

V. Um salerni.

14. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni og skal það ekki vera nær dyrum, gluggum eða vindaugum á húsinu, en nemi 5 álnum og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Gólfíð í salerninu skal vera steinsteypt og hærra en jarðvegurinn í kring; hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan og skal hann ná fast upp að setunni.

Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innanhúss í sjerstökum klefa, ef útigluggi á hjörum er á klefanum, gólfíð steinsteypt og tvö ilát undir setunni, annað fyrir saur en hitt fyrir þvag.

Ef vatnsheld for er gjörð hjá húsinu, má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa salernið yfir forinni, þannig að saurindin fari beina leið í forina.

15. gr.

70

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein og saurilátin skal tæma óðar en þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja til um hvar láta megi saurindi úr salernum. 25. júlí

16. gr.

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykkt, eða þau ein, sem illa eru gjörð og mikill óþrifnaður að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir gjöri ný salerni á þann hátt, er segir í 14. gr.

VI. Um sorp og önnur óhreinindi.

17. gr.

Sorphaugar eða sorpgryfjur skulu ekki vera nær íbúðarhúsum en nemi 5 álum og ekki nær vatnsbólum en nemi 15 álum. Flytja skal burtu allt sorpið að minnsta kosti tvisvar á ári, vor og haust.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd heimtað að sorpi og ösku sje safnað í laus ílát úr málmí og flutt burtu óðar en ílátin fyllast.

18. gr.

Það er skylda sjómanna og allra þeirra, er sjóföng hirða, að fleygja öllu slori í sjóinn svo að út taki, ef því ekki er safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir.

19. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast kring um hús manna svo að fýlu-lopt eða daunillt rennsli fer út á alfaraveg eða inná eignir þeirra, er næstir búa, þá getur heilbrigðisnefnd skipað húsráðanda þeim, er óþrifnaðinum veldur, að flytja burtu óhreinindin tafarlaust. Heilbrigðisnefndin getur og skipað eigendum hjalla að færa þá á þann stað, er engin hættu getur verið að hafa þá.

VII. Um iðnað, sem óþrifnaður fylgir eða óhollusta.

20. gr.

Hver sá iðnaður, er óhollusta fylgir eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðsla, sútun o. s. frv., skal vera háður eptirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir, bæði utanhúss og innan.

VIII. Um bökunarstofur.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum bökunarstofum í kaupþúninu (þorpínu) og skipa bakara að þvo gólf, lopt og veggí hvenær sem óhreint er.

Þeir menn mega ekki vinna að braudgerð, sem lungnatæringu hafa eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

Deig má ekki hnoda með fótunum.

Oll tóbaksnautn er bönnuð í bökunarstofu og enginn má sofa í stofunni.

IX. Um matvöru.

22. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem svikin er, eða skemmd, eða skaðleg fyrir heilsu manna.

Nefndinni skal vera frjálst með samþykki hreppsnefndar að taka í búaðum fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru, þeirri er hún telur líkur til, að svikin sje, eða skemmd, eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeraðslæknis, eða annarra manna, er vit hafa á, að einhver matvara er svikin eða skemmd og ekki nýtileg til mannelis, og skal þá lóga vörunni eða á einhvern hátt gera hana óskaðlega heilsu manna á kostnað þess, er vöruna hafði á boðstólum.

Ket af veikum skepnum eða sjálfdaudum má ekki selja til mannelis nema hjeraðslæknir eða dýralæknir leyfi.

X. Um íbúðarhús.

23. gr.

Öll þau hús, sem leigð eru til íbúðar, þar með taldar sjóbúðir, skulu vera svo gerð að unnt sje að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum, að minnsta kosti einn í hverju herbergi, og trjególf í öllum íverustofum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda að ræstað sje herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint að nefndin álitur húsbúum hættu búna.

24. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gjört eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álitur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina.

Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardeg, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda frjálst á 8 daga fresti að skjóta skipan nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits hjeraðslæknis og því næst leggja úrskurð á málid svo fljótt sem verða má.

25. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndarinnar.

Nefndin getur bannað í íbúð í gömlum kjöllum, ef þeir eru mjög rakir, eða dimmir, eða þröngir.

Undir íbúðarhúsum, sem reist eru hjereptir, má ekki hafa kjallara svo gjörða, að vatn standi í þeim nokkur tíma.

XI. Um skóla.

26. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða skólahús og skólafundur, hvort heldur er op-

inber eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar á ári; í byrjun skólaársins og á því miðju.

70
25. júlí

Hver sá, er tekur til kennslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd, hvar hann ætlar að kenna.

27. gr.

Hver kennslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 80 rúmfet komi á hvert barn í minnsta lagi. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á degi hverjum en ekki sópa.

28. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður í skóla vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skal hún þegar tilkynna hjeraðslækni nöfn og heimili þeirra, er sjúkir eru.

Ef skólabarn eða kennari hefir berklasótt og læknir álitur að um mikla sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað að barnið eða kennarinn komi í skólann þar til er sóttnæmishættan að dómi læknis er um garð gengin.

Hold sveik börn mega ekki ganga í skóla og holdsveikir menn ekki fást við barnakennslu.

XII. Um næma sjúkdóma.

29. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjeraðslækni við sóttvörnina.

Ef upp kemur alvarlegur næmur sjúkdómur á því svæði, er samþykktin nær yfir eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við hjeraðslækni að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli, en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIII. Um kirkjugarða.

30. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð, eða stækka gamlan garð, skal leita álits heilbrigðisnefndar og getur hún heimtað að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi uppi grafirnar nokkru sinni.

Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku, en nemi 100 álum.

Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir.

Grafa skal svo djúpt að tveggja álna moldarlag sje ofan á kistu.

XIV. Um sektir o. fl.

31. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það allt að 200 kr. sekt.

70
25. júlí Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgðar úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lög-taki hjá þeim, er sekur er.

32. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. október 1903.

* *

* *

* *

Samþykkt þessi, sem er orðin til á þann hátt, sem fyrirmælt er um í 1. gr. laga 13. september 1901, um heilbrigðissamþykktir í kaupstöðum, kauptún-um og sjóþorpum, er hjermeð staðfest af amtsráðinu í Vesturamtinu.

Amtsráð Vesturamtsins, Reykjavík 25. júlí 1903.

J. Havsteen.

71
25. júlí

Reglugjörð

fyrir

Norðurisafjarðarsýslu um fjallskil o. fl.

Amtsráðið í Vesturamtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum 22. marz 1890, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Reglugjörð

fyrir

Norðurisafjarðarsýslu um fjallskil o. fl., sem samin er af sýslunefndinni þar og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. janúar 1904.

1. gr.

Ejáreigandi hver skal hafa glögg eyrnamark á fje sínu, geti hann það eigi skal hann brennimerkja það á hornum eða klaufum, en eigi hann kindr með vafamarki, skal hann lýsa skriflega fyrir hreppstjóra marki og auðkenni á þeim fyrir fyrstu leitir, ella fer um kindur þær sem óskilafje.

2. gr.

Markaskrá sýslunnar skal endurprenta svo opt sem sýslunefndinni þykir þurfa. Sýslunefndin annast undirbúning hennar og útgáfu. Greiða skal mark-eigandi 20 auru fyrir innfærslu marksins í skrána. Gjald þetta rennur í sýslu-sjóð, er kostar útgáfu markaskrárinnar, og skal afhent oddvita sýslunefndarinnar um leið og markaskrárhandritið úr hreppi hverjum. Hreppsnefnd annast und-

irbúning skrána í hreppi hverjum. Yngri menn en 16 ára mega ekki taka upp fjármark eða nota.

71
25. júlí

3. gr.

Enginn má marka fje í rjettum nema með samþykki rjettarstjóra og undir umsjón hans.

4. gr.

Hreppsþúar í þeim sveitum, er nóg hafa atrjettarlönd skulu skyldir að reka á afrjett að vorinu allt geldfje sitt og ótamin hross, nema þeir að álitu hreppsnefndar hafi nægilegt fjall-lendi fyrir geldfje sitt.

5. gr.

Í nyrðri hluta sýslunnar, inn að Hafnardsá á Langadalsströnd, skulu framfara þrennar fjárleitir á hausti hverju, en tvennar í hinum hluta sýslunnar. Hreppsnefndin hefir heimild til að kalla menn til aukaleita, er henni þykir þörf.

6. gr.

Í nyrðri hluta sýslunnar (sbr. 5. gr.), skal 1. leitardagur vera mánudagurinn í 21. viku sumars, en í hinum blutanum mánudagurinn í 22. vikunni. Seinni leitir fara eptir fyrirmælum hreppsnefndar.

7. gr.

Sjerhver fjáreigandi, sem ekki er hjú og á 6 kindur á fjalli, skal fjallskil gjöra samkvæmt skipun hreppsnefndar. Óhlýðni gegn þessum fyrirmælum varðar sektum.

8. gr.

Hreppsnefnd skipar nákvæmlega fyrir um leitir með leitarseðli, setur leitarstjóra fyrir þær, tiltekur leitarsvæði að rjett hverri, og hve marga menn hver fjáreigandi leggi til í leitir. Leitarstjórar skulu sjá um, að allt fari reglulega fram í leitonum, og hver leitarmaður vinni trúlega verk sitt; skyldir eru leitar-menn að hlýða fyrirskipunum þeirra. Leitarstjóri skal skýra hreppsnefnd frá ef einhver óhlýðnast fyrirskipunum hans, eða innir ekki af hendi þau fjallskil, er honum ber eptir ákvæðum hreppsnefndar.

9. gr.

Þar sem ekki er leitað til rjetta, skal búandi hver nákvæmlega láta leita heimaland sitt og reka til rjetta í tæka tíð geldfjenað allan, er þar finnst og hann eða heimilismenn hans ekki eiga.

10. gr.

Utansveitarmenn, er geldfje reka í sveitina til hagagöngu, skulu sem innansveitarmenn skyldir að hlýða öllum fyrirskipunum hreppsnefndar, er að fjallskilum lúta.

11. gr.

Í hverjum hreppi sje ein lögrjett og smárjettir svo margar, sem hreppsnefnd þykir þörf á. Búendur þeir, er til smárjetta sækja, skulu tafarlaust til

71 Lögrjettar reka allan þann fjenað úr smárjettum, er þeir eða nágrannar þeirra 25. júlí ekki eiga. Lögrjett skal vera sem næst afrjett að kostur er á.

Skilarjett fer fram í lögrjett hverri í seinustu reglulegum leitum.

12. gr.

Á vorhreppaskilum ákveður hreppsnefnd í samráði við bændur, hvar rjettir skuli vera í hreppnum. Hreppsnefnd sjer um byggingu rjetta og viðhald þeirra og jafnar byggingar- og viðhaldskostnaði þeirra með skylduvinnu niður á þá fjáreigendur, er til rjettanna sækja, eptir sauðfjárframtali á vorhreppaskilum það ár, sem rjett er byggð. Nú vinnur fjáreigandi eigi skylduvinnu sína við rjettarbygging, og skal hreppsnefnd þá láta vinna það, er honum bar á hans kostnað.

13. gr.

Valdi rjettarbygging grasnámi eða jarðusla, skal bæta það landeiganda, ef krafizt er, eptir mati tveggja óvilhallra manna, er tilkvaddir sjeu af yfirvaldi eða dómkvaddir. Endurgjald til jarðeiganda, sem og kostnaður af matsgjörðinni, greiðist af hlutaðeigandi sveitarsjóði.

14. gr.

Við rjett hverja skulu vera svo margir dilkar, er hreppsnefnd telur nauðsynlegt, til þess að sundurdráttur fjárins geti gengið tafarlaust. Um bygging dilka fer eptir ákvæðum 12. greinar.

15. gr.

Við rjett hverja skal hreppsnefnd skipa rjettarstjóra á sína ábyrgð. Rjettarstjóri skal sjá um að innrekstur og sundurdráttur fjárins fari greiðlega og reglulega fram; eru leitarmenn og fjáreigendur skyldir að hlýða fyrirskipunum hans meðan á drætti stendur. Heimilt er og rjettarstjóra að láta kanna fje í dilkum, ef honum þykir þörf eða þess er krafizt. Hann skal og ráðstafa rekstrum frá rjettum og óskilafje og yfir höfuð sjá um góða reglu í rjettinni.

16. gr.

Óskilafje er það fje, sem enginn finnst eigandi að, svo og ómerkingar allir, er ær ekki helga sjer. Óskilafje skal selt af hreppstjóra við opinbert uppboð í skilarjett. Andvirði þess innheimtir hreppstjóri, en hreppsnefnd geymir það til næstu fardaga á eptir. Hreppstjóri sendir oddvita sýslunefndar fyrir lok nóvembermánaðar til birtingar í opinberu blaði lýsingu óskilafjár. Andvirði þess óskilafjár, sem eigendur hafa ekki komið að fyrir næstu fardaga, rennur í sveitarsjóð. Hreppsnefnd annast geymslu óskilafjár milli leita og sendir lýsing þess í næstu hreppa. Hún ráðstafar og fje úr öðrum hreppum og sýslum, sem óráðstafað er af eigendum í lögrjett hverri.

17. gr.

Finnist óskilafje eptir síðustu leitir, skal sá er finnur, tafarlaust koma því til hreppstjóra, er selur það á opinberu uppboði svo fljótt sem unnt er, að undangenginni venjulegri uppboðsbirting. Hreppstjóri geymir óskilafje, er þannig

finnst, til þess er það er boðið upp. Geymslukostnaður á öllu óskilafje og öðru fje, er hreppsnefnd geymir, er 4 aurar af kind um sólarhringinn, þó ekki meira en 64 aura alls af kindinni. Eigendur fjár, sem er í geymslu, skulu greiða geymslukostnað, ella má halda eptir af fjenu, því sem geymslukostnaði nemur og skal það selt á uppboði og eigendum skilað afgangi andvirðis hins þannig kyrretta fjár, ef nokkur er.

18. gr.

Í hverri rjett sje við hendina markaskrá sýslunnar ásamt markaskrá nær-sýslanna og annast hreppsnefnd um það. Gamlar markaskrár falla úr gildi sem sönnunargögn fyrir eignarrjetti á sauðfje jafnskjótt og nýjum markaskráum hefir verið útbýtt.

19. gr.

Þeir, sem taka við rekstrum í rjettum skulu reka þá þangað, er rjettarstjóri ákveður. Fjárrekstrar að haustlagi skulu ganga bæ frá bæ sem beinasta leið áleiðis, og er búandi hver skyldur að annast þá til næsta búanda; skulu þeir látnir ganga svo greiðlega sem kostur er á. Sje illa farið með rekstrarfje eða því týnt úr rekstrum, varðar það sektum.

20. gr.

Nú finnur landeigandi fje annars manns í landi sínu eptir síðustu leitir og þegar farið er að taka fje að, og skal hann halda því til skina til eiganda, sje hann innanhrepps, en ella til hreppstjóra, er ráðstafar því samkvæmt 17. gr.

21. gr.

Öll brot gegn reglujörð þessari varða sektum eptir málavöxtum, hvort sem þau eru nefnd hjer að framan eða eigi. Sektir eru 2—100 krónur. Uppljóstrarmaður fær helming sekta fyrir brot gegn 19. gr., en að öðru leyti renna sektir allar í hlutadeigandi sveitarsjóð.

Með brotin skal fara sem opinber lögreglumál.

Amtsråd Vesturamtsins, Reykjavik 25. júlí 1903.

J. Havsteen.

Ýmsar fjárgreiðslur úr landssjóði.

Með brjefi landshöfðingja, dagsettu 13. júlí 1903, var braðabirgðauppbót handa fátækum brauðum fyrir fardagaárið 1903—1904 skipt milli meðanefndra prestakalla þannig:

1. Staðarprestakall í Aðalvík	720 kr.
2. Sauðlauksdalsprestakall	250 —
3. Kálfafellsstaðarprestakall	100 —
4. Eyvindarhólaprestakall	280 —
5. Kálfatjarnarprestakall	125 —
6. Staðarprestakall í Grunnavík	120 —
7. Gufudalsprestakall	250 —
8. Stöðvarprestakall	75 —
9. Landprestakall	180 —
10. Ólafsvallaprestakall	200 —
11. Goðdalaprestakall	100 —
12. Stafafellsprestakall	100 —
13. Svalbarðsprestakall	100 —
14. Grundarþing	100 —
15. Staðarprestakall í Súgandafirði	100 —
	<hr/>
	2800 kr.

13. gr. A. b. 7.

Á synodus, sem haldin var 27. júní 1903, var úthlutað fje því, 3000 kr., sem veitt er fyrir sama ár í 13. gr. A, b. 7 fjárlaganna, auk 700 kr. af prestaekknasjóðnum og 90 kr. 70 a. af árgjöldum brauða, eða samtals 3790 kr. 70 a., og var sú úthlutun samþykkt með brjefi landshöfðingja dags. 7. júlí s. á., að því er landssjóðsstyrkinn snertir:

I. Uppgjafaprestar.

1. Ingvar G. Nikulásson frá Gaulverjabæ	100 kr.
2. Magnús Gíslason frá Sauðlauksdal	80 —
3. Jón Jónsson frá Stað á Reykjanesi	50 —

II. Prestsekkjur.

1. Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggjastöðum	120 kr.
2. Þuríður Kjartansdóttir frá Hofi	50 —
3. Guðríður Magnúsdóttir frá Kolfreyjustað	75 —
4. Guðríður Jónsdóttir frá Ási	50 —
5. Guðrún H. Jónsdóttir frá Vallanesi	40 —
6. Helga Árnadóttir frá Skarðsþingum	35 —
7. Guðrún Þorsteinsdóttir frá Þingmúla	95 —
8. Kristín Thorlaciús frá Saurbæ	60 —
9. Agnes Þorsteinsdóttir frá Vatnsfirði	50 —
10. Solveig Einarsdóttir frá Kirkjubæjarkl.	110 —
11. Ragnheiður Jónsdóttir frá Vestmannaeyjum	40 —
	<hr/>
	Flutt 955 kr.

	Fluttar	955 kr.
12. Guðrún Pjetursdóttir frá Arnarbæli	30	—
13. Solveig Einarsdóttir frá Holti	60	—
14. Margrjet Magnúsdóttir frá Hvammi	50	—
15. Margrjet Erlendsdóttir frá Stafafelli	20	—
16. Steinunn Eiríksdóttir frá Þingmúla	100	—
17. Helga Magnúsdóttir frá Glæsibæ	60	—
18. Metta Einarsdóttir frá Stafafelli	70	—
19. Ragnhildur Þorsteinsdóttir frá Höskuldsstöðum	35	—
20. Ragnheiður Pálsdóttir frá Staðastað	30	—
21. Rannveig Gísladóttir frá Sauðlauksdal	80	—
22. Ástríður Petersen frá Svalbarði	80	—
23. Þorbjörg Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	70	—
24. Guðrún Björnsdóttir frá Sauðanesi	120	—
25. Ingibjörg Hinriksdóttir frá Stokkseyri	70, 70	
26. Vilborg Sigurðardóttir frá Laufási	20	kr.
27. Helga Arnórsdóttir frá Ísafirði	30	—
28. Sigríður Þorkeldsdóttir frá Reynivöllum	35	—
29. Guðlaug M. Jónsdóttir frá Hjarðarholti	50	—
30. Lilja Ólafsdóttir frá Breiðabólstað	100	—
31. Sigríður Snæbjörnsdóttir frá Saurbæ	50	—
32. Guðrún Guðbrandsdóttir frá Saurbæ	50	—
33. Guðrún Helgadóttir frá Lundarbrekku	20	—
34. Margrjet Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	80	—
35. Guðrún Sveinbjörnsdóttir frá Otrardal	70	—
36. Steinunn J. Thorarensen frá Staðarhólspingum	50	—
37. Steinunn Guðmundsdóttir frá Suðurdalapingum	60	—
38. Steinunn Jakobsdóttir frá Suðurdalapingum	40	—
39. Vigdís Einarsdóttir frá Stað í Grunnavík	120	—
40. Valgerður Jónsdóttir frá Ásum	100	—
41. Sigurbjörg H. Þorgrímsdóttir frá Þingeyrum	30	—
42. G. Jóhanna Jóhannesdóttir frá Bergstöðum	120	—
43. Hólmsfríður Jónsdóttir frá Mælifelli	70	—
44. Þóra Rósa Sigurðardóttir frá Miklabæ	20	—
45. Valgerður Jónsdóttir frá Völlum	100	—
46. Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólstað	80	—
47. Valgerður Þorsteinsdóttir frá Lundarbrekku	50	—
48. Anna J. Kristjánsdóttir frá Þóroddstað	100	—
49. Kristbjörg Þórðardóttir frá Valþjófsstað	30	—
50. Ragnhildur Metúsalemsdóttir frá Hjaltastað	80	—
51. Sigríður Jónsdóttir frá Þönglabakka	100	—
52. Vilhelmina Steinsen frá Árnesi	100	—
53. Solveig Björnsdóttir frá Grimsey	70	—
54. Guðríður Pjetursdóttir frá Höfða	40	—
55. Guðbjörg Aradóttir frá Þóroddsstað	20	—
56. Guðrún Ólafsdóttir frá Garpsdal	75	—

 Kr. 3790, 70

Embættaskipun, veiting og lausn.**b. Veiting.**

7. septbr. var prestaskólakandídat Lárusi Scheving Halldórssyni af landshöfðingja veitt Breiðabólstaðarprestakall á Skógarströnd frá fardögum 1903 að telja.

11. septbr. var cand. med. & chir. Magnús Sæbjörnsson af landshöfðingja skipaður hjeraðslæknir í Flateyjarhjeraði frá 1. október 1903 að telja.

16. s. m. var læknaskólakandídat Þórður Pálsson af landshöfðingja skipaður hjeraðslæknir í Axarfjarðarhjeraði frá 1. október 1903.

S. d. var hjeraðslæknir Þórður Pálsson af landshöfðingja settur til að þjóna Þistilfjarðarhjeraði frá sama tíma.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skilning á lögum 14. febrúar 1902. — Með brjefi, dagsettu 24. apríl þ. á., hafð þjer, 16. júlí herra landshöfðingi, sent hingað erindi frá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þar sem hann beiðist leiðbeiningar um það, hvernig svara eigi fyrirspurn hreppstjórans í Ytri Akraneshreppi um skilning á lögum 14. febr. 1902 um viðauka við lög um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk, frá 13. janúar 1882, með því að það hefir leikið efi á því, hvort skipum, sem skyld eru til að greiða afgreiðslugjald í landssjóð, er skylt, þá er skipsskjölin eru eigi send til lögreglustjóra sjálfs til áritunar, að greiða gjald það, er ræðir um í nefndu lagaákvæði, til þess manns, er ritar á skipsskjölin í umboði lögreglustjóra, án tillits til þess, hvort viðkomandi skip á í það skipi að greiða afgreiðslugjald í landssjóð eða ekki. Hafð þjer í nefndu brjefi yðar beiðzt álits ráðaneytisins um þessa spurning, og jafnframt látið þess getið, að yður virðist liggja beinast við að skilja lögin frá 14. febrúar 1902 þannig, að hið umrædda aukagjald skuli greiða þá aðeins til umboðsmanns lögreglustjóra, er viðkomandi skip jafnframt á að greiða afgreiðslugjald til landssjóðs.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að ráðaneytið verður að líta svo á, að spurningu þessari, er annars heyrir undir úrlausn dómstólanna, beri að svara á þá leið, að hið umrædda aukagjald eigi að greiða í hvert skipti, er skip þau er um ræðir, nota umboðsmann lögreglustjóra til að rita á skipsskjölin, án tillits til þess, hvort skipin í það sama sinn greiða afgreiðslugjald í landssjóð eða eigi.

Reglugjörð

73

25. júlí

sem hefir inni að halda viðauka við reglugjörð fyrir Strandasýslu, 14. júlí 1893, um refaeyðingu, notkun upprekstrarlands, fjallskil, rjettahöld o. fl., sbr. reglugjörð um breytingu á þessari reglugjörð frá 14. júlí 1898.

Amtsráðið í Vesturamtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum 22. marz 1890, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Reglugjörð

sem hefir inni að halda viðauka við reglugjörð fyrir Strandasýslu, 14. júlí 1893, um refaeyðingu, notkun upprekstrarlands, fjallskil, rjettahöld o. fl., sbr. reglugjörð um breyting á þessari reglugjörð frá 14. júlí 1898 og sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. janúar 1904.

1. gr.

Innausveitarfje skal rekast bæ frá bæ skemmstu leið til eiganda, einnig það, sem finnst eptir skilarjett (sbr. reglugjörð 14. júlí 1893, 34. gr.).

8. dag októbermánaðar 1903.

Reykjavík. — Isafoldarprentsmiðja.

Upprentað blað.

73

25. júlí

Hrossaeigendur skulu skyldir til að hafa greinilegt eyrnamark á öllum hrossum, veturgömlum og eldri, þeim er sjálfala ganga.

2. gr.

3. gr.

Hreppsnefndum er heimilt, hverri í sínum hreppi, að fyrirskipa almenna smölun tvisvar á vori til rúnings og fráferna á þeim tíma, er þeim þykir henta, og sömuleiðis svo opt, sem þeim þurfa þykir, eptir skilarjettir að haustinu, og er þá öllum fjáreigendum jafnskytt, að hlíta fyrirskipunum hreppsnefndanna í þessu efni, eins og að því er snertir fjallskil að haustinu.

4. gr.

Brot móti reglugjörð þessari varða sektum, samkvæmt 39. gr. reglugjörðar 14. júlí 1893.

Amtsráð Vesturamtsins, Reykjavík 25. júlí 1903.

J. Havsteen.

74

22. ágúst

Reglugjörð

um viðauka við fjallskilareglugjörð Borgarfjarðarsýslu 23. júní 1896.

Amtsráðið í Suduramtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, er hjer með staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Reglugjörð

um viðauka við fjallskilareglugjörð Borgarfjarðarsýslu 23. júní 1896, sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. nóvember 1903.

1. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um eyðing refa, hver í sínum hreppi, en fela mega þær umsjónina einum manni eða fleirum úr sínum flokki. Til þess að vinna verk, er lúta að eyðingu refa, mega þær kveðja hvern hreppsþúa, sem til þess er fær, og má enginn skorast undan slíku starfi að forfallalaus.

2. gr.

Hver búandi maður er skyldur að leita árlega grenja í heimalandi ábýlisjarðar sinnar, ef þar getur verið grenja von. Nú notar maður annað land en ábýlisjarðar sinnar fyrir málnytjufjenað, og skal hann þá einnig leita grenja þar. Ef hreppsnefnd áltur þess þörf eptir ástæðum, má búandi kveðja nágranna sína, þá er ekki eiga grenja von í heimalöndum sínum, til að leita með sjer.

Á fjallöndum og afrjettum skal leita grenja svo opt sem þurfa þyklar, að minnsta kosti einu sinni vor hvert. Kveður hreppsnefnd menn til þess og tiltekur leitarföringja og hvenær leita skuli.

Enginn má hafa hund í grenjaleit.

3. gr.

74

Hreppsnefnd hvers þess hrepps, er gren eru í, skal rita í bók skrá yfir 22. ágúst öll gren, er menn vita af í hreppnum (heimalöndum, fjall-löndum og afrjettum), með stuttri lýsingu á hverju greni og afstöðu þess, svo glöggri, að grenið sje auðfundið eftir henni. Hver sem finnur gren, er menn vissu ekki af áður, er skyldur að skýra hreppsnefndinni frá því, og skal því þá bætt við á skrána. Fimmta hvert ár, þá er ártölin enda á 0 eða 5, skal stutt ágrip af skrá þessari látið fylgja refaveiðareikningi hreppsins.

4. gr.

Áður en grenjaleitartími er kominn skal hreppsnefnd vor hvert hafa útvegað sjer skotmann, er hún eigi vísan, og skal hún auglýsa hreppsúum, hver hann er. Skotmaður skal vera með í grenjaleit á fjall-löndum og afrjettum, ef því verður viðkomið. Nú finnst gren, er refir eru við, hvort sem það er í grenjaleit eða ekki, skal þá finnandi eða foringi leitar, ef í grenjaleit er og skotmaður er ekki í leitinni, tafarlaust láta einhvern hreppsnefndarmanna vita, helzt oddvita eða þann, er kosinn hefir verið umsjónarmaður refaveiða, og skal sá maður þá þegar láta sækja skotmann og útvega honum vökumann og annað það, er þurfa kann og sje vökumaðurinn helst einnig hæfur skotmaður, ef því verður viðkomið. En sje skotmaður sjálfur í leit, skal hann þá þegar leggjast á grenið, en foringi leitarmanna eða sá, er skotmaður kveður til þess, skal útvega vökumann og annað það, er þarf, ef það getur á þann hátt gjörzt fljótara en með því að snúa sjer til hreppsnefndarmanns. Fyrir ferðir í þessar þarfir má greiða hæfilega þóknun.

5. gr.

Skotmaður og vökumaður skulu, ef unnt er, liggja 3 sólarhringa á greni, ef ekki eru áður unnin þau fullorðin dýr, er þar eiga heima. Vinnist gren ekki að fullu, skal skotmaður sjá um, að eitrad agn sje látið eptir í því. Ekki skal liggja á greni eptir að fullorðnu dýrin eru unnin. Gren má ekki rjúfa, nje heldur bræla, nema það sje óvinnandi á annan hátt. Álíti reyndur skotmaður þess brýna þörf, má gjöra skotþyrgi við gren.

6. gr.

Skotmanni og vökumanni skal greiða hæfileg daglaun, auk fæðiskostnaðar, fyrir hvern dag, er þeir liggja á greni, þó ekki fyrir lengri tíma en 3 sólarhringa við eitt gren. En yfirgefi þeir gren án brýnna nauðsynja áður en 3 sólarhringar sje liðnir, og sje ekki fullorðnu dýrin áður unnin, eða sýni þeir aðra skaðlega vanrækslu við vinnslu grens, missa þeir daglaun sín.

Auk daglauna fær skotmaður 4 krónur fyrir fyrsta fullorðinn ref, er hann vinnur við gren, en 6 krónur fyrir hvern annan, er hann vinnur við sama gren. Fyrir hvern yrðling, er næst við gren, skal greiða 50 aura, er skiptist jafnt milli skotmanns og vökumanns

Fyrir hvern ref, sem unninn er annarsstaðar en við gren á tímabilinu frá 1. apríl til 31. október, skal greiða 3 krónur þeim, er vinnur.

74

22. ágúst

Eitra skal fyrir refi árlega, á hagfeldum stöðum og hentugum tíma, og skal svo meðfarið, að sem minnst hætta stafi af fyrir menn og húsdýr. Hreppsnefnd skal brýna það fyrir þeim, er hún felur að eittra, að sje rjúpur eittraðar, þá er skylt að auðkenna eitruðu rjúpunar með því, að stýfa af þeim hægri vænginn hálfan.

Til eitrunar skal hafa *strychnin* eða annað eitur ekki ósterkara, og skal hreppsnefnd sjá um, að jafnan sjeu fyrir hendi nægar birgðir af því. En gæta skal hún þess, að eitrið komist í einkis manns hendur nema þess, er hún felur að eittra.

8. gr.

Grenjaleitir í heimalöndum skulu gjörðar ókeypis. Allan annan kostnað við eyðing refa skal greiða úr hreppssjóði þar sem landið liggur. Nú á hreppur eða hefir á leigu afrjettarland utansýslu, og fylgir skylda til að eyða þar refum, greiðir þá sjóður hreppsins þann kostnað. Ef einstakir búendur hafa til afnota fyrir sjálfa sig afrjettarítak utansýslu, og hvílir á þeim refaveiðakostnaður vegna þess, þá skal þann kostnað greiða úr sjóði þess hrepps, er þeir búendur eiga heim í.

9. gr.

Fyrir 20. júní árlega skal hreppsnefnd hver gera glöggvan reikning yfir allan refaveiðakostnað, er greiddur hefir verið úr hreppssjóði síðasta fardagaár samkvæmt 8. grein. Skulu honum fylgja kvittanir fyrir hverju einu, er greitt hefir verið, og nákvæm skýrsla um verk þau, er borgun hefir verið greidd fyrir. Skal í þeirri skýrslu tilgreina, hvar hvert verk var unnið og hverja daga, og hverir að því unnu, hve mörg gren fundust, er refir voru við, hve mörg gren unnust að fullu eða nokkru, hve margir fullorðnir refir unnust við hvert þeirra og hve margir yrðlingar, hvað eittrað var og hvert eitur var haft, hver árangur varð af eitruninni, að svo miklu leyti sem það er kunnugt, og á hvern hátt þau dýr voru unnin, en unnin voru annarsstaðar en við gren og borgun var greidd fyrir eptir seinustu málsgrein 6. greinar. Reikning þennan með fylgiskjölum lætur svo hreppsnefndin fylgja hreppsreikningnum sem fylgiskjöl hans.

10. gr.

Sýslunefndin skal vandlega rannsaka refaveiðareikninga hreppanna, fella niður þær greiðslur, er þar kynnu að vera ranglega taldar, og þær, er ekki eru fullar sannanir fyrir, svo og tæra niður reikninga þeirra hreppa, þar sem óþörf fjáreyðsla kynni að hafa átt sjer stað. Þegar sýslunefndin hefir þannig leiðrjett reikningana, skal hún leggja saman refaveiðakostnað allra hreppanna og jafna honum niður milli þeirra eptir tölu jarðarhundraða þó þannig, að þriðjungur af jarðarhundraðatölu Akraneshreppanna sje ekki tekinn til greina við niðurfjöfnunina. Skulu síðan þeir hreppar, er meira hafa greitt til refaveiða en í hlut þeirra kemur eptir þessari tiltölu, fá það, er umfram er, endurgoldið frá þeim hreppum, er minna hafa greitt en eptir sömu tiltölu. Sýslunefndin ákveður, hvernig þessari greiðslu frá einum hreppi til annars skal hagað í hvert sinn,

en það, er greiða skal, má greiða í innskrípt við áreiðanlega verzlun, og skal **74** það vera greitt fyrir fardaga næstu eptir að niðurjöfnunin er gerð. 22. ágúst

11. gr.

Þá er óskilafjárverði er skipt milli hreppanna samkvæmt 47. gr. fjall-skilareglugjörðarinnar, skal farið eptir tiltölu þeirri, sem ræðir um í 10. gr.

12. gr.

Hver sem elur refi eða yrðlinga og missir þá úr gæzlu skal greiða 20 króna sekt fyrir hvert dýr, er sleppur, nema hann færi sönnur á, að því hafi verið náð aptur.

13. gr.

Brot gegn reglugjörðarviðauka þessum varða sektum, 1—200 króna, er renna í sjóð þess hrepps, er þau eru framin í. Með mál útaf þeim brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Reglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu 5. sept. 1885 um notkun afrjetta o. s. frv., 44.—54. gr. og viðauki við þá reglugjörð 4. ágúst 1888 11. gr. eru úr gildi numin.

Suðuramtið, Reykjavík 22. ágúst 1903.

Fyrir hönd amtsráðsins.

J. Havsteen.

Reglugjörð

75
5. ágúst

búnaðarskólans á Eiðum.

1. gr.

Tilgangur skólans er að kenna ungum mönnum, einkanlega úr Múlasýslum, bóklega og verklega búfræði, og sje þó aðaláherzlan lögð á hina verklegu, einkum að æfa lærisveina vel í allri þeirri jarðyrkju, sem koma má að gagni og til hagnýtingar hjer á landi. Veita skal fræðslu í þeim gagnfræðisnámsgreinum, sem taldar eru í 25. gr. þessarar reglugjörðar. Það er og tilgangur skólans að gjöra tilraunir með sjerhvað það, sem orðið getur til umbóta og framfara í jarðrækt og búnaði, eptir því sem fjárkostur leyfir.

2. gr.

Til skólans er lagt gjald það úr jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins, sem samkvæmt lögum 4. júní 1898 á að ganga til búnaðarskóla, og allur annar styrkur af almannaþje, er veittur verður skólanum.

75

5. ágúst

Skólinn stendur undir yfirumsjón amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu, og skal stjórn skólans senda ráðinu árlegan reikning yfir tekjur og gjöld hans til úrskurðar, og ennfremur árlega skýrslu um ástand skólans, kennsluna á honum og afstaðin burtfararpróf, svo og skólabúsreikning þann, er skólastjóri semur.

4. gr.

Báðar Múlasýslurnar eru stofnendur og eigendur skólans, að helmingi hvor, og bera eptir sama hlutfalli árlegan kostnað við hann. Sýslunefndirnar skipa skólastjórn og útvega fje til skólans. Þær fela og þeim sýslumanninum, sem skólastjórn og skóli á hægra að ná til, að innheimta tekjur þær, sem nefndar eru í 2. gr., og að útborga peninga þessa eptir ávísun skólastjórnarinnar.

Sýslunefndirnar kjósa 2 endurskoðunarmenn til 3. ára í senn til að endurskoða reikninga skólans, sbr. 7. og 14. gr. Sýslunefndir skera úr kærnum og ágreiningi milli skólastjóra og skólastjórnar.

5. gr.

Í stjórn skólans eru 3 menn, sem kosnir eru á sameinuðum sýslufundi beggja Múlasýslanna til 3 ára í senn, frá 15. september að telja, og skulu þeir vera kjörgengir í sýslunefnd. Stjórnin kýs sjálf formann sinn.

6. gr.

Skólastjórnin ræður skólastjóra, sem jafnframt er aðalkennari skólans, svo og aðstoðarkennara, hún ræður og bústýru til skólans í samráði við skólastjóra. Ráðningu þessari má segja upp af beggja hálfu, stjórnar og kennara eða bústýru með 6 mánaða fyrirvara. Með sama fyrirvara getur sameinaður sýslufundur sagt upp þessum starfsmönnum.

7. gr.

Skólastjórnin semur við árslok hvert ár sundurliðaðan reikning yfir tekjur og gjöld skólans á liðna árinu og sendir amtinu, og áætlun um tekjur og gjöld hans á næsta ári og sendir hana oddvitum sýslunefndanna ásamt afriti af reikningnum. Hún gjörir tillögur um, hve mikið fje skólinn þarfnast af sýslunum það árið, og ávísar peningum skólans upp í útgjöld hans samkvæmt 4. gr. Reikningsár skólans er frá 6. júní til 6. júní.

8. gr.

Skólastjórnin ákveður, hve margir piltar fái inntöku á skólann. Hún semur og í samráði við skólastjóra reglur um það, sem þörf er á við skólann og ekki er tekið upp í reglugjörð þessa.

9. gr.

Skólastjórnin ákveður laun skólastjóra, aðstoðarkennara og bústýru, þó mega laun þessi ekki fara fram úr 1200 kr., 500 kr. og 200 kr., og ávísar launum þeirra 1. oktbr. og 1. júní að helmingi í hvort sinn.

Laun hins núverandi skólastjóra skulu eins og áður vera 1400 krónur.

10. gr.

75

Skólastjórnin úrskurðar ágreining milli skólastjóra og pilta og vísar piltum um úr skóla, ef sakir eru til. 5. ágúst

11. gr.

Skólastjórnin tilnefnir prófdómendur við próf á skólanum.

12. gr.

Skólastjórnin hefir stöðugt eptirlit með því, hvernig fram fer á skólanum, bæði að því er kennslu, hegðun pilta og búnaði viðvikur, heldur með sjer fundi í því skyni á bentugum tímum. Í fardögum skal hún ár hvert skrásetja og virða alla eign skólabúsins, dauða og lifandi. Hafi eitthvað misfarizt fyrir vanhirðingu eða skort á eptirliti, heldur hún virði þess eptir af launum skólastjóra. Skólastjórnin ber ábyrgð á gjörðum sínum gagnvart sýslunefndunum.

13. gr.

Laun skólastjórnamanna eru 4 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að heiman í þarfir skólans. Auk þess borgun fyrir ritföng og ritstörf heima hjá sjer eptir reikningi. Sömu þóknun fá endurskoðunarmenn.

14. gr.

Skólastjóri hefir á hendi stjórn skólabúsins og reikningshald þess. Hann ræður hjú skólans. Hann ábyrgist að búið líði ekki hnekki fyrir óskynsamalega heyásetningu eða vanhirðingu gripa. Hann byggir út jarðir skólaeignarinnar og innheimtir eptirgjöld þeirra. Hann hefir og innheimtu og reikningshald kirkjunnar á hendi.

15. gr.

Aðstoðarkennari hefir á hendi kennslu pilta undir yfirstjórn skólastjóra, bæði í bóklegum og verklegum námsgreinum. Hann skal hafa fengið meiri þekkingu og æfingu í öllu, sem kennt er, heldur en heimtað er af piltum til burtfararprófs. Hann skal og aðstoða skólastjóra, þegar þörf er á, í verkstjórn, sem og vera í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, þegar skólastjóri kveður hann til þess.

16. gr.

Bústýra stjórnar skólabúinu innanstokks undir yfirstjórn skólastjóra. Hún er háð reglugjörð skólans, svo og öllum þeim reglum, sem skólastjóri eða skólastjórn skipa fyrir á skólanum.

17. gr.

Bæði skólastjóri, aðstoðarkennari og bústýra hafa hús, fæði og ljós ókeypis, auk launa þeirra, sem nefnd eru í 9. gr.

18. gr.

Skólaárið er frá 3. maí til jafnlengdar næsta ár, og skólatíminn 2 ár. Leyfa má þó piltum að vera þriðja árið, ef óskað er.

75

5. ágúst

19. gr.

Umsóknarbrjef pílta þeirra, er sækja um skólann, skulu ætíð vera komin til skólastjóra um miðjan marz og skal þeim fylgja vottorð prests og hreppstjóra um góða hegðun, nægilegan vinnuproska, að þeir sjeu vellæsir, sæmilega skrifandi, nokkuð að sjer í reikningi og skilji auðvelda dönsku. Sjeu heilsugóðir og vanir almennri sveitavinnu.

Jafnaðarlegast fá piltar ekki inntöku á skólann yngri en 18 vetra, og eru þeir skyldir að vinna þar alla vinnu, er fyrir kemur. Sje þröngt á skólanum, sitja piltar úr Múlasýslum fyrir inntöku.

20. gr.

Með umsókn sinni um inngöngu á skólann skuldbinda lærisveinar sig til að vera þar hinn ákveðna skólatíma (2 ár). Fari lærisveinn frá skólanum án gildra orsaka áður en sá tími er liðinn, skal hann endurborga kostnað þann, er skólinn hefir haft af honum eptir því, sem skólastjórn ákveður og innheimtir hún gjaldið.

21. gr.

Lærisveinar eru skyldir að taka þátt í öllum heimilisstörfum, svo sem alls konar jarðrækt, heyvinnu, húsabyggingum, mósukurði, smíði, aðdráttum, fjallgöngum o. s. frv. Til skiptis skulu þeir og taka þátt í gripahirðingu á vetrum. Eigi má þó hafa neinn lærisvein til sendiferða meir en svarar 2 vikum á ári. Lærisveinar skulu sýna skólastjóra eða þeim, sem verkstjórn kann að vera falin, hlýðni og trúmennsku við þessi störf, eins og í öllu öðru.

22. gr.

Námssveinar fá ókeypis á skólanum húsnæði, kennslu, hita, ljós, þvott, þjónustu, skæðaskinn og hollt og nægilegt fæði, en bækur og ritföng verða þeir að kaupa sjerstaklega; skal það ætíð til sölu á skólanum.

23. gr.

Gefið getur skólastjóri lærisveinum burtfararleyfi um stuttan tíma.

24. gr.

Verkleg kennsla fer fram sumar og vetur, en bókleg aðeins frá 1. nóvember til 30 apríl, og skal til þess verja 5—8 stundum hvern virkan dag. Þann tíma sem hin bóklega kennsla fer fram, má eigi verja til vinnu, sbr. 20. og 24. gr., meira en 3—4 stundum að jafnaði á dag. Taka má úr daga frá bóknámi, þegar þörf krefur til heimilisstarfa, samkv. 21. gr.

Vinnutími pílta við heyskap skal að jafnaði vera 12 stundir á dag, en við jarðyrkjustörf og aðra vinnu vor og haust 10 stundir fyrir utan matmálistíma.

25. gr.

Verklega skal kennt:

1. Notkun hinna nauðsynlegustu jarðyrkjuverkfæra (plógs, herfis, hestareku, kerru o. s. frv.).

2. Meðferð og notkun áburðar.
3. Þúfnasljettun.
4. Garðahleðsla.
5. Skurðagjörð til vörzlu og vatnsveitinga.
6. Ræktun mat- og sáðjurta.
7. Gripahirðing og mjaltir.
8. Smíði á algengum búshöldum og aðgjörð á einföldum jarðyrkjuverkfærum.
9. Land- og hallamæling.
10. Verkstjórn.

26. gr.

Bóklega skal kennt:

1. Íslenzka.
2. Ágrip af náttúrufræði (dýra-, grasa-, efna- og eðlisfræði).
3. Jarðyrkjufræði (um eðli og samsetning jarðtegunda, áburð, túnrækt, garðyrkju, framræzlu, áveitu o. s. frv.).
4. Húsdýrafræði (um kvikfjarrækt og um sjúkdóma húsdýra og ráð við þeim).
5. Búnaðarhagfræði og búreikningagjörð.
6. Ágrip af rúmmálsfræði, land- og hallamæling.
7. Reikningur (brot, þríliða, prósentu- og rentureikningur og að draga út kvaðratrót).
8. Dráttlist: að gjöra uppdrætti af landi, húsum og verkfærum.
9. Danska, meðan ekki er kostur á íslenskum kennslubókum.
10. Ágrip af landafræði Íslands í yngri deild.

27. gr.

Vorpróf skal árlega haldið við skólann yfir yngri deildinni og burtfararpróf yfir hinni eldri um mánaðamótin apríl og maí í hinum bóklegu fræðum, en burtfararpróf í verklegum námsgreinum skal haldið haustinu áður. Við burtfararpróf eru 2 prófdómendur, er skólastjórn nefnir.

28. gr.

Við burtfararpróf skal gefa sjerstakar einkunnir.

A. Í verklegum námsgreinum.

1. Fyrir þúfnasljettun og plægingu.
2. Fyrir garðhleðslu og vörzluskurðagjörð.
3. Fyrir framræslu og veitugjörð.
4. Fyrir landmæling og hallamæling.
5. Fyrir garðrækt.
6. Fyrir gripahirðingu.
7. Fyrir verkstjórn.
8. Fyrir starfsemi, reglusemi og dugnað.

Í þeim námsgreinum, er prófdómendur geta eigi um dæmt, ákveða kennarar einkunnir eptir þekkingu sinni á kunnáttu lærisveinanna.

75

B. Í bóklegum námsgreinum:

5. ágúst
1. Fyrir náttúrufræði (allar tegundir).
 2. Fyrir jarðyrkjufæræði: meðferð áburðar, túnrækt, framræslu og veitugjörð.
 3. Fyrir ræktun mat- og sáðjurta.
 4. Fyrir húsdýrafræði og kvikfjárrækt.
 5. Fyrir búnaðarhagfræði og búreikningagjörð.
 6. Fyrir rúmmálsfræði, land- og hallamæling.
 7. Fyrir reikning.
 8. Fyrir dráttlist.

29. gr.

Hinar sjerstöku einkunnir eru: ágætt, dável, vel, lakl., illa og afarilla, eða í tölum 6, 5, 4, 3, 2, 1. Ákveða má tölurnar fyrir neðan 6 nákvæmara með brotonum $\frac{1}{3}$ og $\frac{2}{3}$.

Allar hinar sjerstöku tölueinkunnir skal leggja saman og deila með einkunnafjöldanum. Tala sú, sem kemur út við deilinguna, er reiknuð með 2 desímölum og sýnir það aðaleinkunnirnar, en aðaleinkunnirnar eru: ágætt (6—5,50), dável (5,49—4,50), — vel (4,49—3,50), laklega (3,49—2,50). Sá, sem ekki nær aðaleinkunninni 3,50, hefir ekki staðizt prófið.

30. gr.

Hverjum þeim lærisveini, sem staðizt hefir burtfararpróf, gefur skólastjóri burtfararskirteini, og skal í því tilgreina aðaleinkunn þá, sem hann hefir fengið við prófið, svo og aðaleinkunnirnar í hinum einstöku námsgreinum. Þar skal og skólastjóri gefa einkunn fyrir iðni við bóknám, sem þó hefir engin áhrif á aðaleinkunnina. Lýst skal og hegðun lærisveinsins að öðru leyti.

Sá lærisveinn, sem eigi hefir staðizt burtfararpróf, getur fengið vottorð skólastjóra um veru sína á skólanum.

31. gr.

Reglugjörð þessi skal eptir að amtsráðið hefir samþykkt hana og landshöfðingi staðfest hana, prentuð í B-deild Stjórnartíðindanna.

32. gr.

Með þessari reglugjörð, sem gildir frá 15. septbr. 1903, er felld úr gildi reglugjörð Eiddaskólans frá 11. desember 1888.

33. gr.

Breyting á reglugjörð þessari skal því aðeins gild að meirihluti sýslunefndarmannanna á lögsmætum sameiginlegum fundi samþykki hana og amtsráðið staðfesti hana.

* *

* *

* *

Framanskráð reglugjörð, er samin er af sýslunefndunum í Múlasýslum og samþykkt af amtsráði Austuramtsins, er hjer með staðfest.

Reykjavík, 5. ágúst 1903.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Reglugjörð

76

12. júní

fyrir

búnaðarskóla Norðuramtsins á Hólum.

I. Tilgangur.

1. gr.

Það er tilgangur skólans að veita ungum mönnum þekkingu í búnaði, og vekja hjá þeim og öðrum, sem dvelja við skólann, áhuga á framförum í búnaði.

II. Stjórn.

2. gr.

Amtsráðið í Norðuramtinu hefir á hendi yfirstjórn skólans, útvegar fje til hans og úrskurðar reikninga hans. Til þess að hafa á hendi eptirlit með skólastofnuninni kýs amtsráðið 1 tilsjónarmann. Hann skal hafa stöðugt eptirlit með því, að kennslan og regla í skólanum sje í góðu lagi; einnig skal hann vera í ráðum með skólastjóra um vandamál skólans, og búa þau undir amtsráðsfund. Í lok desembermánaðar ár hvert, skal tilsjónarmaðurinn ásamt kennurunum skrifa upp og virða eignir skólans.

3. gr.

Amtsráðið ræður skólastjóra, og kennara í samráði við skólastjóra, og gefur þeim erindisbrjef. Skólastjóri hefir á hendi reikningshald skólans. Reikningar skulu sendir forseta amtsráðsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert.

4. gr.

Bónarbrjef um inntöku á skólann skulu send skólastjóra fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Skólastjóri veitir inntöku á skólann í samráði við tilsjónarmann eða forseta amtsráðsins og tilkynnir umsækjanda veitinguna. Skólaárið telst frá miðjum október til loka aprilmánaðar næsta ár. Námstíminn er tveir vetur.

5. gr.

Nemendur fá á skólanum ókeypis húsnæði, ljós og hita, en bækur og rúmfatnað leggja þeir sjer til sjálfir.

6. gr.

Skólastjóri getur leyft nemendum að vera burt frá skólanum 14 daga um jól, frá 22. desember til 4. janúar.

III. Inntökuskilyrði.

1. gr.

1. Að umsækjandi sje eigi yngri en 18 ára. Frá þessu skilyrði má veita undanþágu, eptir ástæðum.

76
12. júní

2. Að umsækjandi sje siðsamur og hafi unnið að minnsta kosti eitt ár að almennum bústörfum.
3. Að hann sje vel læs, sæmilega skrifandi, kunni í reikningi 4 höfuðgreinar í heilum tölum og brotum, riti íslenzku stórlýtalaust og skilji auðvelda dönsku.
Skilríki frá sóknarpresti eða tveim valinkunnum mönnum fyrir þessum atriðum eiga að fylgja inntökubeiðninni, svo og yfirlýsing frá fullveðja manni um að hann gangi í ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum umsækjanda við skólastofnunina.

IV. Kennslan.

8. gr.

Á skólanum skulu kennd grundvallaratriði þessara fræðigreina:

1. Eðlisfræði, sjerstaklega affræði og um hitann, að því leyti sem það hefir þýðingu fyrir búnaðinn. Einnig veðurfræði og önnur grundvallaratriði eðlisfræðinnar.
2. Efnufræði, um hin helztu frumefni og efnasambönd, ásamt hinum helztu efnabreytingum, sem verða í jarðveginum og í dýrum og jurtum.
3. Grasafræði, um byggingu, og eðli jurtanna, þroska þeirra, vöxt og næringarefni. Þá verður og kennt að þekkja hinar helztu ættir og jurtir, sem að einhverju leyti hafa þýðingu fyrir búnaðinn.
4. Dýrafræði, sjerstaklega að því er snertir þau dýr, sem hafa þýðingu fyrir búnaðinn hjer á landi.
5. Jarðvegsfræði, sjerstaklega að því er snertir jarðmyndun Íslands, og þær steina- og bergtegundir, sem algengastar eru hjer á landi.
6. Reikningur, þriliða, prósentureikningur, rentureikningur, kvadratrót og reikningsfærsla.
7. Búreikningar, form fyrir einföldum búreikningum.
8. Rúmmálsfræði, útreikningur á hinum almennu flatarmálsmyndum og teningsmáli.
9. Dráttlist, notkun teikniáhalda, llugjörð og hringskript, verkfæra- og húsa-teikningar.
10. Landmælingar með keðju og borði, hallamælingar og kortteikning.
11. Líffærafræði og lífseðlisfræði, um byggingu og eðli búfjár.
12. Jarðyrkjufraði, um myndun og samsetning jarðtegunda, um áburð, framræslu, vatnsveitingar og grasrækt.
13. Garðyrkjufraði, um ræktun þeirra garðjurta og runna, sem reynslan er búin að sýna að geti þrífzt hjer á landi.
14. Skógræktarfræði, um gróðursetning trjáa og lýsing hinna helztu trjátegunda, sem líkindi eru til að þrífzt hjer á landi.
15. Verkfærafræði, um hin helztu verkfæri, sem líkindi eru til að hægt sje að nota í þarfir búnaðarins.
16. Búfjárfræði, um uppeldi og kynbætur, um notkun og samsetning fóðurtegundanna og um hin helztu búfjarkyn og einkenni góðra húsdýra.

17. Mjólkurfræði, um efnasamsetning og edli mjólkurinnar, tilbúning smjörs og osta. 76
18. Lækningar búfjár, hinir helztu búfjárjúkdómar, sem algengir eru hjer á landi. 12. júní
19. Leikfimi, ýmsar líkamsæfingar.
20. Íslenzka, stílagjörð.
21. Búnaðarsaga.

9. gr.

Kennslan fer fram:

- a. Í fyrirlestrum í þeim námsgreinum, sem hægt er að koma því við, um leið sýnir kennarinn myndir og gjörir þær tilraunir, sem þurfa til útskýringar efninu. Í byrjun hvers tíma skal kennarinn hlýða lærisveinum yfir það, sem sem talað hefir verið um í næsta tíma á undan.
- b. Lærisveinarnir skulu svara skriflega spurningum í hinum ýmsu námsgreinum, eins opt og kennurunum sýnist þörf. Einnig skulu þeir halda fyrirlestra um ákveðið efni, sem kennarinn leggur fyrir þá.
- c. Lærisveinarnir gjöra þær tilraunir sjálfir, sem þurfa til þess að þeir geti komizt í sem beztan skilning um efni það, sem um er að ræða. Kennarinn veitir nemendum tilsögn við þessar tilraunir.

10. gr.

Við skólann eiga að vera góð kennsluáhöld, sem nemendum sje leyft að nota á þeim tímum og með þeim skilyrðum, sem kennararnir ákveða.

11. gr.

Til þess að kennslan geti verið í sem nánustu sambandi við hina verklegu framkvæmd í búnaðinum, er kennurunum skylt að sýna nemendum þær jarða- og húsabætur, sem gjörðar hafa verið á skólasetrinu. Einnig skal þeim heimilt að koma í peningshús og skoða búpening svo opt, sem þörf gjörist vegna kennslunnar.

12. gr.

Á hverju námstímabili skulu kennararnir fara með nemendum tvær ferðir, til einhverra fyrirmyndarbúa í nágrenninu, þar sem piltum gefst kostur á að kynna sjer einhverjar framkvæmdir búnaðinum viðvíkjandi. Á ferðum þessum skulu kennararnir einnig skýra fyrir þeim jarðvegsmyndanir á svæði því, sem farið er um. Greiða handa piltum og kennurum, sem leiðir af þessu ferðalagi, skal borga af amtssjóði.

13. gr.

Skólinn útvegar þeim piltum, sem þess óska, kennslu í verklegri búfræði, hann sjer um að nemendum gefist kostur á að læra garðyrkju, grasfræsáningu, plægingar, skógrækt, garðhledslu og vörsluskurðagjörð, framræslu og veitu-

76 gjörð, meðferð áburðar og eptir atvikum skepnuhirðing. Þeir, sem nota þessa 12. júní verklegu kennslu, verða látnir sitja fyrir styrk þeim, sem nemendunum er veittur.

14. gr.

Skólastjóri skal halda dagbók, þar sem krifað sje, hvað kennt er hvern dag. Einnig skal getið um ferðir þær, sem farnar eru með nemendunum, og um tilraunir þær, sem kunna að verða gjörðar við skólann.

15. gr.

Þegar námstímanum er lokið, geta þeir piltar, sem óska, eptir atvikum fengið vitnisburð frá kennurum skólans um kunnáttu sína í búfræði og framkomu á skólanum.

V. Bændakennsla.

16. gr.

Við skólann skal halda hvern vetur tvö hálfsmánaðar kennslutímabil, þar sem auk almennrar kennslu sjeu haldnir fyrirlestrar viðvíkjandi búfræðinni í þeim námsgreinum, sem kennarar skólans ákveða í hvert skipti, og má veita bændum og bændaeftum kost á að njóta þessarar kennslu.

VI. Ymislegt.

17. gr.

Skýrslu um skólann skal árlega prenta.

18. gr.

Reglugjörð þessi fær gildi 1. október þ. á. og fellur þá úr gildi reglugjörð skólans 28. maí 1899.

Amtsráð Norðuramtsins.

Akureyri, 12. júní 1903.

Páll Briem. Arni Jónsson. Stefán Stefánsson. Ólafur Briem. Björn Sigfússon.

Skýrsla

77
27. ágúst

um aðalfund Amtsráðsins í Suðuramtinu 25.—26. júní 1903.

Ár. 1903 25. dag júnímánaðar var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta þess, amtmanni Júlíus Havsteen ásamt með amtsráðsmönnum, sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni á Kirkjubæjarklaustri (úr Vesturskaptafellssýslu), sjera Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangárvallasýslu), prófasti sjera Valdimar Briem á Stóra-Núpi (úr Árnessýslu), hjerads-lækni Þórði Thoroddsen í Keflavík (úr Gullbringu- og Kjósarsýslu) og prófasti sjera Guðmundi Helgasyni í Reykholti (úr Borgarfjarðarsýslu).

Þessi mál komu til umræðu á fundinum.

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir 1902, og var hann falinn amtsráðsmanninum úr Rangárvallasýslu til endurskoðunar.
2. Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins fyrir 1902 var fenginn amtsráðsmanninum úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til endurskoðunar.
3. Reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu fyrir 1902 var falinn amtsráðsmanninum úr Árnessýslu til endurskoðunar.
4. Ennfremur lagði forseti fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikning yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólafundunina 1902—1903, reikning skólustjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins eða efnahagsreikning búsins 1902—1903, með tilheyrandi jafnaðarreikningi skólabúsins 31. maí 1902, sjóðsreikningi skólabúsins 1902—1903 og skrá yfir eignir þess 31. maí 1903.

Ennfremur voru framlagðir reikningar yfir tekjur og gjöld Hvanneyrar-kirkju fyrir 1901—1902 og 1902—1903.

Allir þessir reikningar voru athentir amtsráðsmönnum úr Vesturskaptafellssýslu og Borgarfjarðarsýslu til endurskoðunar.

5. Forseti skýrði frá, hvernig sýslumenn hefðu fullnægt úrskurðum, sem amtsráðið hafði lagt á eldri sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninga.
6. Fram voru lagðir sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningar úr öllum sýslum amtsins fyrir 1902, sem höfðu verið endurskoðaðir af hinum kosnu endurskoðendum sýslunefndanna, nema reikningarnir úr Vestmannaeyjasýslu, sem forseti hafði yfirfarið. Amtsráðið úrskurðaði þvínæst reikningana.

Amtsráðið áleit, að rjett væri, að greina að öllu leyti, eins og flestir reikningshaldarar gjöra, reikningshald sýslusjóðs og sýsluvegasjóðs, semja sjerstaka áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðs og aðra um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs, og búa til sinn reikning fyrir hvorn sjóðinn. Skyldi þessari reglu fylgt framvegis.

7. Þá voru framlögð og yfirfarin endurrit af gjörðabókum sýslunefndanna:

77

27. ágúst

A. Ur Vesturskaptafellssýslu frá 22.—23. apríl 1903.

B. Úr Vestmannaeyjasýslu frá 19. jan. 1903.

C. Úr Rangárvallasýslu frá 6.—8. apríl 1903.

Amtsráðið athugaði, að kaupmanni Olafi Árnasyni á Stokkseyri og lausamanni Þorsteini Ólafssyni höfðu verið veitt leyfisbrjef til sveitaverzlunar, hinum fyrnefnda á Melrakkaholti í Holtahreppi, og hinum síðara í Miðey í Austurlandeyjahreppi, en upplýsingar vantar um, hvort þessir menn fullnægðu skilyrðum laganna fyrir því, að reka slíka verzlun, og felur amtsráðið forseta sínum, að heimta þessar upplýsingar og gjöra út um þessi mál fyrir hönd amtsráðsins.

D. Ur Árnessýslu frá 14.—18. apríl 1903.

E. Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 20.—21. apríl 1903.

F. Úr Borgarfjarðarsýslu frá 4. júní 1902 og 16. og 17. marz þ. á.

8. Forseti lagði fram hinar fyrirskipuðu skýrslur um efnahag styrktarsjóða handa alþýðufólki fyrir 1902 úr öllum sýslum amtsins. Skýrslur þessar voru yfirfarnar með hlíðsjón af hinum framlögðu endurritum af gjörðabókum sýslunefndanna, og fannst ekkert við þær að athuga.
9. Forseti lagði fram álit sýslunefnda úr Suðuramtinu og bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um það, hvernig kjördæmaskipun skuli haganlegast komið fyrir í hverju umdæmi, og hafði forseti safnað þessum skýrsum, samkvæmt fyrir-mælum landshöfðingjabrjefs, dags. 24. septbr. f. á., er byggist á ályktun neðri deildar alþingis, sem gekk út á það, að stjórnin legði fyrir næsta þing þar á eptir frumvarp til laga um kjördæmaskipun. Ennfremur hafði landshöfðingi skipað svo fyrir, að leggja skyldi þessi álit undir amtsráðin til álita, og er það tekið fram í öðru landshöfðingjabrjefi, dags. 1. október f. á., að amtsráðunum yrði gefinn kostur á, að láta uppi álit sitt um kjördæmaskipunina í hverjum landsfjórðungi.

Amtsráðið ljet uppi svolátandi álit sitt um þetta mál.

Vesturskaptafellssýsla, Vestmannaeyjasýsla og Borgarfjarðarsýsla haldist óbreyttar. Rangárvallasýsla skiptist í 2 kjördæmi, Árnessýsla í 3 kjördæmi, Gullbringu- og Kjósarsýslu í 2 kjördæmi og Reykjavík í 2 kjördæmi.

10. Amtsráðið samþykkti, að sýslunefndin í Vesturskaptafellssýslu mætti taka 1000 kr. að láni til brúargjörðar á Skaptá, sem landssjóður að öðru leyti kostar.
11. Amtsráðið samþykkti, að sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu mætti takast á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 2000 kr. láni, sem Rosmhvalaneshreppur ætlar að taka, til þess að borga með eldri skuldir.
12. Forseti skýrði frá árangrinum af fjárskodunum þeim, sem fram höfðu farið eptir skipun hans á síðastliðnu hausti og framan af vetrinum. Eptir þessum skýrslum höfðu fundizt alls 349 kindur með kláða eða kláðavott á hinu svonefnda kláðagrunaða svæði. Að þannig hefir borið meira á kláða yfir höfuð, en haustið 1901, kemur til af því, að kláði hefir gjört vart við sig fyrst á vetrinum í Eytaahreppi í Norðurisafjarðarsýslu í 29 lömbum og í Reykjar-

fjarðarhreppi í sömu sýslu í 2 kindum, en enginn kláði hefir verið þar að undanfögnu; samkvæmt síðari skýrslu sýslumanns hafði aukaskoðun framfarið í Eyrarhreppi í febr., og var þar þá kláðalaust. Svo er fjárkláði farinn að magnast nokkuð norðan til í Strandasýslu. Eptir skýrslum úr Kaldrananeshreppi höfðu fundizt 106 kindur með kláða, og voru þær allar læknaðar. Að öðru leyti ber minna á kláða í þeim sýslum, þar sem hann sjer í lagi hefir gjört vart við sig áður.

Forseti gat þess, að hann með brjefi, dags. 17. og 20. febr. þ. á., hefði með ráði amtsdýralæknisins fyrirskipað almennar fjárskoðanir um fyrri hluta aprilmánaðar í þeim sýslum í báðum ömtunum, sem álitnar voru grunaðar, og lagt svo fyrir, að viðhafa lækningar á sjúku fje og aðskilnað á sjúku fje og heilbrigðu, en ef kláði reyndist magnaður á einhverju heimili, svo sem ef þær kindur, sem fyndust með kláða, væru margar eða mjög útsteiptar eða illa til reika, skyldi tvíþaða með 10 daga millibili, og eins fje, sem hin ar sjúku kindur hefðu gengið saman við. Skýrslur um árangurinn af hinum framfögnu skoðunum skyldu vera komnar til amtsins fyrir 10. júní. Skýrslur þessar voru komnar frá öllum sýslum á hinu kláðagrunaða svæði, nema úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og úr Austurbarðastrandarsýslu, og var tala kinda, sem fundizt höfðu með kláða, alls 433. Af þessari tölu eiga 307 heima í Strandasýslu, þar sem kláðinn hefir magnazt, sjer í lagi í einum hreppi, þar sem fundust 164 kindur með lítilfjörlegum kláðavotti, og hefir kláðinn yfir höfuð verið mjög vægur og verið læknaður með lítilli fyrirhöfn.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði keypt baðlyf í viðbót við þann forða, sem útvegaður hafði verið í fyrra, 7186 pd. af kláðatóbaki og 96 pd. af tóbakslegi, sem hafði kostað alls 3124 kr. 31 e. Hin aðfengna viðbót er 1644 pd. af tóbaksblöðum og 96 pd. af tóbakslegi, sem hvorttveggja hafði kostað 794 kr. 62 a. Útsent hefir verið 7150 pd. af blöðum og 96 pd. af legi.

Forseti skýrði svo ennfremur frá, að það væri í ráði, að stofna kennslu, bæði verklega og bóklega í kláðalækningum, samkvæmt ályktun nedri deildar alþingis 1902, og frá tillögum sínum hjer að lútandi, sem hann eptir áskorun landshöfðingja hefði látið uppi, bæði að því leyti, er snerti fyrirkomulag kennslunnar, sem landssjóður skyldi kosta, og um kostnaðarupphæðina. Forseti hafði stungið uppá, að kennslan færi fram á Hvanneyri síðari part vetrar 1903 og 1904, og fyrri part vetrar 1904 og 1905; skyldi tala nemenda vera 2 menn úr hverjum hreppi þeirra sýslna, sem taldar eru grunaðar, eða alls 180, þannig að 90 væru við námið sitt hvort árið, og er ætlazt til, að kennslutími hvers nemanda væri 10 dagar; mætti því ljúka kennslunni af á 3 mánuðum.

13. Forseti lagði fram skýrslu amtsdýralæknisins, dags. 10. nóvbr. f. á., um ferð hans frá 23. oktbr. til 8. nóvbr. f. á. upp um Kjalarnes, til þess að reyna nýtt bólusetningarefni gegn bradapest, og um leið upp í Borgarfjörð til þess

77
27. ágúst

að veita mönnum leiðbeiningar við framkvæmd á ráðstöfunum gegn fjárkláða.

Ennfremur var framlögð prentuð skýrsla um bráðapestarbólusetningar á Íslandi og Færeyjum á dönsku, (frá Forsögslaboratoriets bakteriologiske Afdeling) dags. 31. júlí 1902, og hefir amtsdýralæknirinn ritað í þessa skýrslu, að til sín væru komnar skýrslur um 54079 bólusettar kindur; þar af höfðu dáið 1019 eða 1,9%. Nánari skýrslur um bráðapestarbólusetningar voru eigi kunnar frá amtsdýralækninum, sem hafði misst þær ásamt aleigu sinni við húsbruna hjer í bænum 17. apríl þ. á.

Forseti skýrði ennfremur frá því, að sjónauki sá, sem dýralæknirinn hefði haft í vörzlum sínum og sem Vesturamtíð hefði lagt til 150 kr. og Suðuramtíð 200 kr., hefði farizt þá um leið, og eigi verið váttryggður.

Amtsráðið ályktaði, að leggja frá 200—300 kr. á móti Vesturamtínu, til þess að útvega nýjan sjónauka handa dýralækni amtanna.

14. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, þar sem hann fer þess á leit í nafni sýslunefndarinnar, að amtsráðið hlutist til um það við landshöfðingja, að fje verði sem fyrst lagt til þess, að varða Mosfellsheiðarveginn báðum megin heiðarinnar.

Amtsráðið ályktaði, að mæla með þessari málaleitun.

15. Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar í Árnessýslu, að lögferjan á Brúará að Spóastöðum verði lögð niður, en ferja þessi er orðin óþörf vegna þess, að sýslunefndin hefir tekið upp nýja lögferju á Brúará að Reykjanesi.
16. Amtsráðið samþykkti ennfremur, að lögferjan yfir Hvítá í Borgarfirði að Langholti yrði lögð niður, en í stað þessarar ferju á að koma ný ferja að Bakka koti.
17. Amtsráðið ályktaði að fara þess á leit við landshöfðingja, að veittar yrðu allt að því 200 kr. úr landssjóði af því fje, sem ætlað er til fjallvega til þess, að settar yrðu tvær ferjur sín hvoru megin Hvítár, þar sem hún kemur úr Hvítárvatni.
18. Forseti lagði fram frumvarp til heilbrigðissamþykktar fyrir Vestmannaeyjakaupþún og sjóþorp, sem sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu hefir samið, eptir tillögum hreppsnefndarinnar og með ráði hjeraðslæknis, og ennfremur umsögn landlæknisins um það. Amtsráðið staðfesti frumvarpið, og ákvað, að samþykktin skyldi öðlast gildi 1. september næstkomandi.
19. Amtsráðið ákvað samkvæmt 39. gr. 3. tilskipunar 4. maí 1872, um sveitastjórn á Íslandi, að 2 hreppstjórar skyldu vera í Grímsneshreppi innan Árnessýslu sökum víðáttu hreppsins.
20. Amtsráðið veitti sæluhúsverði á Kolviðarhóli, Guðna Þorbergssyni, 200 kr. fyrir yfirstandandi ár, samkvæmt meðmælum sýslunefndanna í Vesturskaptafells-, Rangárvalla- og Árnessýslum.
21. Amtsráðið gat eigi fremur en í fyrra veitt Guðmundi bónda Lýðssyni á Fjalli

styrk úr jafnaðarsjóði amtsins til kynbóta sauðfjár, sbr. skýrslu um fund 77
amtsráðsins 21.—22. júlí 1902 (Stj.tíð. B. bls. 193). 27. ágúst

22. Amtsráðið veitti kvennaskólanum í Reykjavík 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði fyrir yfirstandandi ár.

23. Forseti lagði fram bænarskrá frá skógræktarfélagi Reykjavíkur um 200 kr. styrk úr jafnaðarsjóði til styrktar framhaldi á því fyrirtæki, að koma upp skógræktunarstöð við Rauðavatn, sem byrjað var á í fyrra.

Amtsráðið veitti í þessu skyni 150 kr. úr jafnaðarsjóði amtsins.

24. Framlagt var erindi frá hreppsnefndinni í Rangárvallahreppi, dags. 8. maí þ. á., þar sem þess er farið á leit, að amtsráðið vilji veita kúaábyrgðarsjóði, sem stofnaður sje í hreppnum og standi undir umsjón og eptirliti sýslunefndarinnar, 100 kr. styrk úr amtsjafnaðarsjóði.

Amtsráðið sá sjer eigi fært, að veita hinn umbedna styrk, þar sem hætt væri við, að það yrði ókleyft fyrir jafnaðarsjóðinn, að taka til greina allar slíkar styrkbeiðslur, sem gjöra má ráð fyrir, að koma mundu fram.

25. Með því kjörtími sýslumanns Guðlaugs Guðmundssonar á Kirkjubæjarklaustri sem búnaðarþingsfulltrúa suduramtsins var á enda, var kosið á búnaðarþingið. Kosinn var skólastjóri Hjörtur Snorrason á Hvanneyri sem búnaðarþingsfulltrúi til næstu 4 ára.

26. Þá voru lagðir aptur fram reikningar yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suduramtsins, búnaðarskólansjóðs Suduramtsins og styrktarsjóðs verðugra og þurfsandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suduramtíuu fyrir 1902, og höfðu þessir reikningar verið endurskoðaðir. Amtsráðið samþykkti þá alla án athugasemda.

27. Framlagðir voru aptur reikningar yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikningur yfir viðskipti amtsins við búnaðarstofnunina 1902—1903, reikningur skólastjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins eða efnahagsreikningur búsins 1902—1903, með tilheyrandi jafnaðarreikningi skólabúsins 31. maí 1903, sjóðsreikningi skólabúsins 1902—1903 og skrá yfir eignir þess 31. maí 1903. Ennfremur var aptur framlagður reikningur yfir tekjur og gjöld Hvanneyrarkirkju 1901—1902 og 1902—1903. Reikningarnir voru allir samþykktir án athugasemda. Skýrslan um kennsluna á skólanum 1901—1902, og framkvæmdir í jarðabótastörtum o. fl. á skólasetrinu, sem eigi var komin fyrir fundinn í fyrra, var nú framlögð, og hafði hún verið prentuð og útsend á síðastliðnum vetri. Á skólanum höfðu verið 8 námssveinar.

Skýrslan fyrir 1902—1903 var ókomin. Lærissveinar höfðu verið 13 alls.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði, samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 21.—22. júlí f. á., leyft að byggja á skólasetrinu hlöðu úr timbri og með járnþaki, 25 áln. á lengd og 12 áln. á breidd; hefði amtsráðið veitt til þessa um 2100 kr. Forseti skýrði ennfremur frá, að hann samkvæmt tillögum stjórnarnefndarmanns, sjera Guðmundar Helgasonar, prófests í Reykholti, og ósk skólastjóra, hefði ennfremur ráðizt í það, að leyfa, uppá vænt-

77
27. ágúst

anlegt samþykki amtsráðsins, að koma upp súrheyskompu í sambandi við hlöðuna, eða áfasta við annan gafl hennar; mundi hún kosta um 400 kr. og skyldi vera 12 áln. á lengd og 4 áln. á breidd. Áætlun um kostnaðinn við þessa hlöðu- og súrheyskompu-byggingu var framlögð og nemur hún 2528 kr.

Amtsráðið samþykkti þessar ráðstafanir.

Forseti minntist þarnaest á fok kirkjunnar í afspyrnuveðri því, sem gekk yfir 15. nóvbr. f. á. Kirkjan var 10 ára gömul og hafði kostað 3800 kr. Forseti skýrði frá, að hann hefði fyrir tilstilli prófasts borið undir söfnuðinn, hvort hann vildi taka að sjer kirkjuna, og með hvaða kjörum, og hefði árangurinn orðið sá, að af þeim 22 af 43 atkvæðisbærum sóknarmönnum, sem mættu á fundi, greiddu 20 atkvæði á móti því, að taka að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar, en aðeins 2 með því. Lögmæt ályktun fjekkst þannig eigi, en prófastur hefir í brjefi sínu um þetta mál, dags. 25. apríl þ. á., sem var framlagt, tekið það fram, að það eptir öllum atvikum mundi tilgangslaust, að leggja málið aptur fyrir safnaðarfund.

Forseti lagði fram jafnframt þessu skodunargjörð um, hvað væri nýtilegt timbur úr kirkjunni, og var það talið að nema 490 kr. Brak, ónýtilegt til kirkjubyggingar, var reiknað 90 króna virði.

Amtsráðið ályktaði, að byggja upp kirkjunnar aptur að vori komandi, og vildi leggja til þess 3000 kr., auk timbur þess, sem nýtilegt er úr gömlu kirkjunni, og sem er metið 490 kr. Ef til þess kæmi, að kirkjan yrði lögð niður og sameinuð Bæjarkirkju, fól amtsráðið forseta sínum, að gjöra samninga hjeraðlútandi, svo sem um álagsuppbæðina.

Forseti lagði fram þau brjef, sem höfðu farið milli sín og landshöfðingja og skólástjóra um kláðalækningakennslu þá, sem áður er skýrt frá, og sem væri í ráði að koma upp á Hvanneyri. Forseti hefir stungið upp á því, að fæði hvers nemanda yrði 1 kr. á dag, en landsstjórnin skyldi þar að auki leggja til húsnaði handa þeim, annaðhvort með því að byggja skýli á skóla-setrinu með nægum útbúnadi handa nemendunum, eða veita skólastofnuninni styrk til þess að stækka skólahúsið. Hafði skólastjórnin stungið upp á því, að húsið yrði stækkað, en þar sem sú stækkun, eða lenging þess um 6 álnir mundi eptir ágizkun hans kosta um 4000 kr., hefir forseti haldið, að hverfa yrði frá þeirri fyrirætlun, ef eigi fengizt meiri styrkur frá landssjóði, en hann hafði stungið uppá til skólabyggingarinnar, 1500 kr. auk 500 kr. til rúmfata o. fl. Nú er samt nokkur von um, að landssjóður leggi til 3500 kr. til búnadarskólans á Hvanneyri til hússtækkunarinnar, með húsútbúnadi til kláðalækningakennslunnar, auk hins venjulega styrks úr landssjóðs til skólabaldsins, 2500 kr., og liggur þá fyrir spursmálið um stækkun hússins. Forseti hafði fengið trjesmið úr Reykjavík til þess að gjöra áætlun um kostnaðinn við þetta, og nemur hann 5691 kr. 68 a., og var áætlunin framlögð ásamt reikningum og uppdraetti. Þessi áætlun er miðuð við langtum umfangsmeiri breytingu eða endurbót á skólahúsinu, en hugsað hefir verið til, og er þessi breyting ekki langt frá því, að vera enburbygging hússins. Stjórnar-

nefnd skólastofnunarinnar hefir í framlögðu brjefi sínu, dags. 9. þ. m., sem hefir inni að halda ýmsar tillögur, snertandi skólastofnunina til frambúðar, tekið það fram, að aðgjörðin og stækkunin sje óhjákvæmileg, og fyrst svo er, virðist nauðsynlegt, að breyta um leið herbergjaskipuninni, sem annars yrði næsta óhentug. Á linn bóginn álitur nefndin, að þessi stækkun og breyting geti ekki orðið afráðin svo snemma, að unnt verði að byrja á byggingunni fyr en á áliðnu sumri, og að ýmislegt yrði að verða dýrara en ella, vegna hins stutta fyrirvara; það væri því æskilegt frá skólans sjónarmiði, að húsagjörðin færi ekki fram fyr en næsta ár, og kláðalækningakennslan á Hvanneyri byrjadi þá ekki fyrri en haustið 1904, eða misseri síðar, en til ætlazt væri.

Amtsráðið gat ekki sjeð, að neitt væri á móti því, að fyrra kennsluskeiðið færi fram haustið 1904, eða í byrjun vetrar 1904—1905, því kennslunni allri yrði ekki lokið fyrri en að vorinu 1905, þannig, að hinar fyrirhuguðu ráðstafanir gegn fjárkláðanum byrjuðu svo með haustinu 1905.

Amtsráðið ályktaði, að verja mætti allt að 4500 kr. til að stækka skólahúsið, með hina fyrirhuguðu kláðalækningakennslu fyrir augum, og til að endurbæta það að því leyti, sem nauðsynlegt er, og fól forseta að verja til þessa væntanlegum aukastyrk úr landssjóði, 3000 kr., og eptir atvikum annaðhvort taka að láni til þess 1500 kr., eða verja þessari upphæð úr búnaðarskólasjóði, að fengnu leyfi landshöfðingja til þess.

Þar næst tók amtsráðið til fhugunar fyrnefnd brjef stjórnarnefndarinnar að öðru leyti.

Stjórnarnefndin stingur uppá, að breyting verði gjörð á samningi skólastofnunarinnar við Búnaðarfelag Íslands um mjólkurmedferðarkennsluna, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 21. — 22. júlí f. á. (Stj.tíð. 1902, B, bls. 194—195). Stofnunin hafði búizt við, að kennslan, sem hún leggur sinn skerf til, með því, að veita nemendum viðurværi fyrir mjög lágt verð, mundi verða skólabúinu til hagsmuna á þann hátt, að smjórið, sem framleitt yrði, yrði sent til Englands og selt þar með góðum hagnaði, en þetta hefir orðið allt öðruvísi; það af smjörinu, sem farið hefir til Englands, hefir eigi selzt betur en svo, að brúttóverðið þar hefir ekki orðið eins hátt, og selja má smjör frá skólabúinu í Reykjavík, og smjórið frá mjólkurmedferðarkennslunni má heita óseljandi í Reykjavík, en aptur á móti er eptirspurn eptir því smjóri, sem búíð er til á búnaðarskólabúinu, og hefir það verið auðselt í Reykjavík á 80 aura pundið. Stjórnarnefndin stingur upp á, til þess að komast hjá þessum skaða, að ná þeim samningi við stjórn mjólkurskólans, að mjólkurskólinn keypti af búnaðarskólanum þá mjólk, er hafa þyrfti til kennslunnar, og mundi búíð geta selt mjólkina fyrir 10 aura pottinn. Skólastjóri hefir einnig kvartað yfir því, að það væri mikill skaði fyrir skólabúíð, að selja mjólkurmedferðarnemendum fæði, ljó og hita fyrir 15 kr. um mánuðinn, og þyrfti skólinn að fá 20 kr. meðgjöf með hverjum nemanda, til þess að vera skaðlaus.

77
27. ágúst

Ennfremur hefir skólastjóri kvartað undan því, að mjólkurskólann vanti rennur, til að leiða burt þaðan skolp, sem gjörir nú óprifalegt í kringum húsið, og væntir skólanefndin, að skolpræsla fengist þegar, ef vakið væri máls á henni við stjórn Búnaðarfelagsins.

Amtsráðið fól forseta að semja um þetta framanritaða við stjórn Búnaðarfelagsins, og gjöra þá samninga við það, sem hægt væri að fá í þessu tilliti.

Amtsráðið lætur það álit í ljósi, að heppilegast væri, að Búnaðarfelag Íslands tæki að sjer alla stjórn og alla ábyrgð á Hvanneyrarskólanum eptirleiðis, og að það, en ekki amtsráðið, leggi fram eptirleiðis það, er þarf til að halda skóla þessum áfram. Amtsráðið fól forseta, að bera þetta málefni upp fyrir stjórn Búnaðarfelagsins, og eptir atvikum framkvæma afhendinguna á skólastofnuninni í heild sinni með tilheyrandi eignum og skuldum, eptirstöðvum af búnaðarskólasjóði amtsins, og sjóðseptirstöðvum skólans, allt að fengu samþykki landsstjórnarinnar.

Að því leyti, er snertir fyrirhugaðar endurbætur á vatnsbólínu á Hvanneyri, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 21.—22. júlí f. á. (Stj.tíð. 1902, B, bls. 195), var skýrt svo frá, að verkfræðingur Sigurður Thoroddsen hefði gjört mælingar þar að lútandi, en áætlun um kostnaðinn var eigi enn komin frá honum.

Forseti gat þess, að hann, uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins hefði borgað út 100 kr. fyrir járnvírsgirðing, sem kom til tals í fyrra, að setja kringum engjarnar á Hvanneyri þar, sem skurðum yrði ekki komið við, og í kringum kúahagann.

Var ennfremur lögð fram áætlun um kostnað við slíka gaddavírsgirðing, þrífetta á sívölum járnstóplum, að upphæð 546 kr. 80 a. Amtsráðið vill fresta, að taka ákvörðun um þetta vegna þess mikla kostnaðar, sem nú er fyrirsjáanlegur að öðru leyti, og vegna breytinga, sem verða kunna á skólahaldinu og stjórn hans.

Stjórnarnefndin stingur uppá því, að fjárveitingin til hjúalauna og verkalauna, kaupstaðarvarnings og fóðurbætis m. fl., verði færður upp í 2000 kr.

Ennfremur stingur nefndin uppá 100 kr. fjárveiting til garðyrkjuverkfæra.

Með hliðsjón af framantöldu samdi amtsráðið eptirfylgjandi

Á æ t l u n

yfir tekjur og gjöld Hvanneyrarskólans fyrir 1903—1904.

T e k j u r¹.

- | | |
|---|----------------|
| 1. Landssjóðsstyrkur á árinu 1904 | kr. 2500 |
| 2. Gjöld úr jafnaðarsjóði á árinu 1903 eptir 1. gr. | |
| | Flutt kr. 2500 |

1) Eptirstöðvarnar 1. júní 1903, kr. 1471,22, eiga að ganga til kostnaðar við hlöðubýggingu.

	Fluttar	kr. 2500	
laga 4. júní 1898, um breytingar á gjaldheimt- um til amtssjóða og sýslusjóða		kr. 840	
3. Leigutekjur búnaðarskólasjóðsins	—	200	
4. Tillag úr jafnaðarsjóði (af jafnaðarsjóðsgjaldinu fyrir 1903, samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi 25. júní 1902)	—	4000	kr. 7540 00

77
27. ágúst

Gjöld:

1. Afborganir uppi vaxtagreiðslur:			
a. til landssjóðs	kr. 1504	00	
b. til landsbankans	—	1120	00
c. til kirkjusjóðs	—	128	00
			kr. 2752 00
2. Skuldir frá fyrra ári:			
a. við verðlanir	kr. 30	26	
b. við skólastjóra	—	230	86
c. aðrar skuldir	—	65	00
			— 326 12
3. Laun skólastjóra			— 1200 00
4. Laun aðstoðarkennara			— 300 00
5. Til smíðakennslu			— 100 00
6. Til hjúalauna, verkalauna, dagl.manna, kaupst- varnings, fódurbætis m. m.			— 2000 00
7. Til bókakaupa handa lærisveinum			— 60 00
8. Garðyrkjuverkfæri			— 100 00
9. Önnur útgjöld			— 500 00
10. Áætlaðar eptirstöðvar			— 201 88
			kr. 7540 00

Amtsráðið skipaði í stjórnarráð búnaðarskólans á Hvanneyri til næstu 3 ára þá sjera Guðmund prófast Helgason í Reykholti, hreppstjóra Þórð Guðmundsson á Hálsi, og til vara búfræðing Björn Jónsson á Akranesi.

Amtsráðið fól forseta að leita samþykkis landshöfðingja til þess að nota eptirstöðvarnar af búnaðarskólasjóði Suðuramtsins í þarfir skólastofnunarinnar, ef nauðsyn krefði.

Þá var samið yfirlit yfir efnahag búnaðarskólastofnunarinnar í fardögum 1903.

Eignir.

1. Hvanneyri	kr. 17000	00
2. Kirkjan á Hvanneyri (leifar)	—	580 00
3. Hús og húsaefni	—	27695 00
4. Lifandi peningar	—	9016 00
	Flutt	kr. 54291 00

77
27. ágúst

	Fluttar	kr. 54291 00
5. Garðyrkjuverkfæri, heyskaparáhöld, reiðskapur m. m.	—	1848 50
6. Bækur og kennsluáhöld	—	277 50
7. Smíðatól o. fl.	—	204 25
8. Skip og veiðarfæri	—	374 00
9. Heyfyrningar og búsafleifar	—	3811 00
10. Annað lausafje	—	2403 75
11. Útistandandi skuldir	—	728 33
12. a. Inneign í landsbankanum	kr. 1471 22	
b. Í sjóði hjá skólastjóra	— 86 90	— 1558 12
		<u>kr. 65496 45</u>

Skuldir:

1. Oborguð lán:			
a. Úr landssjóði.			
1. Eptirst. af láni frá $14/10$ '85	kr. 631 24		
2. — — — — $8/6$ '86	— 1690 52		
3. — — — — $3/9$ '92	— 7598 70		
4. — — — — $30/7$ '94	— 2447 14		
5. Lán án afborgunar $24/11$ '88	— 11800 00	kr. 24167 60	
b. Úr landsbankanum:			
1. Eptirst. af láni frá $25/7$ '95	kr. 1350 00		
2. — — — — $19/7$ '98	— 3000 00	— 4350 00	
c. Úr kirkjusjóði frá $15/1$ '94	— 700 00		
d. Ur búnaðarskólasjóði Suðuramtsins	— 1000 00	— 30217 60	
2. Aðrar skuldir		— 326 12	
3. Mismunur		— 34952 73	
		<u>kr. 65496 45</u>	

28. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á árinu 1904.

Tekjur:

1. Væntanlega eptirstandandi við árslok 1903	kr. 900 00
2. Jafnaðarsjóðsgjöld, þar með talið gjald samkv. 1. gr. laga 4. júní 1891 um breyting á gjöldum til amtsjóða og sýslusjóða	— 6900 00
	<u>kr. 7800 00</u>

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 600 00
2. Ferðakostnaður	— 50 00
	<u>Flutt kr. 650 00</u>

	Fluttar	kr. 650 00	
3.	10. afb. uppi og vaxtagreiðslu af láni til Ölfusárbrúarinnar að hálfu samkvæmt lögum 6. nóv. 1902 um helmingsuppgjöf eptirst. af láni til brúargjörðar á Ölfusá	— 241 32	
4.	Kostnaður samkvæmt lögum 2. okt. 1891 um skipun dýralækna á Íslandi	— 250 00	
5.	Menntamál (kvennaskóli í Reykjavík)	— 100 00	
6.	Gjald til búnaðarskólans á Hvanneyri á skólaárinu 1904—1905, samkv. 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjöldum til amtssjóða og sýslusjóða	— 840 00	
7.	Tillag til búnaðarskólans á Hvanneyri fyrir 1904—1905	— 4000 00	
8.	Ymisleg gjöld	— 900 00	
9.	Eptirstöðvar	— 818 68	kr. 7800 00
29.	Amtsráðið ályktaði, að veita 25 kr. fyrir skriptir á amtsráðsfundinum.		

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Suðuramtið, Reykjavík 27. ágúst 1903.

J. Havsteen.

Skýrsla

um fund amtsráðsins í Vesturamtinu 6. júní og 25.—28. júlí 1903.

Ár. 1903 6. dag júnímán. var aðalfundur amtsráðsins í Vesturamtinu settur í Reykjavík af forseta þess, amtmanni Júlíus Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum, hreppstjóra Snæbirni Kristjánssyni í Hergilsey (úr Austurbarðastrandarsýslu), sjera Þorvaldi Jakobssyni í Sauðlauksdal (úr Vesturbarðastrandarsýslu), sjera Páli Stephensen á Melgraseyri (úr Norðurisafjarðarsýslu) og prófasti, sjera Páli Ólafssyni í Vatnsfirði (úr Strandasýslu).

Með því fleiri voru eigi mættir, var eigi fundarfært, samkvæmt 4. gr. laga 11. júlí 1890, um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872, um sveitastjórn á Íslandi, og lýsti forseti því yfir, að hann mundi kveðja til fundar aptur, sem haldinn yrði laugardaginn 25. júlí næstkomandi í Reykjavík, samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 12.—14. maí f. á.

Amtsráðsmennirnir í Vesturisafjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Mýrasýslu höfðu tjáð forföll sín, en amtsráðsmaðurinn úr Dalasýslu mun

78 eigi hafa náð í gufuskipsferð úr Borgarnesi, vegna breytinga á áætlun gufubáts-
27. ágúst ins »Reykjavík«. Varamaðurinn úr Mýrasýslu hafði einnig tjáð forföll sín.

Var svo fundi slitið.

Vesturamtíð, Reykjavík 27 ágúst 1903.

J. Havsteen.

Ár. 1903, 25. dag júlímánaðar var aðalfundur amtsráðsins í Vesturamtinu settur í Reykjavík af forseta þess, amtmanni Júlíus Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum Ásgeiri bónda Bjarnasyni í Knararnesi (úr Mýrasýslu) Brandi hreppstjóra Bjarnasyni á Hallbjarnareyri (úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu), sýslumanni Birni Bjarnasyni á Sauðafelli (úr Dalasýslu), Snæbirni hreppstjóra Kristjánssyni í Hergilsey (úr Austurbarðastrandarsýslu), sjera Þorvaldi Jakobsyni í Sauðlauksdal (úr Vesturbarðastrandarsýslu), sjera Janusi, prófasti í Holti (úr Vesturísafjarðarsýslu), sjera Sigurði Stefánssyni í Vigur (úr Norðurísafjarðarsýslu) og sjera Páli prófasti Ólafssyni í Vatnsfirði (úr Strandasýslu).

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir 1902, og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Norðurísafjarðarsýslu og Vesturísafjarðarsýslu til endurskoðunar.
2. Forseti lagði því næst fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins fyrir 1902, og reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðsins fyrir sama ár; var hinn fyrnefndi reikningur fenginn amtsráðsmönnum úr Vesturbarðastrandarsýslu og Austurbarðastrandarsýslu til endurskoðunar, en hinn síðarnefndi amtsráðsmönnum úr Mýrasýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
3. Reikningur yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi fyrir 1902 var fenginn amtsráðsmönnum úr Strandasýslu og Dalasýslu til endurskoðunar.
4. Forseti skýrði frá, að innieign styrktarsjóðsins »Þorvaldarminning« í Söfnunarsjóði Íslands væri orðin 5047 kr. 36. a.
5. Forseti skýrði frá árangrinum af fjárskoðunum (sbr. skýrslu um aðalfund amtsráðsins í Suðuramtinu 25.—26. júní 1903 hjer að framan bls. 180—181).
Nú var komin skýrslan úr Austurbarðastrandarsýslu og vantaði aðeins skýrslan úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu; í 6 sýslum höfðu fundið 448 kindur með kláða.
6. Forseti lagði fram erindi frá sýslunefndarmanni í Dalasýslu sjera Kjartani prófasti Helgasyni í Hvammi, dags. 18. júlí f. á, þar sem hann í samráði við nokkra aðra sýslunefndarmenn skýrir frá því, að sýslumaður Björn Bjarnarson, sem hefir haft umsjón með brúargjörðinni á Laxá, hafi aðeins gefið 11 kr. fyrir hverja tunnu sements, sem hann keypti í Búðardal, en fært það til útgjalda í reikningi sínum yfir kostnaðinn við brúargjörðina á árinu 1900, sem er fylgiskjal með sýsluvegasjóðsreikningnum fyrir nefnt ár með 13 kr., og skýrt landshöfðingja frá því 4. desbr. 1901, að sementið hafi

kostað 14 kr., og í annan stað skorar á amtmann, að láta rannsaka þetta **78** mál. Ennfremur lagði forseti fram *öll þau brjef*, sem spunnizt hafa út af 27. ágúst þessari kæru, ýms skjöl, sem snerta hana og hina 2 ádurnefnda reikninga og sýslusjóðsreikninginn fyrir 1900, sem eptir ósk prestsins og meðkærenda hans höfðu verið sendir hinum kosna endurskoðenda sýslunefndarinnar, skólastjóra Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal, til rannsóknar, og ennfremur aðfinningar hans og svör sýslumanns. Jafnframt skýrði forseti stuttlega frá gangi þessa máls.

Eins og skýrslurnar í Stjórnartíðindunum um fundi amtsráðsins í Vesfuramtinu 1901 og 1902 (Stj.tíð. 1901, B, bls. 151—159 og 1902 bls. 201) bera með sjer, voru engir sýslureikningar úr Dalasýslu fyrir 1900 komnir til amtsráðsins, þá er það hjelt fund sinn 17. júní 1901, en eptir skýrslu sýslumanns orsakaðist dráttur á sýslufundi af sóttvarnarhaldi á heimili hans vegna skaratssóttar. Forseti hafði yfirfarið þessa reikninga, sem samkvæmt framkominni og nú aptur framlagðri útskrift úr gjörðabók sýslunefndarinnar frá 17. júní 1901 höfðu verið samþykktir af sýslunefndinni *athugasemdalaust*, og gjört nokkrar athugasemdir við sýsluvegasjóðsreikninginn, sem síðar hefir verið fullnægt. Ennfremur hefir sýslumaður sannað, að hann hafi látið sýslunefndarmanninn úr Miðdalahreppi endurskoða reikningana áður en þeir voru lagðir fram á sýslunefndarfundinum, og sannað með vottorði notarii publici í Reykjavík, að verðið á sementi væri tilfært með 13 kr. fyrir tunnuna í framsýndum reikningum Búðardalsverzlunarinnar við sýslumann frá 1900 og 1901, og að hann síðar hefði fengið uppbot á sementinu, sem honum samt eigi var kunn fyr, en eptir að hann hafði samið bæði fyrnefndan brúarreikning og 1900 og brúarreikninginn fyrir 1901. Ennfremur hafði sýslunefndarmadurinn í Miðdalahreppi, Ólafur Jóhannesson á Stóraskógi, vottað á á einu fylgiskjali með brúarreikningnum fyrir 1900, að verðið á sementi (42 tonn.) frá Búðardalsverzluninni væri í reikningi verzlunarinnar til sýslumanns tilfært með 13 kr. fyrir tunnuna, og var vottorð þetta kærandanum kunnugt, þegar hann kærði. Að því leyti, er snertir skýrsluna til landssjóðs um kostnaðinn við brúargjörðina, þá er sú skýrsla eigi neinn reikningur, heldur öllu fremur áætlun, en þá er hún var samin vissi sýslumaður ekki af uppbotinni. Skýrslan var látin í tje til þess, að fá fyrirheitinn styrk til brúarinnar útborgaðan úr landssjóði, sbr. fjárlögin fyrir 1900—1901, 12. gr. B. 8., en landshöfðingi hefir í framlögðu brjefi, dags. 12. septembr. f. á., látið í ljós, að það eptir atvikum hafi eigi haft nein áhrif í útborgun hins umrædda styrks, hvort sem sementstunnan hefði verið reiknuð 13 kr. eða 14 kr. eða jafnvel þótt hún hefði verið talin 11 kr. Í kæruskjalinu er þess getið að grunur hafi leikið á því, að aðrir útgjaldaliðir í brúarreikningnum fyrir 1900 væru of háir, en hjer kemur til greina, að sýslunefndin hefir samkv. 42. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi ábyrgð á því, að sýslureikningarnir sjeu rjettir, og á fundi sínum 17. júní 1901 hefir hún fallizt á framlögin, og samþykkt reikninginn, eins og skýrt er frá að framan. Forseti lagði fram svar sitt uppá fyrnefnda kæru, dags. 15. septbr. f. á., þar sem þau at-

vik eru talin, sem getið er um að framan, auk ýmislegs annars, svo sem aðvörun til sýslunefndarinnar, um að hafa sjer það hugfastara, en að undanförunu, sem fyrirmælt væri í 41. og 42. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitastjórn á Íslandi, sbr. Stj.tíð. 1892, B, bls. 224. 1893 B, bls. 70 og sjer í lagi 1896, B, bls. 70, sem ber vott um fremur óheppilega meðferð á sýsluvegafje í Dalasýslu. Amtmaður hafði af framangreindum ástæðum eigi tekið til greina áskorun kærands um, að rannsókn yrði hafin gegn sýslumanni.

En málið var ekki búið hjermed. Forseti skýrði frá því, að hann enn hefði meðtekið nýja kæru frá prófastinum, dags. 29. septbr. f. á., undirskrifada af honum og 4 öðrum sýslunefndarmönnum, þar á meðal endurskoðanda sýslureikninganna, skólastjóra Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal. Þessi kæra var framlögð. Í henni var sleppt kærutridinu um sementsverðið og um skýrsluna til landshöfðingja, en aptur á móti voru komnir fram nýir kærupóstar.

Fyrst er það tekið fram, að sýslumaður eigi fylgi þeim reglum, sem felast í 41. gr. tilsk. 4. maí 1872, og að sjer í lagi hafi verið brögð að þessu 1900; í annan stað hefði sýslumaður eigi gjört enn grein fyrir 200 kr., sem hann eptir ályktun sýslunefndarinnar hefði tekið úr sýslusjóði 1900, og fært til útgjalda, til þess að kaupa áhöld fyrir handa skólanum í Búðardal. Í þriðja lagi var kært yfir því, að fært sje til útgjalda í brúarreikningnum fyrir 1900 kaupverð fyrir 55 tunnum af sementi, en aðeins hafi verið brúkuð 51 tunna, og þó hætt við stöplahleðsluna í ágúst 1900 vegna sementsleysis; segjast kærendurnir hafa greinilega og áreiðanlega skýrslu um það, að 51 tunnu af sementi hafi verið eytt til brúarsöplanna árið 1900 og hafi þá ekkert sement verið til óeytt. Í fjórða lagi er kært yfir því, að sýslumaður hafi notað fje til vegagjörðar við brúna, sem sje innifalið í kostnaði þeim, sem í reikningnum sje talinn til stöplahleðslu. Kærendurnir fóru svo þess á leit, að fá reikningana til rannsókna, ef amtið enn eigi fyndi ástæðu til að hefja sakamálarannsókn útaf þessu reikningsmáli, og varð það svo úr að sýslusjóds- og sýsluvegasjóds og brúarreikningarnir fyrir 1900 voru þeim sendir til rannsókna af hinum kosna endurskoðanda sýslunefndarinnar, eptir að forseti fyrst hafði ákveðið, að rannsóknin skyldi fara fram á sýslunefndarfundi. Að framfarinni þessari rannsókn skyldi sýslunefndin yfirfara reikningana, sem svo skyldu sendir amtsráðinu með athugasemdum og svörum til endilegs úrskurðar.

Forseti gat þess, að hann hefði leitað álits sýslumannsins um þessa kæru og var brjef hans hjer að lútandi, dags. 9. desbr. f. á., framlagt, en endurrit af því hafði verið sent kærundunum með brjefi amtmanns, dags. 4. marz þ. á., sem einnig var framlagt. Forseti tók það fram, um fyrnefnda framhaldskæru, dags. 29. septbr. f. á., að hann þráfaldlega hefði áminnt sýslumanninn að vanda embættisverk sín, og fara eptir þeim reglum, sem gilda um þau. Að því leyti, sem snertir þær 200 kr., sem greiddar höfðu verið á árinu 1900 úr sýslusjóði, þá hafði amtmaður löngu áður en kæran kom fram, gjört ráðstafanir til þess, að komast fyrir um, hvernig á þeim drætti stæði, sem átti sjer stað á þessum áhaldakaupum. Um sementsnotkunina

1900 segjast kærendurnir hafa skilríki í höndum, en þau eru enn ekki fram- **78**
 komin. Sýslumaður lýsir því aptur á móti yfir, að sá maður, sem álitid hafi, 27. ágúst
 að aðeins hafi verið notuð 51 tunna, geti eigi sagt neitt um þetta með vissu.
 Um vegagjörðina við brúargjörðina er það að segja, að sýslumaður hefir
 fært rök fyrir því, að hún var nauðsynleg í brád við brúargjörðina, enda
 liggur það í augum uppi, að vegur verður að liggja að brúnni.

Hinir áður nefndu reikningar liggja fyrir með athugasemdum og svörum.
 Forseti gat þess, að flestar athugasemdirnar stæðu í sambandi við fyrnefnd
 kæruatriði, en sumar af þeim væru ónauðsynlegar. Sjerstaklega tók forseti
 það fram um 1. gr. athugasemdanna við sýslusjóðsreikninginn fyrir 1900,
 tekjulid 2, fylgiskjal I, sem á að sýna, hvernig sýslusjóðsgjaldið hefði komið
 niður á hreppana, að þessi athugasemd væri að vísu rjett, en hún væri samt
 ekki byggð á rjettum grundvelli. Fyrst að því leyti, sem sýslusjóðsgjaldið
 úr Dalasýslu 1900 átti eptir ályktun sýstunefndarinnar 27. apríl 1900 að vera
 1629 kr. 80 a., en eptir fylgiskjalinu hefir verið jafnað niður 1637 kr. 80 a.
 Verkfærramannatalan er frá árinu 1900, en gjaldið hefði átt að miða við
 verkfærramanna töluna 1899. Svo er það einnig ónákvæmt, að byggja út-
 reikninginn á því, hve mikið kom á hvert fasteignar og lausafjrhundrað,
 og hvað mikið á hvern karlmann, sem hefir leitt til þess, að niðurjöfnunar-
 upphæðin einmitt hefir orðið ofmikil, heldur á að reikna gjaldið út fyrir
 hvern hrepp með einfaldri þríliðu. Upphæð sú, sem þannig kemur niður á
 lausafjár- og fasteignarhundruðin í Laxárdalshreppi verður því hvorki 141
 kr. 56 a., eins og sýslumaður hefir það, nje heldur 140 kr. 93 a., eins og
 endurskoðandi hefir reiknað út upphæðina, heldur verður hún 140 kr. 7 a.
 Upphæðin, sem lendir á Saurbæjarhreppi af þeim hluta gjaldsins, sem mið-
 að er við verkfæra karlmenn, verður 67 kr. 39 a., en ekki 66 kr. 64 a., og
 hið samsvarandi gjald fyrir Hvammshrepp 53 kr. 64 a. Útreikningurinn
 hjá sýslumanni er yfirleitt eigi rjettur, en hjer er um svo litlar upphæðir að
 ræða, að það virðist mega standa við svo búid. Forseti gat þess ennfremur,
 að sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningarnir úr Strandasýslu fyrir 1901 hefðu
 verið samþykktir á fundi amtsráðsins í fyrra, þótt þeir eigi hefðu verið end-
 urskoðaðir af hinum kosna endurskoðanda, heldur af sýslunefndinni í heild
 sinni, og væri því síður ástæða til þess hjer, að virða að vettugi samþykki
 sýslunefndarinnar í Dalasýslu á reikningana fyrir 1900, þar sem sjerstaklegar
 kringumstæður hefðu verið fyrir hendi, og sýslumaður hefði þó látið einn
 sýslunefndarmann endurskoða reikninginn fyrir fundinn.

Forseti skýrði frá fullnustu á úrskurðum þeim, sem amtsráðið hefði lagt
 á sýslureikningana fyrir 1901; var þeim öllum fullnægt, nema að því leyti,
 sem sýslumaðurinn í Dalasýslu hefði eigi sinnt 1. gr. athugasemdanna við
 sýslusjóðsreikning Dalasýslu við samning reikningsins fyrir 1902, sbr. úr-
 skurðun þessa reiknings. — Samkvæmt úrskurði amtsráðsins á 8. gr. at-
 hugasemdanna við sýslusjóðsreikning Dalasýslu fyrir 1901, viðvíkjandi vant-
 andi heimild af hálfu sýslunefndarinnar til þess að 1159 kr. 18 a. hefðu ver-

78
27. ágúst

ið greiddar úr sýslusjóði til brúargjörðarinnar á Laxá, höfðu sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningarnir fyrir 1901 ásamt tilheyrandi brúarreikningi, verið endursendir til þess sýslunefndin gjörði nánari grein fyrir þeirri ályktun sinni á fundinum 19.—20. apríl 1902, að hún *felldi reikningana*. Samkvæmt framlagðri útskrift úr gjörðabók sýslunefndarinnar, viðvíkjandi fundarhaldi hennar 23.—26. marz þ. á., hefir sýslunefndin ályktað með 5 atkvæðum, að engin heimild væri fyrir útborgun fyrnefndrar upphæðar, 1159 kr. 18 a., og heimtar, að upphæðin verði endurgoldin sýslusjóði.

Það lítur þannig út, sem sýslunefndin ætlizt til, að sýslumaður Björn Bjarnarson á Sauðafelli eignist part í Laxárbrúnni, en það mun ekki hafa verið meining alþingis, þegar það veitti 1700 kr. sem þriðjung kostnaðar til brúargjörðarinnar með fjárlögunum fyrir 1900—1901, 12. B. 8.

Nú hefir þessi styrkur verið útborgaður úr landssjóði, 500 kr. á árinu 1900 og 1200 kr. á árinu 1901, en þessi styrkur, sem var nauðsynlegur til þess að verkið yrði unnið, gat eigi fengizt útborgaður, nema tiltölulegur hluti yrði lagður fram af sýslufjelaginu, sem er skuldbundið gagnvart landsjóði til þess að byggja brúna, eða leggja fram fje til hennar að tiltölu við þá upphæð, sem ákveðin er í fjárlögunum. Að sýslunefndin gleymdi því að veita þetta fje á fundi hennar 17. júní 1901, er ekki fremur sýslumanninum að kenna, en sýslunefndinni í heild sinni, enda hefir sýslunefndin bætt úr þessu á aukafundi sínum 22. maí 1902, þar sem hún ályktar eða samþykkir útaf brúargjörðinni á Laxá, að veita, *auk þess sem komið er*, 700 kr. til áframhalds Laxárbrúarinnar. Hjer er spursmál um fjárbrúkun til þess verks, sem sýslunefndin hefir samþykkt, að skyldi framkvæmt, og veitt til þess fje bæði fyr og síðar. Í brjefi sýslunefndarmannanna, sjera Kjartans prófests Helgasonar og Torfa skólástjóra Bjarnasonar, dags. 18. þ. m. og sem er stíllað til amtmanns og hefir inni að halda aðfinningar við hann útaf því, að sýslumaðurinn í Dalasýslu hefði eigi sent endurskoðanda sýslureikninganna fyrir 1902 í tæka tíð, nje heldur látið hreppsnefndunum í tje hin fyrirskipuðu endurrit af sýslureikningunum, er nú skýrt frá, að það sje eigi meining þeirra, að sýslumaðurinn eigi að greiða áðurnefndar 1159 kr. 18 a., en að öllum sýslunefndarmönnum sje kunnugt um, að þeir 4 hreppar sýslunnar, sem mest not hafa af Laxárbrúnni, hafi allir lofað að kosta brúna að einhverju leyti, og að sýslunefndin ætlist til, að þeir beri þann kostnað, sem sýslusjóður og landssjóður eigi legðu fram. Ennfremur var lagt fram brjef fyrnefndra sýslunefndarmanna, dags. s. d. (18. þ. m.), þar sem þeir leitast við, að sanna, að framlagið til brúarinnar 1901 sje sýslunefndinni óviðkomandi.

Forseti stakk uppá því, að 3 manna nefnd væri kosin til þess, að rannsaka þetta mál og málið um sýslusjóðsreikninginn fyrir 1901, snertandi óheimila fjárnotkun til Laxárbrúarinnar, og láta uppi tillögur sínar og álit um þau. Samkvæmt þessu kaus amtsráðið í nefndina þá sjera Þorvald Jak-

obsson, sjera Sigurð Stefánsson og Snæbjörn hreppstjóra Kristjánsson og voru 78 öll skjöl, er snera þessi mál, afhent nefndinni.

27. ágúst

7. Forseti lagði þvinæst fram sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningana fyrir 1902 úr öllum sýslum amtsins; höfðu endurskoðendur í hjeradi endurskoðað þá, og forseti amsráðsins yfirfarið þá.

A. úr Strandasýslu.

a. Sýslusjóðsreikningurinn var samþykktur án athugasemda.

b. Sýsluvegasjóðsreikningurinn.

Forseti hafði athugað, að engar kvittanir fylgja fyrir þeim upphæðum, sem útborgaðar eru fyrir unnar vegagjörðir, en aptur á móti reikningur fyrir því, sem unnið hefir verið, og skoðunargjörðarvottorð. Þegar þessar reikningar eru bornir saman við þá upphæð, sem eptir sýsluvegasjóðsreikningnum er útborguð alls fyrir unnar vegagjörðir, 595 kr. 50 a., þá kemur hún ekki heim við reikningana, sem annaðhvort geta numið 468 kr. eða 441 kr. 25 a. Sýslumaður á að gjöra nánari skil fyrir þessu, og senda forseta skrá eða skilagrein fyrir þeim vegagjörðum, sem framkvæmdar hafa verið, með tilheyrandi kvittunum. Með því skilyrði, að þessari athugasemd yrði fullnægt, var forseta falið að samþykkja reikninginn.

Á reikningana ber eptirleiðis að rita athugasemdir endurskoðanda eða vottorð hans um endurskoðunina.

B. úr Norðurisafjardarsýslu.

a. Sýslusjóðsreikningurinn.

b. Sýsluvegasjóðsreikningurinn.

Af gjörðabókarútskriftinni sjest, að endurskoðandi hefir endurskoðað þessa reikninga, og sýslunefndin hefir samþykkt þá með þeirri einu athugasemd, að ógreidd gjöld úr Grunnavíkurhreppi skyldu innheimt svo fljótt sem unnt væri.

Amtsráðið athugaði til eptirbreytni framvegis, að vottorð endurskoðanda um endurskoðun reikninganna skyldi ávallt rituð á þá.

Forseti hafði athugað, að 6. fylgiskjalið við sýslusjóðsreikninginn, gjaldlið 3, vantaði.

Amtsráðið samþykkti báða reikningana með því skilyrði, að hið umrædda vantandi fylgiskjal með sýslusjóðsreikningnum væri sent forseta fyrir lok septmán. næstkomandi, og skilríki innan þess tíma fyrir því, að sýslusjóðsgjaldið (270 kr. 60 a.) og sýsluvegagjaldið (80 kr.) úr fyrgreindum hreppi væri innheimt.

C. úr Vesturisafjardarsýslu.

a. Sýslusjóðsreikningur.

b. Sýsluvegasjóðsreikningur.

Báðir þessir reikningar voru samþykktir án athugasemda.

Amtsráðið ákvað samt, til athugunar framvegis, að reikningur sýslumanns skyldi fylgja sýslusjóðsreikningnum fyrir því, sem honum hefði

78
27. ágúst

verið greitt fyrir rittföng og skriptir, sbr. 33. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitastjórn á Íslandi.

D. úr Vesturbarðastrandarsýslu.

a. Sýslusjóðsreikningurinn var samþykktur án athugasemda. Forseti hafði fundið að athuga, að sýslumaður hefði ranglega byggt niðurjöfnun $\frac{1}{3}$ sýslusjóðsgjaldsins á tölu verkfærra karlmanna 1902 í stað þess að fara eftir tölu verkfærra karlmanna 1901, sem amtið hafði haft fyrir augum við niðurjöfnun sína á sýslurnar. Amtsráðið ályktaði, að við svo búið mætti standa í þetta skipti, en væntir, að farið verði eftirleiðis eftir tölu verktærra karlmanna á næsta ári á undan.

b. Sýsluvegasjóðsreikningurinn var samþykktur án athugasemda.

E. úr Austurbarðastrandarsýslu.

a. Sýslusjóðsreikningurinn.

Athugasemd sú, sem endurskoðandi hefir gjört um ranga niðurjöfnun sýslusjóðsgjaldsins, er alveg rjett, og þarf engrar frekari rannsóknar við um það. Amtsráðið úrskurðaði þá athugasemdina á þá leið, að innheimta skuli vangoldið sýslusjóðsgjald úr Flateyjarhreppi, 27 kr. 4 a., en endurborga Geiradalshreppi 4 kr. 75 a., Reykhólahreppi 11 kr. 98 a., Gufudalshreppi 6 kr. 19 a. og Múlahreppi 4 kr. 12 a. Amtsráðið samþykkti reikninginn með því skilyrði, að þessum úrskurði yrði fullnægt.

Forseti hafði athugað, að niðurjöfnun sýslusjóðsgjaldsins á hreppana væri röng, að því leyti, er snertir $\frac{1}{3}$ gjaldsins, og hefði átt að miða hana við tölu verkfærra karlmanna frá 1901, en það verður að standa við það, sem komið er í þessu tilliti, og er þetta tekið fram til eftirbreytni eftirleiðis, og sömuleiðis það, að reikningur fyrir framlögum sýslumanns fyrir skriffærum o. s. frv. fylgi reikningnum.

b. Sýsluvegasjóðsreikningurinn.

Endurskoðandi hefir athugað, að tala verkfærra karlmanna í Flateyjarhreppi er 59 en ekki 39, og er því vantalið sýsluvegagjaldið úr hreppnum með 25 kr.; úrskurðaði því amtsráðið, sem álitur athugasemdina rjetta, að innheimta skyldi þessa upphæð, og telja hana með tekjum sjóðsins í næsta reikningi. Að öðru leyti samþykkest reikningurinn.

F. úr Dalasýslu.

a. Sýslusjóðsreikningurinn.

I.

Athugasemdir endurskoðanda voru framlagðar og úrskurðaðar á þessa leið:

1. gr.

Sýslumaður á eftirleiðis að láta endurskoðanda í tje endurrit af fyrra ársreikningi, ásamt með úrskurðum amtsráðsins á reikninginn, svo hann geti sjóð, hvort eftirstöðvarnar sjeu rjett tilfærðar, og enn frem-

ur endurrit af áætluninni um tekjur og gjöld sýslusjóðsins á árinu, sem **78** reikningurinn á við, sem sýnir hve mikla upphæð eigi að jafna niður 27. ágúst á hreppana.

Endurskoðandi hefir ekki getað vitað neitt hjerum, en bæði eptirstöðvarnar og sýslusjóðsgjaldið er rangt hjá sýslumanni, eins og kemur fram í athugasemdum forseta.

2. gr.

Fullnægt með svarinu.

3. gr.

Til athugunar.

4. gr.

Fullnægt með svarinu.

5. gr.

Má við svo búið standa, en eptirleiðis láti sýslumaður fylgja reikning fyrir framlögum sínum, samkvæmt 33. gr. tilskip. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi.

6. gr.

Fullnægt með svarinu.

7. gr.

Sömuleiðis.

8. gr.

Sömuleiðis.

9. gr.

Gjaldið er greitt amtinu, en eptirleiðis ber sýslumanni, að láta kvittun þess fylgja reikningnum.

10. gr.

Fullnægt með svarinu.

11. gr.

Sömuleiðis.

12. gr.

Sömuleiðis.

13. gr.

Má við svo búið standa, en eptirleiðis má alls eigi verja fje úr sýslusjóði til vegagjörða, nema með samþykki amtsráðsins.

II.

Athugasemdir forseta og úrskurdir amtsráðsins.

1. gr.

Samkvæmt 1. gr. úrskurðar amtsráðsins á reikninginn fyrir 1901, sem

78
27. ágúst

sýslumaður heyrði uppkveðinn á sínum tíma, og sem honum er birtur, á eigi sjóðsins frá fyrra ári að vera 887 kr. 14 a., en ekki 887 kr. 50 a. Amtsráðið leggur sýslumanni fyrir, að fullnægja þessum úrskurði í næsta reikningi.

2. gr.

- a. Sýslumaður hefir jafnað niður (sbr. forskjal. I.) 1996 kr. 68 a. sem sýslusjóðsgjaldi, þótt ályktun sýslunefndarinnar á fundi hennar 19.—22. apríl f. á. sje sú, að sýslusjóðsgjaldið eigi að vera 1982 kr. 19. a. Amtsráðið lætur við svo búið standa í þetta skipti, en skorar á sýslumann, að bregða eigi eptirleiðis útaf ályktun sýslunefndar um þetta at-
riði.
- b. Sýslumaður hefir ranglega byggt niðurjöfnun $\frac{1}{3}$ parts sýslusjóðsgjaldsins á tölu verkfærra karlmanna 1902 í stað þess, að fara eptir tölu verkfærra karlmanna 1901, sem amtið hafði fyrir augum við niðurjöfnun jafnaðarsjóðsgjaldsins á sýslurnar, en amtsjafnaðarsjóðsgjaldið er goldið úr sýslusjóði, eða er partur úr sýslusjóðsgjaldinu.

Amtsráðið ályktaði, að við svo búið mætti standa í þetta skipti, en vonar, að rjett aðferð verði höfð við niðurjöfnunina framvegis.

3. gr.

Sýslumaður hefir reiknað sjer sem kjörstjóra við alþingiskosningar 1902 (sbr. gjaldlið 11, forskjal 9) í 2 daga 8 kr., hvað hann kallar kaup og ferðakostnað. Eptir 38. gr. laga 14. september 1877, um kosningar til alþingis, sbr. 33. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitastjórn á Íslandi, bera honum aðeins 2 kr. á dag, og ber honum því að endurgjalda sýslusjóði 4 kr.

4. gr.

Reikningurinn er tekjumegin lagður rangt saman, og á að vera 4029 kr. 18 a., en ekki 4032 kr. 18 a., en eptir úrskurði amtsráðsins á reikninginn fyrir 1901 á hin samanlagða upphæð að vera 4028 kr. 82 a. sbr. 1. gr. Í sjóði til næsta árs 85 kr. 45. a.

- b. Sýsluvegasjóðsreikningurinn.

Athugasemdir endurskoðanda voru framlagðar og úrskurðaðar á þessa leið:

1. gr.

Sætir eptirlitum, og ber sýslumanni að senda forseta fullnægjandi skýrslu um hina unnu vegagjörð á Skarðsströnd.

2. gr.

Fullnægt með svarinu.

3. gr.

Fullnægt.

4. gr.

Fullnægt með svarinu.

5. gr.

Fellur niður eptir svarinu.

78

27. ágúst

6. gr.

Skal við svo búið standa, og álitur amtsráðið, að sýslumanni hafi verið skylt, að gjöra að þeim torfærum, sem spursmál er um.

Amtsráðið er endurskoðanda samdóma um, að sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningarnir sjeu eigi svo greinilegir, sem óskandi væri. Sjer í lagi er það aðfinnsluvert, að útgjöld til vegagjörða eru tilfærð í sýslusjóðsreikningnum, þar sem þau alls ekki eigi heima, og má alls eigi leggja neitt til vegagjörða úr sýslusjóði, nema samkvæmt skýlausri ályktun sýslunefndar, sem samþykkt sje af amtsráðinu. Þar sem tilfærðar eru 110 kr. 84 a. undir gjaldlið 20 í sýslusjóðsreikningnum og tekjulið 8 í sýsluvegasjóðsreikningnum sem tillag til sýsluvegasjóðs, þá er engin heimild fyrir þessu, og ber að skoða þetta sem lán, og færa þessa upphæð aptur til inntektar fyrir sýslusjóð í næsta reikningi.

Amtsráðið leggur sýslumanni fyrir, að leggja ávallt reikningsúrskurði amsráðsins fyrir sýslunefndina á aðalfundum hennar, og tilkynna þá endurskoðanda, og yfir höfuð taka til greina athugasemdir og fyrirskipanir amtsráðsins.

G. úr Snæfellsness og Hnappadalssýslu.

a. Sýslusjóðsreikningurinn.

b. Sýsluvegasjóðsreikningurinn.

Báðir þessir reikningar voru samþykktir áu athugasemda.

H. úr Mýrasýslu.

a. Sýslusjóðsreikningur.

1.—3. gr. athugasemdanna.

Kvittanir þær, sem vantar eptir þessum athugasemdum endurskoðanda, eru innkomnar, nema nr. 18, sem sýslumaður hefir lofað að senda.

4. gr.

Má við svo búið stand.

5. gr.

Sömuleiðis.

Reikningurinn er samþykktur með því skilyrði, að hin vantandi kvittun sendist forseta.

b. Sýsluvegasjóðsreikningurinn.

1.—2. gr.

Af þeim 2 kvittunum, sem vantar eptir athugasemdum endurskoðanda, er önnur komin. Samþykkist reikningurinn með því skilyrði, að hin kvittunin sendist forseta.

8. Þá voru lögð fram og yfirfarin eptirnefnd endurrit af gjörðabókum allra sýslunefndanna.

A, úr Strandasýslu frá 6.—9. apríl og 5. júní 1903.

B, úr Norðurlandafjarðarsýslu frá 3.—5. marz 1903.

C, úr Vesturlandafjarðarsýslu frá 10.—11. febr. 1903.

D, úr Vesturbarðastrandarsýslu frá 27.—29. janúar og 24.—25. marz 1903.

E, úr Austurbarðastrandarsýslu frá 13.—14. marz 1903.

Áð því leyti, sem amtsráðsmaðurinn í Austurbarðastrandarsýslu hefir eptir ályktun sýslunefndarinnar borið upp þá uppástungu, að sýslumenn væru að jafnadi sjálfráðir um, hvenær þeir hjeldu aðalfundi sýslunefnda, en yrðu þó í því efni að gæta þess, að eptirrit af gjörðabókunum væri komið til amtmanns fyrir amtsráðsfund, gat forseti þess, að amtsráðið hefði á fundi sínum 14.—15. júní 1895 (Stj.tíðindi 1895 B, bls. 181) ályktað, að leggja sýslumönnum fyrir, að halda aðalfundi sýslunefnda svo tímanlega á ári hverju eptirleidis, að allar afgreiðslur, snertandi amtsráðið, reikningar og gjörðabókar-endurrit væri komin til forseta ráðsins fyrir lok aprílmánaðar ár hvert, enda er þetta í samræmi við 41. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitastjórn á Íslandi sbr. 48. gr., og það er ekki nóg, að forseti fái endurrit af gjörðabókunum um sýslufundarhaldið, heidur verður hann að hafa í tæka tíð fyrir amtsráðsfund bæði þær afgreiðslur eða brjef frá sýslumanni, sem ályktanir sýslunefndar gefa tilefni til, og sýslureikningana

Áð því leyti, er snertir aðalfundi amtsráðsins, þá á að halda þá í júní, samkvæmt 48. gr. nefndrar tilskipunar, en samt má víkja frá þessu úr því hvor amtmaður á að halda 2 aðal amtsráðsfundi, sem eigi var, þegar nefnd tilskipun kom út, og er því ekkert á móti því, að fundurinn verði haldinn í júlí þau ár, sem alþingi ekki kemur saman.

F, úr Dalasýslu frá 28. maí 1902 og frá 23.—26. marz 1903.

Sýslunefndin hefir ályktað að skora á alþing, að semja lög um það, að yfirsetukonur skuli sitja á hentugum stöðum eptir tilvísun sýslunefnda. Amtsráðið athugaði, að það væri alls eigi nauðsynlegt, að búa til lög um það, sem lög væru til um, sbr. 1. gr. yfirsetukvennalaga 17. desbr. 1875.

Sýslunefndin hefir samið við sjera Ólaf Ólafsson í Hjarðarholti um að hreinskrifa fjallskila- og kynbótareglugjörðina og lagfæra mál og rjettritun á henni.

Það er sýslunefndin, sem á að leggja síðustu hönd á verkið hjer, og er þessi aðferð, sem hjer á að nota, ólögsmæt.

Forseti lagði fram brjef sýslumannsins, dags. 27. marz þ. á., þar sem hann fer þess á leit, að fá samþykki amtsráðsins til þess, að sýslunefndin megi jafna niður á hreppana 3429 kr. 16. a., en þess skal getið, að það sjest ekki af hinni framsendu gjörðabókarútskript, viðvíkjandi fundarhaldi nefndarinnar 23.—26. marz þ. á., að nefndin hafi hugsað um að biðja um þetta samþykki. Upphæð sú, sem má jafna niður án samþykkis amtsráðsins, er 2361 kr. 25 a.

Forseti hafði athugað, að gjörðabókarútskriptin bæri með sjer, að aðeins ein áætlun hefði verið gjörð á fundinum, sem nær bæði til sýslusjóðs og

sýsluvegasjóðs, og að fjárveitingunni til útgjalda úr sýslusjóði og sýsluvegasjóði hefði verið blandað saman; kemur þetta í bága við 11. gr. laga 13. 27. ágúst apríl 1894, um vegi, sbr. 2. gr. laga 12. jan. 1900, um fjölgun og viðhald þjóðvega.

Í gjörðabókarútskriftinni eru taldar upp ýmsar fjárveitingar til vega, án þess nægar upplýsingar liggi fyrir um það, til hverskonar vega þær eru ætlaðar, og er sú upphæð alls, eptir því, sem næst verður komið, 1403 kr. 25 a., ekki 1449 kr., eins og forseti fyrst hafði ætlað. Á hinn bóginn er sýsluvegagjaldið (á árinu 1902) talið að muni verða 500 kr., og hefir sýslunefndin þannig á móti gildandi lögum veitt 993 kr. 25 a. úr sýslusjóði til vegabóta. Forseti skýrði frá, að hann hefði í brjefi, dags. 8. þ. m., samþykkt fyrir hönd amtsráðsins niðurjöfnunarupphæðina, en þó þannig, að upphæð sú, sem ætluð væri til vegabóta, og sem færi fram úr sýsluvegagjaldinu, um 949 kr., eða rjettara 993 kr. 25 a., yrði eigi útborguð fyrir en ályktun amtsráðsins sjálfs lægi fyrir. Nú var framkomið brjef sýslumannsins, dags. 25. þ. m., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar sækir um samþykki amtsráðsins til þess, að framannefndar 993 kr. 25 a. til vegabóta megi greiðast úr sýslusjóði, og samþykkti amtsráðið þetta.

G. úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 23.—24. marz 1903.

Forseti gat þess, að hann með brjefi, dags. 16. marz þ. á., hefði leyft sýslunefndinni að jafna niður allt að því 2500 kr. sem sýslusjóðsgjaldi, en það, sem jafna má niður, er 2327 kr. 59 a. Sýslumaður leitar ávallt slíks samþykkis fyrirfram, sem er rjett. Þegar til kom, var eigi jafnað niður nema 2039 kr. 53 a.

H. úr Mýrasýslu frá 11. marz 1903.

9. Forseti lagði fram hinar fyrirskipuðu skýrslur um ástand styrktarsjóða handa alþýðufólki fyrir árið 1902, og voru þessar skýrslur yfirfarnar með hlidsjón af endurritunum af gjörðabókum sýslunefndanna. Sýslumaðurinn í Ísafjardarsýslu hafði skýrt svo frá, að þótt hann hefði tilkynnt öllum hreppsnefndunum í tæka tíð, hve mikið fje ætti að koma til úthlutunar úr sjóðunum 1902, þá hefðu engar styrkveitingar farið fram, nema í Suðureyrarhreppi í Vesturísafjardarsýslu, og Reykjafjarðarhreppi, Snæfjallahreppi og Sljettuhreppi í Norðurísafjardarsýslu; höfðu sumar hreppsnefndir skýrt svo frá, að engir hefðu sótt um styrkinn, og að sumar hefðu tjáð sjer, að þær óskuðu, að allar tekjurnar legðust við sjóðinn, með því aðeins væri um svo lítið að gjöra.
10. Forseti lagði fram álit sýslunefnda úr Vesturamtinu og bæjarstjórnarinnar á Ísafirði um það, hvernig kjördæmaskipun mundi haganlegast komið fyrir í hverju umdæmi, og hafði forseti safnað þessum skýrslum samkvæmt fyrir mælum landshöfðingjabrjefs, dags. 24. septbr. f. á., er byggjast á ályktun neðri deildar alþingis, sem einnig gekk út á það, að stjórnin legði fyrir næsta þing þar á eptir frumvarp til laga um kjördæmaskipun. Ennfremur hefði landshöfðingi skipað svo fyrir, að leggja skyldi þessi álit undir amts-

78

27. ágúst

ráðin til álita, og er það tekið fram í öðru landshöfðingjabrjefi, dags. 1. oktbr. f. á., að amtsráðunum yrði gefinn kostur á, að láta uppi álit sitt um kjördæmaskipunina í hverjum landsfjórðungi.

Aðeins ein af sýslunefndunum, sem sje nefndin í Dalasýslu, lætur uppi álit sitt um kjördæmaskiptingu í öllu amtinu, þar með þá skoðun, að Vestmannaeyjar verði sameinadar í eitt kjördæmi við Gullbringu- og Kjósarsýslu, en hinar sýslunefndirnar halda sjer við sínar sýslur eða kjördæmi, og er yfirleitt eigi um aðra breytingar að ræða, en að Ísafjarðarkaupstaður verði kjördæmi út af fyrir sig, og Barðastrandarsýsla 2 kjördæmi. Sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu vill helzt fresta málinu þangað til hið nýja stjórnarskrárfrumvarp, sem fjölgar þjóðkjörnum þingmönnum um 4, væri gengið í gildi.

Álit amtsráðsins gengur í þá átt, að sú skipun haldist, sem nú er, að því undanteknu, að Ísafjarðarkaupstaður verði eitt kjördæmi út af fyrir sig; þó voru 3 atkvæði með því, að Barðastrandarsýsla yrði 2 kjördæmi.

11. Amtsráðið samþykkti þá tillögu sýslunefndarinnar í Vesturbarðastrandarsýslu, að yfirsetukvennaumdæmin í Rauðasandshreppi, sem nú eru 2. og 3. umdæmi sýslunnar, verði 3, þannig að 2. umdæmið nái eptirleiðis yfir Eyrar, Rakkadall, Hlaðseyri, Vesturbotn, Skápadal, Kot, Hvalsker, Sauðlauksdal, Kvígindisdal og Vatnsdal, 3. yfir Rauðasand allan og Keflavík, og 4. yfir Hvallátur, Breiðuvík, Kollsvík, Hænuvík, Sellátraness og alla bæi í Örlygshöfn. Samkvæmt þessu verður 4. umdæmið, sem nú er, hið 5. í röðinni, og svo framvegis.

Amtsráðið samþykkti ennfremur þá tillögu sýslunefndarinnar í VesturÍsafjarðarsýslu, að 1. yfirsetukvennaumdæmi sýslunnar, sem nær yfir Auðkúluhrepp, verði skipt í 2 umdæmi, þannig að 1. umdæmi sýslunnar verði Auðkúluhreppur vestanverðu Arnarfjarðar frá Hokinsdal yfir Mosdal að Dynjanda, en 2. umdæmið Auðkúluhreppur frá Borg að Lokinhömrum, að báðum þessum bæjum meðtöldum.

Sýslunefndin í Dalasýslu hefir lagt það til, að yfirsetukvennaumdæmaskipun í sýslunni yrðu eptirleiðis á þá leið, að hver hreppur verði yfirsetukvennaumdæmi út af fyrir sig, þannig, að umdæmin yrðu 8 í stað 6, sem þau nú eru.

Amtsráðið samþykkti þessa tillögu og verða umdæmin þá þessi:

- | | |
|---------------------------|--------------------------|
| 1. Hörðudalshreppur. | 2. Míddalahreppur. |
| 3. Haukadalshreppur. | 4. Laxárdalshreppur. |
| 5. Hvamshreppur. | 6. Fellsstrandarhreppur. |
| 7. Skarðsstrandarhreppur. | 8. Saurbæjarhreppur. |
12. Forseti lagði fram frumvarp til reglugjörðar fyrir NorðurÍsafjarðarsýslu, um fjallskil o. fl.; athugaði amtsráðið frumvarpið og staðfesti það til þess að öðlast gildi 1. jan. 1904.
 13. Forseti lagði ennfremur fram frumvarp til reglugjörðar, sem hefir inni að halda viðauka við reglugjörð fyrir Strandarsýslu 14. júlí 1893, um refaeyð-

ingar, notkun upprekstrarlands, fjallskil, rjettahöld o. fl., sbr. reglugj. frá 11. 78. júlí 1898; athugaði amtsráðið þetta frumvarp, og staðfesti það til þess að 27. ágúst öðlast gildi 1. jan. 1904.

14. Þá var framlagt frumvarp til reglugjörðar fyrir Dalasýslu um notkun af-rjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði og fjármörk og markaskrá, grenjaleitir og grenjavinnslu. Það sjest af gjörðabókarútskriftinni, að sýslu-nefndin hafi falið sjera Ólafi Ólafssyni í Hjarðarholti að hreinskrifa frum-varpið og lagfæra mál og rjettritun á því. Nefndin hefir þannig eigi lagt síðustu hönd á frumvarpið, eða samið það í eiginlegri merkingu orðsins, og gat amtsráðið því eigi staðfest eða löggilt frumvarpið eins og það nú liggur fyrir.

15. Forseti lagði fram frumvörp til heilbrigðissamþykktar, handa Ólafsvík og Stykkishólmi, sem sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir sam-ið eptir tillögum hreppsnefndanna í Neshreppi innan Ennis og í Stykkis-hólmshreppi og með ráði hjeraðslæknanna í Ólafsvíkur- og Stykkishólms-hjeruðum, og ennfremur umsögn landslæknis um þau.

Amtsráðið staðfesti frumvörpin.

16. Endurskoðendur lögðu fram reikninga yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vest-uramtsins, búnaðarskólasjóðs og búnaðarsjóðs, og höfðu ekkert fundið við þá að athuga. Reikningarnir voru þarnæst samþykktir.

17. Amtsráðið leyfði, að sýslunefnd Dalasýslu mætti taka 700 kr. lán uppá 10 ár, til þess að borga bráðabyrgðalán, að upphæð 700 kr., sem hún hefði tek-ið í fyrra til þess að framhalda brúargjörðinni yfir Laxá.

18. Forseti lagði fram brjef stjórnarnefndar amtsbókasafnsins í Stykkishólmi, dags. 18. marz þ. á., þar sem hún leiðir athygli amtsráðsins að því, að prent-smiðjueigendur vanræki meir eða minna að fylgja ákvæðum 2. gr. í lögum 4. desbr. 1886, um prentsmiðjur, og væri því æskilegt, og enda nauðsynlegt að prentsmiðjueigendum væri gjört að skyldu, að senda stjórnarnefndum bókasafnanna hjer á landi í byrjun hvers árs skýrslu um þær bækur, sem þeir hefðu prentað, svo gengið væri eptir vöntununum í tæka tíð. Amts-ráðið leiddi hjá sjer, að hlutast til um þetta mál, þar sem eptirlit það, sem hjer væri um að ræða, væri hjá landshöfðingja, samkv. 2. gr. laganna, enda kvaðst forseti vita, að þeim væri rækilega framfylgt.

Forseti lagði fram brjef stjórnarnefndar safnsins, dags. 18. marz þ. á., þar sem þess er farið á leit, að árslaun bókavarda verði hækkuð úr 50 kr. upp 100 kr. frá 1. jan. 1902 að telja. Amtsráðið ályktaði, að hækka launin uppí 75 kr. frá 1. jan. 1902.

Reikningurinn yfir tekjur og gjöld safnsins fyrir 1902 var aptur fram-lagður, og var hann samþykktur að öðru leyti en því, að endurgreiddar yrðu 25 kr. af launum uppí 100 kr., sem færðar höfðu verið til útgjalda í reikningnum.

Amtsráðið athugaði, að það væri eigi rjett, að kaupa handa safninu sjer-fræðisleg rit (svo sem Lovlexikon), og sjerfræðisleg tímarit (svo sem Tid-

78
27. ágúst

skrift for Retsvidenskab), og heldur eigi mikið af bókum á ensku og þýzku og frakknesku, nje dönsk dagblöð.

Forseti lagði fram brjef frá formanni stjórnarnefndar amtsbókasafnsins í Stykkishólmi og gjaldkera þess, dags. 18. marz þ. á., þar sem hann skýtur því til amtsráðsins, hvort hann eigi megi reikna sjer 15—20 kr. á ári af tekjum safnsins fyrir ritföng og skriptir. Amtsráðið áleit það rjettara, að formaður og gjaldkeri gjörði reikning fyrir útgjöldum sínum.

Forseti lagði fram brjef stjórnarnefndar amtsbókasafnsins í Stykkishólmi, dags. 18. marz þ. á., þar sem þess er farið á leit, að samin verði ný skrá yfir bækur safnsins, sem væri heppilegra, en að semja viðauka við bóka-skrána frá 1895, þótt þetta síðara vitanlega yrði ódýrara; álitur nefndin, að ný bókaskrá, sem nái yfir allar bækur safnsins, að slepptum erfiljóðum, graf-skriptum, lögum ýmsra fjelaga, brúðkaupskvæðum og þessháttar, sem tekið hafði verið upp í skrána frá 1895, muni kosta 400 kr., eða því sem næst, og fer þess á leit, að amtsráðið vilji veita 200—300 kr. til þessa, þannig að taka mætti það, sem kynni að vanta, af þ. á. tekjum safnsins.

Forseti gat þess, að bókaskráin frá 1895, sem er $3\frac{1}{4}$ örk að stærð, hefði kostað alls 301 kr 85 a., og minntist á, að amtsráðið hefði, á fundi sínum 17. júní 1901 (sbr. Stj.tíð. 1901 B, bls. 155), veitt allt að því 100 kr. til þess að búa til viðaukaskrá handa safninu, en vegna burtfarar bókavarðar safnsins, sem hafði samið skrána frá 1895) hefir ekkert orðið úr þessu. Amtsráðið kaus það heldur, að láta semja viðaukaskrá, og endurveitti til þess þær 100 kr., sem það hafði ætlað til þessa á árinu 1901, en í viðbót við þetta mætti verja allt að 100 kr. af hinu árlega tillagi amtsins til bóka-safnsins. Stjórnarnefndin leggur það ennfremur til, að útbyta megi kaup-laust bókaskránni, sem nú er látin kosta 25 a., og skýtur því jafnframt til amtsráðsins, hvort ekki muni vera rjett, að afnema árgjald þeirra, sem nota safnið, 1. kr. Amtsráðið samþykkti, að bókaskráin fengist ókeypis, en vill að árstíllagið haldist fyrir notkun safnsins.

19. Forseti lagði fram skýrslu amtsdýralæknisins, dags. 10. nóvbr. f. á., um ferð hans frá 23. oktbr. til 8. nóvbr. f. á. upp um Kjalarnes, til þess að reyna nýtt bólusetningarefni gegn bráðapest, og um hans ferð upp í Borgarfjörð til þess að veita mönnum leiðbeiningar við framkvæmd á ráðstöfunum gegn fjárkláða.

Ennfremur var lögð fram prentuð skýrsla um bráðapestarbólusetningar á Íslandi og Færeyjum, á dönsku, frá »Forsögslaboratoriets bakteriologiske Afdeling«, dags. 31. júlí 1902, og hefir amtsdýralæknirinn ritað á þessa skýrslu að til sín væru komnar skýrslur um 54079 bólusettar kindur; þar af höfðu dáíð 1019 eða 1.9%. Nánari skýrslur um bráðapestarbólusetningar voru eigi komnar frá amtsdýralækni, sem hafði misst þær ásamt aleigu sinni við mikinn húsburna hjer í bænum 17. apríl þ. á. Forseti skýrði ennfremur frá því, að sjónauki sá, sem dýralæknir hafði, og sem Vesturamtið hafði lagt

til 150 kr. og Suðuramtíð 200 kr., hefði farizt þá um leið, og eigi verið vátryggður.

Forseti skýrði frá því, að amtsráðið í Suðuramtinu hefði ályktað, að leggja 200—300 kr. á móti Vesturamtinu til þess að útvega nýjan sjónauka handa dýralækni amtanna, og veitti amtsráðið í Vesturamtinu 150—200 kr. til þessa.

20. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 2. júní f. á., þar sem hann samþykkir þá ályktun amtsráðsins á fundi þess 10.—12. maí f. á., að Torfa skólastjóra Bjarnasyni í Ólafsdal væru gefnar upp skuldir hans við amtið, búnaðarskólaskóla og búnaðarsjóð Vesturamtsins, að upphæð samtals 17450 kr.

Ennfremur hafði landshöfðingi útborgað amtinu $\frac{1}{3}$ part af fjárveitingunni til Ólafsdalsskólans úr landssjóði fyrir 1902, 33 kr. 33 a., og hefði sú upphæð verið látin af hendi við Torfa Bjarnason samkvæmt ályktun amtsráðsins 10.—12. maí f. á. (sbr. Stj.tíð. 1902, B, bls. 203), enda mundi landshöfðingi hafa borgað honum út beinlínis hina $\frac{2}{3}$ parta styrksins eptir meðmælum amtsráðsins.

Forseti gat þess, að í Ólafsdal væri í vörzlum Torfa Bjarnasonar bókasafn, sem fylgdi skólanum og amtið ætti, og svonefnt bókasafn skólapilta, sem væri keypt fyrir tveimur amtsins. Torfi hafði óskað eptir því munnlega við forseta, að mega framvegis halda þessum bókasöfnum á meðan hann hjeldi uppi kenusu í skólanum, og veitti amtsráðið samþykki sitt til þess gegn því, að hann hjeldi þessum bókasöfnum vátryggðum, hinu fyrnefnda fyrir 600 kr., og hinu síðarnefnda fyrir 500 kr. Ennfremur leyfði amtsráðið, að skólastjóri Torfi Bjarnason mætti framvegis hafa að láni tvo sjónauka, sem amtið á skólanum.

21. Forseti lagði fram erindi frá prestinum, sjera Helga Árnasyni í Ólafsvík, dags. 5. f. m., þar sem hann ber sig upp undan því, að sýslunefndin í Snæfellsnessýslu hefði á fundi sínum 23.—24. marz þ. á. veitt sjer algjörlega lausn úr hreppsnefndinni í Neshreppi innan Ennis, þótt hann aðeins hefði sótt um lausnina með þeim fyrirvara, að hann gæti notað sjer lausnarleyfið, ef hann vegna annríkis eða af öðrum ástæðum eigi skyldi framvegis finna sig færán til að hafa hreppsnefndarstörf á hendi og óskaði lausnarinnar, en nú vildi hann helst sitja áfram í nefndinni eptir áskorun hreppsmanna, og fer þess á leit, að amtsráðið felli úr gildi þennan úrskurð sýslunefndarinnar.

Amtsráðið vísadi þessari kæru frá sjer með þeirri athugasemd, að sjera Helga Árnasyni væri innanhandar, að taka á móti þeirri kosningu, sem hann yrði fyrir, án tillits til lausnarinnar, sem hann hefði fengið.

Forseti lagði ennfremur fram annað erindi sjera Helga Árnasonar í Ólafsvík, dags. 15. þ. m., þar sem hann ber sig upp undan meintum ærumeidandi orðum þeim, sem sýslumadurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hafi haft um sig útaf fyrnefndri lausnarbeiðni og veiting, og biður um, að amtsráðið

78
27. ágúst

verji sig fyrir slíkum áburði, og láti sýslumann sæta ábyrgð og hæfilegum ávitum fyrir hann.

Amtsráðið vísaði einnig þessari kæru frá sjer, þar sem kærandanum væri innanhandar að höfða meiðyrðamál á móti sýslumanni útaf þessum áburði, ef honum sýndist, en á hinn bóginn álitur amtsráðið, að bókunin á ummælum þessum hafi átt mjög illa við.

22. Forseti lagði fram erindi frá hreppsnefndinni í Norðurárdalshreppi, dags. 28. maí þ. á., með fylgiskjölum, þar sem hún áfrýjar til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar í Mýrasýslu 11. marz þ. á., sem ákveður, að nefndur hreppur skuli endurgjalda Þverárhliðarhreppi framlag hans, að upphæð 6 kr., útaf kostnaði til annarar fjalleitar haustið 1901 fyrir þá sök, að einn mann hafi vantað í leitina af tillagi því, er koma átti frá bæjunum Svartagili, Glitsstöðum, Uppsölum og Skarðshömrum í Norðurárdalshreppi, eptir niðurfjöfnun hreppsnefndarinnar í Þverárhliðarhreppi, og í annan stað, að það sje rjett, að þessi hreppsnefnd jafni niður fjallskilum á áðurnefnda 4 bæi á meðan þaðan sje rekið á leitarsvæði Þverhliðinga, og það án þess, að hreppsnefndin í Norðurárdalshreppi taki þátt í niðurfjöfnuninni. Úr því svo er ákveðið í Reglugjörð fyrir Mýrasýslu 25. júlí 1892, um notkuna afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar, 1. gr., að skjóta megi úrskurðum sýslunefndar til amtsráðs Vesturamtsins, þótt adalreglan sje sú, að úrskurðir sýslunefnda í fjallskilamálum sjeu endilegir, nema augljóst sje, að sýslunefnd hafi beitt ólögum með úrskurði sínum, tók amtsráðið þetta kærúmál til yfirvegunar og úrskurðar, og komst að þeirri niðurstöðu, að fyrnefndur úrskurður sýslunefndarinnar 11. marz þ. á. skyldi standa óraskaður.

23. Nefnd sú, sem kosin hafði verið til þess, að láta uppi álit sitt um kærur sjera Kjartans prófasts Helgasonar og fleiri sýslunefndarmanna í Dalasýslu yfir framkvæmdum sýslumanns og reikningsfærslu útaf Laxárbrúnni á árunum 1900 og 1901, lýsti yfir áliti sínu, sem amtsráðið samþykkti, að frekara væri eigi að gjöra, en úrskurðað hefði verið af hálfu forseta.

Í sambandi við þetta úrskurðaði amtsráðið hinar nýju athugasemdir við sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningana fyrir árið 1900, en frestaði að úrskurða þær athugasemdir, sem gjörðar höfðu verið við reikningana yfir kostnaðinn við Laxárbrúna fyrir 1900 og 1901, þangað til lokareikningur lægi fyrir, og úttekt á brúnni og mannvirkjum þeim, sem brúargjörðunni fylgja.

Úrskurðirnir á sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningana fyrir 1900 eru á þessa leið.

Sýslusjóðsreikningurinn.

1. gr.

Laxárdalshreppi ber að endurgjalda 1 kr. 54 a., Saurbæjarhreppi 7 kr. 16 a. Hjá Hvammshreppi ber sýslumanni að innheimta 1 kr. 96 a.

Athugasemdin um vöntun verkfærra manna skrárinnar úr Hvammshreppi er þörf.

2. gr.

Fellur niður samkvæmt framlögðum skýrslum og kvittun.

78
27. ágúst

3. gr.

Má við svo búð standa; til eptirbreytni framvegis.

4. gr.

Upplýst með svarinu.

5. gr.

Má við svobúð standa.

6. gr.

1 kr. 30 a. má endurgjalda.

7. gr.

Ahugað við sýsluvegasjóðs- og brúarreikninginn.

8. gr.

Fullnægt (kvittun komin).

9. gr.

Fellur niður.

10. gr.

Sömuleiðis.

Sýsluvegasjóðsreikningurinn.

1. gr.

Saurbæjarhreppi endurgjaldist sem ofgreitt sýsluvegagjald 7 kr. 50 a.

2. gr.

Má við svo búð standa, en framvegis sendi hreppsnefndin í Skarðsstrandarhreppi skýrslu um vegabæturnar.

3. gr.

Athugast við brúarreikninginn.

4. gr.

Fullnægt.

5. gr.

Fullnægt með svarinu.

Nefndin ljet það álit sitt uppi um hina vantandi heimild fyrir þeim 1159 kr. 18. a., sem greiddar höfðu verið úr sýslusjóðnum til Laxárbrúarinnar á árinu 1901, að rjettast væri að fresta úrskurði um þetta atriði, þangað til lokareikningur um kostnaðinn við brúna með tilheyrandi skilríkjum og úttektargjörð lægi fyrir. Nefndin álitur ennfremur, að rjett sje að ganga ept-

78

27. ágúst

ir þeim tillögum til brúarinnar frá 4 hreppum, sem sýslumaður telur lofað sje í brúarreikningnum fyrir 1901, og sem eru að upphæð 549 kr.

Amtsráðið fjellst á þetta álit, og leggur sýslumanni fyrir, að semja loka-reikninginn svo tímanlega, að hann sje kominn í hendur endurskoðanda fyrir 1. febr. næstkomandi með sýslureikningunum.

24. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1904.

Tekjur.

1. Væntanlegar eptirstöðvar	kr. 600 00	
2. Jafnaðarsjóðsgjald	— 3300 00	kr. 3900 00

Gjöld.

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 1000 00	
2. Kostnaður, samkv. 3. gr. laga 2 oktbr. 1891 um skipun dýralækna	— 200 00	
3. Amtsbókasafnið	— 500 00	
4. 8. afb. uppi 12000 kr. bankalán frá 14. nóv. 1896 kr. 600, og leigur til $\frac{30}{9}$ 1904	— 960 00	
5. 4. afb. uppi 5000 kr. bankalán frá 30. júlí 1900: 500 kr., og leigur til $\frac{30}{9}$ 1904: 150 kr.	— 650 —	
6. Ferðakostnaður	— 60 00	
7. Ýmislegt	— 100 00	
8. Eptirstöðvar	— 430 00	kr. 3900 00

25. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Dalasýslu, dags. 28. þ. m., þar sem hann fer þess á leit, að amtsráðið samþykki, að sýslunefnd Dalasýslu taki að sjer ábyrgð á sparisjóði sýslunnar, samkvæmt lögum sjóðsins, sem voru framlögð óundirskrifuð og ódagsett, en gjörðabók nefndarinnar, viðvikjandi fundarhaldi hennar 23.—26. marz þ. á., sýnir, að nefndin hafi samþykkt ný lög fyrir sjóðinn.

Sýslumaður, sem er amtsráðsmaður, skrifaði á fundinum vottorð sitt á lögin um, að þau væru samþykkt af sýslunefnd Dalasýslu á aðalfundi hennar h. 23. marz 1903.

Amtsráðið athugaði, að gjörðabókarútskriftin bæri það með sjer, að sýslunefndin hefði ályktað, að biðja um samþykki ráðsins, og var ályktun þess um þetta mál sú, að sýslunefndin hefði enga heimild til að leggja slíka ábyrgð á sýslusjóðinn; neitaði því amtsráðið um hið umbedna samþykki.

26. Amtsráðið samþykkti, að næsti aðalfundur þess yrði haldin í Reykjavík.
27. Fyrir skriptir á fundinum veitti amtráði 25 kr.

Fleiri mál komu eigi fram á fundinum og var honum því slitið.

Vesturamtíð, Reykjavík 27. ágúst 1903.

J. Havsteen,

Fundargjörðir

79
13. júní

amtsráðs Norðuramtsins 9.—13. júní 1903.

Ár. 1903, hinn 9. júní var aðalfundur amtsráðs Norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Húnavatnssýslu Birni bónda Sigfússyni á Kornsa, amtsráðsmanni Skagafjarðarsýslu Ólafi umboðsmanni Briem á Álfgaersvöllum, amtsráðsmanni Eyjafjarðarsýslu Stefáni kennara Stefánssyni á Möðruvöllum og amtsráðsmanni Suðurþingeyjarsýslu Árna prófasti Jónssyni á Skútustöðum.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða árið 1902 með fylgiskjölum.
 - a. Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins.
 - b. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins.
 - c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munadarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.
 - d. Bókasafns Norðuramtsins.
 - e. Prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins.
 - f. Búnaðarsjóðs Eyjafjarðarsýslu.
 - g. Þúsund ára afmælisjóðs Eyjafjarðarsýslu.
 - h. Gróðrarstöðvarinnar á Akureyri.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjertil endurskoðunar.

2. Forseti lagði fram sýslusjóðsreikninga úr öllum sýslum amtsins fyrir 1902, og sömuleiðis sýsluvegasjóðsreikninga úr sömu sýslum fyrir sama ár, og enn fremur brúarsjóðsreikninga Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu s. á., alla með tilheyrandi fylgiskjölum. Amtsráðsmennirnir skiptu með sjer reikningum þessum til yfirskoðunar.
3. Framlögð voru og lesin upp eptirrit af gjörðabókum allra sýslunefnda fyrir yfirstandandi ár.
 - a. Fundargjörðir Húnavatnssýslu frá 10.—14. marz þ. á.
 - b. Fundargjörðir Skagafjarðarsýslu frá 10.—13. marz þ. á.
 - c. Fundargjörðir Eyjafjarðarsýslu frá 23.—24. júní f. á. og 10.—14. marz þ. á.
 - d. Fundargjörðir Suðurþingeyjarsýslu frá 12.—16. marz þ. á.

Við fundargjörðirnar fannst ekkert að athuga.

4. Amtsráðsmennirnir lögðu fram reikninga amtsins, með þeirri athugasemd við styrktarsjóðsreikning fátækra ekkna og munadarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyri, að kvittanir vantaði fyrir úthlutun styrksins, og ber að senda þær eptirleiðis. — Að öðru leyti voru reikningarnir samþykktir athugasemdalaust.
5. Amtsráðsmennirnir lögðu fram sýslusjóðsreikningana.
 - a. Við sýslusjóðsreikning Skagafjarðarsýslu þótti athugasemd, að kvittun fyrir jafnaðarsjóðsgjaldinu fylgdi eigi, og ber að láta hana eptirleiðis fylgja reikningunum.

79

13. júní

- b. Við sýslusjóðsreikning Eyjafjarðarsýslu þótti athugavert, að sundurliðuð skýrsla um niðurjöfnun sýslusjóðsgjaldsins fylgdi eigi, og ber eptirleidis að láta hana fylgja reikningnum.
- c. Við sýslusjóðsreikning Suðurþingeyjarsýslu þótti athugavert.
1. Í fylgiskjali 13 er eigi tilgreind upphæð ljósmóðurlauna, og ber því að útvega og senda nýja kvittun.
 2. Í fylgiskjali 20 er kvittað fyrir 200 kr. styrk til Fjarræktarfelags Þingeyinga, en færðar til útgjalda 150 kr. Reikningshaldara ber að skýra frá hvernig á þessu stendur.
- d. Við sýslusjóðsreikning Húnavatnssýslu þótti ekkert athugavert.
6. Framlagt var landshöfðingjabrjef, dags. 24. sept. f. á., um kjördæmaskipun í amtinu ásamt álitni hlutadeigandi sýslunefnda. Eptir að amtsráðið hafði athugað málið, ákvað það að leggja til að kjördæmaskipun í Norðuramtinu verði svo sem nú skal greina:
1. Miðfjarðarkjördæmi í Húnavatnssýslu nái yfir Staðarhrepp, Torfastaðahreppa, Kirkjuhvamms-, Þverár-, Þorkelshóls og Sveinsstaðahreppa, með um 1900 manns.
 2. Blönduóskjördæmi nái yfir Ás-, Torfalækjar-, Svínavatns-, Bólstaðarhlíðar-, Engihlíðar- og Vindbælishreppa í Húnavatnssýslu með um 1900 manns.
 3. Sauðákrókskjördæmi nái yfir Lýtingsstaða, Seilu-, Staðar-, Sauðár-, Skefilsstaða og Rípurhreppa í Skagafjarðarsýslu með um 2000 manns.
 4. Hofsóskjördæmi nái yfir Akra-, Viðvíkur-, Hóla-, Hof-, Fells-, Haganess og Holtshreppa í Skagafjarðarsýslu með um 2250 manns.
 5. Svarfaðardalskjördæmi nái yfir Arnarness-, Svarfaðardals-, Þóroddstaða-Hvanneyrar- og Grimseyjarhreppa í Eyjafjarðarsýslu, og Grýtubakkahrepp í Suðurþingeyjarsýslu með um 3200 manns.
 6. Akureyrarkjördæmi nái yfir Akureyrarkaupstað með um 1600 manns.
 7. Eyjafjarðarkjördæmi nái yfir Skriðu-, Glæsibæjar-, Hrafnagils, Saurbæjar- og Öngulsstaðahreppa í Eyjafjarðarsýslu, og Svalbarðsstrandahrepp í Suðurþingeyjarsýslu með um 2400 manns.
 8. Húsavíkurkjördæmi nái yfir Hóls-, Ljósavatns-, Skútustaða-, Reykdæla-, Aðaldæla- og Húsavíkurhreppa í Suðurþingeyjarsýslu með um 3000 manns.
- 7 Framlagðar voru skýrslur um hag styrktarsjóða í amtinu. Amtsráðið athugaði þær og hafði ekkert við þær að athuga.
8. Framlögð voru bóнарbrjef um styrk af prentsmíðjusjóði Norður- og Austuramtsins frá námspiltum gagnfræðaskólans á Akureyri, Jóhanni P. Pjetursyni og Gunnari St. Gunnarssyni og frá námsmeyjum á kvennaskóla Eyfirðinga, Aðalbjörgu Sigurðardóttur og Aðalheiði Gísladóttur.
- Amtsráðið veitti Aðalbjörgu Sigurðardóttur, Aðalheiði Gísladóttur og Gunnari St. Gunnarssyni 27 kr. hverju.
9. Framlagt var brjef sýslumannsins í Suðurþingeyjarsýslu, dags. 24. marz þ. á., þar sem hann sækir um fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að hún megi

taka 2500 kr. lán, er afborgist með jöfnum afborgunum á 20 árum, og síð- **79**
 ar lána þessa upphæð hjeraðslækni Ingólfi Gíslasyni, til þess að byggja **13. júní**
 sjer íbúðarhús á Breiðumýri í Reykdælahreppi.

Amtsráðið samþykkti þetta,

10. Framlagt var brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 28. marz þ. á., þar sem hann sækir um fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að sýsluveginum í Engihlíðarhreppi, verði breytt þannig, að hann liggi frá Blöndubrúnni fram hjá kvenskólahúsinu, um Klauf eftir Nedribyggð Refasveitar hjá Sölvabakka, að brú á Laxá.

Amtsráðið samþykkti þetta.

11. Framlagt var brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, dags. 20. marz þ. á., þar sem hann sækir um fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að hún megi taka 800 kr. lán til brúargjörða.

Amtsráðið samþykkti lántöku þessa með því skilyrði að lánið endurborgist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

12. Framlagt var brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, dags. 2. júlí f. á., þar sem hann sækir um fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að amtsráðið samþykki að hún megi selja tóvjelarnar við Glerá fyrir 15000 kr., með ákveðnum skilyrðum, meðal annars þeim, að sýslan standi ábyrgð fyrir láni, er á sínum tíma var veitt úr landssjóði til tóvjelanna.

Amtsráðið samþykkti þetta.

13. Framlagt var bónarbrjef frá Valdimar Valdimarssyni, um allt að 500 kr. styrk til að kaupa verkfæri til að geta gjört við skilvindur, saumavjelar, prjónavjelar og aðrar líkar vjelar. Amtsráðið sá sjer eigi fært að veita þetta fje.

14. Framlagt var erindi hreppsnefndaroddivitans í Áshreppi, dags. 6. f. m., með 4 fylgiskjölum, þar sem hann áfrýjar til amtsráðsins ályktun sýslunefndar Húnavatnssýslu á síðasta aðalfundi hennar um afnám fjallatollsgreiðslu m. m. eptir hálftrjettarlandið Grímstunguheiði, að því er Sveinsstaðahrepp snertir, ásamt umsögn oddvitans í Sveinsstaðahreppi, dags. 20. f. m., og umsögn sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 4. þ. m. Amtsráðið vísar máli þessu frá sjer, með því að það álitur, að dómstólarnir eigi að skera úr því, hvort Sveinsstaðahreppur hafi í máli þessu brotið rjett Áshrepps.

15. Framlagt var erindi oddvitans í Bólstaðarhlíðarhreppi, dags. 18. apríl þ. á., þar sem hann áfrýjar til amtsráðsins úrskurði lögðum á reikning hreppsins fardagaárið 1901—1902. Af því að reikningur hreppsins fylgdi eigi erindi þessu, og oddviti sýslunefndarinnar hafði eigi látið uppi umsögn sína um það, ákvað amtsráðið að fresta málinu þangað til búið væri að fá reikninginn og umsögn sýslunefndaroddivitans.

16. Amtsráðsmennirnir lögðu fram sýsluvegasjóðsreikningana.

- Við sýsluvegasjóðsreikning Húnavatnssýslu þótti ekkert athugavert.
- Við sýsluvegasjóðsreikning Skagafjarðarsýslu þótti ekkert athugavert.
- Við sýsluvegasjóðsreikning Eyjafjarðarsýslu þótti athugavert, að sundurliðaðir reikningar yfir kostnað við aðgjörðir á sýsluvegum í Öngulstaða-

79
13. júní

Svarfaðardals- og Hvanneyrarhreppum, fylgdu eigi reikningnum, og ber að útvega þá og senda.

- d. Við sýsluvegasjóðsreikning Sudurþingeyjarsýslu þótti athugavert, að sundurliðaða reikninga yfir kostnað við vegagerðir á sýsluvegum vant-
aði, og ber að útvega þá og senda.
17. Amtsráðsmennirnir lögðu fram brúarsjóðsreikninga úr Húnavatns- og Skaga-
fjardarsýslum, og þótti ekkert við þá að athuga.
18. Forseti skýrði frá, að hann hefði fengið timburmeistara Jón Stephásson á
Akureyri, til þess að skoda kirkjuna á Hólum og gjöra áætlun um aðgjörð
kirkjunnar.

Áætlunin var lögð fram, og samkvæmt henni er aðgjörðarkostnaður-
inn áætlaður kr. 1043,50. Amtsráðið áleit, að eigi þyrfti að leggja nýttgólf
á kirkjuloftinu, en til aðgjörðarinnar að öðru leyti veitti það alt að 700 kr.

19. Forseti lagði fram frumvarp til reglugjörðar fyrir búnaðarskólann á Hólum; var
það nákvæmlega rætt og síðan samþykkt með nokkrum breytingum.
20. Forseti lagði fram brjef fjárkláðalækis O. Myklestads, dags, 9. þ. m., um
útrýming fjárkláðans, og ýms önnur skjöl suertandi fjárkláðann.

Í brjefi sínu leggur O. Myklestad til :

1. að byrjað verði á útrýming fjárkláðans á næsta hausti, og reynt að út-
rýma fjárkláðanum í Norður- og Austurömtunum næsta vetur 1903—
1904, í Suður- og Vesturömtunum vestur að Gilsfirði og Bitrufirði vetur-
inn 1904—1905, og svo veturinn 1905—1906 í þeim hluta landsins, sem
eptir er.
2. að fjárkláðalögunum verði breytt í þá átt, að þau verði lík lagaákvæð-
um Norðmanna um fjárkláðann.
3. að útrýmingaraðferðin verði eins og í Noregi vestan fjalls, og því verði
allt sauðfje badað úr tóbaksbaði á útrýmingarsvæðinu einu sinni eða
tvísvar, eptir því hvort sauðfje á heimilinu er kláðalaust eða eigi.
4. að sett verði nefnd þegar í byrjun alþingis, til þess að gjöra ráðstafan-
ir til framkvæmdar málinu.

Amtsráðið telur æskilegast, að útrýming fjárkláðans gæti farið fram
um land allt næsta vetur, en af því að amtsráðið álitur, að þetta muni eptir
atvikum eigi vera hægt, mælir það hið bezta með tillögum þessum, og fel-
ur forseta að beina þeim áleiðis til landssjórnarinnar. Í þessu efni skir-
skotar amtsráðið til þess, er það hefir áður haldið fram í málinu, sjerstak-
lega til frumvarps til laga um fjárkláða, er samþykkt var á fundum amts-
ráðanna í Norður- og Austurömtunum 15.—18. júní og 11.—14. júlí 1898,
til óska sinna á amtsráðsfundum um að ráðstafanir verði gjörðar til útrým-
ingar fjárkláðanum á líkan hátt sem í Noregi.

21. Forseti lagði fram skýrslur um kennslu í fjárkláðalækningum og lækninga-
tilraunir með tóbaksbaði, er gjörðar hafa verið síðastliðinn vetur, allstaðar
með góðum árangri. Kostnaður við kennslu þessa og lækningatilaunir
hefir verið lídugar 1000 kr.

Amtsráðið fól forseta að sækja um allt að 1000 kr. úr lands- **79**
sjóði til fjárkláðakennslu þeirrar og lækningatílauna, sem framkvæmd- 13. júní
ar hafa verið í amtinu síðastliðinn vetur og vor.

22. Framlögð voru bónarbrjef frá kvennaskóla Eyfirðinga um 400 kr. styrk til skólans og bónarbrjef frá sýslumanni Húnavatnssýslu um 400 kr. styrk til kvennaskólans þar. Bónarbrjefunum fylgdu reikningar skólanna og skýrslur þeirra.

Amtsráðið veitti báðum skólunum hinn umbedna styrk.

23. Framlagðir voru reikningar búnaðarskólans á Hólum 1901--1902, og reikningur yfir tekjur og gjöld Hólakirkju með fylgiskjölum og athugasemdum. — Amtsráðið athugaði reikninga þessa, en af því að reikningshaldari hafði eigi svarað athugasemdunum skriflega, sá amtsráðið sjer eigi fært að úrskurða reikningana, og fól forseta því að útvega svör reikningshaldara og úrskurða síðan reikningana.
24. Framlögð var skýrsla yfir búfje og lausafje Hólaskóla í vörzlum Flóvents búfræðings Jóhannssonar, og athugaði amtsráðið hana. Engin skýrsla var fram komin um greiðslu afgjaldsins, og var forseta því falið að heimta hana sem fyrst.
25. Forseti lagði fram skýrslur um aðgjörð á skólahúsinu síðastliðið sumar og um allan fjárhag skólastofnunarinnar.

Amtsráðið athugaði skjöl þessi.

26. Forseti lagði fram skrá yfir innstæður Hólaskóla 1. maí 1903. Innstæður þessar voru 14. maí 1902 kr. 1756 97
Af þessum munum hafði verið notað ýmislegt svo sem
cement o. s. frv. — 188 72
og eru eldri munir þá virtir kr. 1568 25
Til skólans hafði verið veitt:
a, Kennsluáhöld kr. 1023 35
b, Bækur — 306 94
c, Aðrir munir — 684 82 — 2015 11
og er innstæða skólans því alls talin kr. 3583 36

27. Forseti lagði fram brjef frá búnaðarskólakennara Jósef Björnssyni, þar sem hann fer fram á 400 kr. styrk til utanferðar sinnar síðastliðinn vetur. Amtsráðið veitti honum 300 kr. með því skilyrði, að hann gæfi skýrslu um ferð sína svo fljótt, að hún gæti orðið lögð fyrir næsta búnaðarþing, en fól forseta jafnframt að sækja um áður nefnda upphæð til Búnaðarfélags Íslands.

28. Amtsráðið tók til ihugunar, að brýna nauðsyn bæri til að nemendur við búnaðarskólann á Hólum fengju verklega kennslu, eins og ákveðið er í reglugjörð skólans. Hafði amtsráðið ýmsar upplýsingar um málið, og meðal annars tilboð frá kennara Jósef Björnssyni um að veita verklega kennslu 4 nemendum skólans. — Amtsráðið sá sjer eigi fært að gjöra fullnaðarákvæði um kennslu þessa, en fól forseta að reyna að

79
13. júní.

- koma henni á næsta sumar eptir því sem unnt væri. — Amtsráðið veitti til kennslunnar 500 kr.
29. Amtsráðið veitti forseta heimild til, ef honum sýndist svo, að bjóða jörðina Hóla með innstæðum til ábúðar og leigu, segja samningnum við Flóvent búfræðing Jóhannsson upp og byggja jörðina með innstæðum.
30. Amtsráðið tók til ihugunar, að skýrslur hreppsnefnda um heilbrigðishag manna væru yfirleitt eigi í því lagi, að þær gæfu rjetta hugmynd um heilbrigðishag manna, og ákvað það því, að hætt skyldi að heimta þær hjá hreppsnefndum.
31. Forseti skýrði frá, að hann hefði sótt til Búnaðarfjelags Íslands um styrk til garðyrkjuskóla hjer við Akureyri. Búnaðarfjlagið hefði veitt nokkurn styrk, en þó eigi svo mikinn, að hann hefði sjeð sjer fært að byrja á skólanum.

Ennfremur gat hann þess, að hið nýstofnaða Ræktunarfjlag Norðurlands hefði í huga að stofna garðyrkjuskóla. Forseti lagði fram brjef um þetta efni, og athugaði amtsráðið þau.

32. Amtsráðið kaus kennara Stefán Stefánsson á Möðruvöllum til að endurskoða reikninga amtsins næsta ár.
33. Samkvæmt lögum Búnaðarfjelags Íslands átti annar af búnaðarþingsfulltrúum þeim, sem amtsráðið kýs, að fara frá eptir hlutkesti. Kom upp hlutur Stefáns kennara Stefánssonar. Amtsráðið endurkaus Stefán kennara Stefánsson fyrir búnaðarþingsfulltrúa fyrir Norðuramtíð til 4 ára.
34. Amtsráðið tók til ihugunar fjárhag búnaðarskólans á Hólum og ræddi málið mjög rækilega. Amtsráðið áleit, að árlegur kostnaður við skólann yrði eptirleiðis svo sem nú skal greina:

1. Laun kennara:	
a, 1. kennara	kr. 1200 00
b, 2. kennara	— 800 00
c, tímakennsla	— 550 00 = kr. 2550 00
2. Endurskoðun og eptirlit	— 150 00
3. Brunabótagjald	— 189 00
4. Viðhald á skólahúsi	— 200 00
5. Hiti og ljós	— 400 00
6. Bækur og áhöld	— 800 00
7. Námsstyrkur á skólanum	— 500 00
8. Námsstyrkur til verklegrar kennslu	— 500 00
9. Afborgun og vextir af landssjóðsláni	— 1200 00
10. Afborgun og vextir af láni til að byggja leikfímishús	— 180 00
11. Óviss útgjöld	— 311 00
	<hr/>
	Alls kr. 6980 00

Til að standast þennan kostnað álitur amtsráðið að fyrst og fremst eigi að ganga leigan, sem greiða á af innstæðum búans á Hólum kr.

- 440,00, en af upphæð þeirri, sem þá er eftir kr. 6540,00, ættu $\frac{1}{3}$ að **79** greiðast úr landssjóði eða kr. 4360,00 en $\frac{1}{3}$ að greiðast af amtinu kr. 13. júní 2180,00, með búnaðarskólagjaldi kr. 870 00 og tillagi úr jafnaðarsjóði — 1310 00 = kr. 2180 00
- Amtsráðið fól forseta að sækja um áður nefndan styrk úr landssjóði.
35. Amtsráðið skóðaði trjáræktarstöðina hér í bænum. Fól það forseta að sækja til Búnaðarfélags Íslands um 500 kr. styrk til hennar og að senda fjelaginu skýrslu um stöðina.
36. Var samin og samþykkt svohljóðandi

ÁÆTLUN

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1904.

Tekjur:

Jafnaðarsjóðsgjald kr. 6000 00

Gjöld:

1. Til amtsráðsins kr. 500 00
 2. Til menntamála:
 - a. Til kvennaskóla Eyfirðinga kr. 400 00
 - b. Til kvennaskóla í Húnavatnssýslu — 400 00
 - c. Til bókasafns Norðuramtsins — 500 00
 - d. Til búnaðarskólans á Hólum:
 1. Búnaðarskólagjald kr. 870 00
 2. Tillag til skólans — 1310 00 — 2180 00 — 3480 00
 3. Tillag til Búnaðarfélags Íslands — 400 00
 4. Vextir og afborgun af spítalaláni — 200 00
 5. Styrkur til utanfarar — 300 00
 6. Til aðgjörðar Hólakirkju — 700 00
 7. Óviss útgjöld — 420 00
- Alls kr. 6000 00

Amtsráðsmaður Suðurþingeyjarsýslu, prófastur Árni Jónsson á Skútustöðum, fór af fundi síðasta dag amtsráðsfundarins.

Fleira kom ekki til umræðu.

Fundarbók lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 13. júní 1903.

Páll Briem.

Stefán Stefánsson.

Ólafur Briem.

Björn Sigfússon.

Rjetta útskrift staðfestir

Páll Briem.

Fundargjörðir

13. júlí

amtsráðs Austuramtsins 11.—13. júlí 1903.

Ar. 1903, laugardaginn hinn 11. júlí, var aðalfundur amtsráðs Austuramtsins settur og haldinn á Eskifirði af amtmanni Páli Briem, varaamtsráðsmanni Austurskaptafellssýslu Jóni prófasti Jónssyni á Stafafelli í stað aðalamtsráðsmannsins Þorgríms læknis Þórðarsyni á Borgum, er situr á alþingi, aðalamtsráðsmanni Suðurmúlasýslu sýslumanni A. V. Tulinius á Eskifirði og aðalamtsráðsmanni Norðurþingeyjarsýslu Árna hreppstjóra Kristjánssyni á Lóni, en fyrir Norðurmúla sýslu er enginn mættur með því að aðalamtsráðsmaður sjera Einar Þórðarson í Hofteigi situr á alþingi, en varaamtsráðsmaður Jón Jónsson frá Sleðbrjót er farinn til Ameríku.

Á fundinum voru þessi málefni tekin til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1902 með fylgiskjölum.
 - a. Jafnaðarsjóðs Austuramtsins.
 - b. Búnaðarsjóðs Austuramtsins.
 - c. Búnaðarskólasjóðs Austuramtsins.
 - d. Gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar.
 - e. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.

2. Forseti lagði fram sýslusjóðsreikninga og sýsluvegasjóðsreikninga 1902 úr öllum sýslum amtsins með fylgiskjölum.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.

3. Framlagður var reikningur bókasafns Austuramtsins 1902 með fylgiskjölum. Amtsráðsmaður Suðurmúlasýslu tók reikninginn til endurskoðunar.
4. Framlagt var landshöfðingjabrjef, dags. 24. sept. f. á., um kjördæmaskipun í amtinu ásamt áliti hlutadeigandi sýslunefnda og bæjarstjórnar Seyðisfjarðar kaupstaðar. Eptir að amtsráðið hafði athugað málið, ákvað það að leggja til að kjördæmaskipun í Austuramtinu yrði svo sem nú skal greina.

1. Norðurþingeyjarkjördæmi nái yfir Norðurþingeyjarsýslu með um 1400 íbúum.
2. Vopnafjardarkjördæmi nái yfir Skeggjastaða, Vopnafjarðar, Jökuldals og Hlíðarhreppa í Norðurmúlasýslu með um 1600 íbúum.
3. Hjeraskjördæmi nái yfir Fljótsdals, Fella, Hróarstungu og Hjaltastaðarhreppa í Norðurmúlasýslu, og Eiða, Valla og Skriðdalshreppa í Suðurmúlasýslu með um 2000 íbúum.
4. Seyðisfjardarkjördæmi nái yfir Borgarfjarðar, Lodmundarfjarðar og Seyðisfjarðarhreppa í Norðurmúlasýslu og Seyðisfjardarkaupstað með um 1400 íbúum.
5. Reyðarfjardarkjördæmi nái yfir Mjóafjarðar, Norðfjarðar og Reyðarfjarðarhreppa í Suðurmúlasýslu með 2000 íbúum.

6. Breiðdalskjördæmi nái yfir Fáskrúðsfjarðar, Breiðdals, Beruness og Geit- **80**
hellahreppa í Sudurmúlasýslu með 2400 íbúum. 13. júlí
7. Austurskaptafellskjördæmi nái yfir Austurskaptafellssýslu með um 1200 íbúum.

Amtsráðið telur það mjög nauðsynlegt, að af þeim 4 alþingismönnum, sem væntanlega verður bætt við tölu þjóðkjörinna þingmanna, verði einum þingmanni bætt við í Austuramtinu, af því að Austuramtíð er mjög víðáttumikið og langt frá þeim stað, þar sem alþingi er háð, og kunnugleiki þingsins því minni að því er snertir Austuramtíð heldur en hin ömtin.

5. Framlagt brjef bæjarfógetans á Seyðisfirði, þar sem hann óskar þess fyrir hönd bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar, að amtsráðið veiti spítalanum á Seyðisfirði 300 kr. styrk úr jafnaðarsjóði 1903. Bónarbrjefinu fylgdi reikningur spítalans síðastl. ár. — Amtsráðið veitti spítalanum 200 kr. styrk árið 1904.
6. Framlögð voru bónarbrjef frá kvennaskóla Eyfirðinga um 100 kr. styrk til skólans og bónarbrjef frá sýslumanni Húnavatnssýslu um 150 kr. styrk til kvennaskólans þar. Bónarbrjefunum fylgdu skýrslur um skólana. Amtsráðið veitti hvorum skóla 100 kr. styrk.
7. Framlögð var og lesin reglugjörð búnaðarskólans á Eiðum og var hún samþykkt af amtsráðinu. Forseti leitar síðan staðfestingar landshöfðingjans á reglugjörðinni, er skal ganga í gildi 15. septbr. þ. á.
8. Framlagt var brjef sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, dags. 21. marz þ. á., þar sem hann sækir fyrir hönd sýslunefndanna í Múlasýslunum um að búnaðarskólanum á Eiðum verði veittur 500 kr. úr jafnaðarsjóði næsta ár. Amtsráðið veitti skólanum 500 kr. styrk næsta ár með 3 atkvæðum móti 1. Ennfremur veitti amtsráðið skólanum 100 kr. styrk næsta ár til bóka og áhaldakaupa.
9. Forseti lagði fram úrskurð sinn á reikninga búnaðarskólans á Eiðum, ennfremur lagði hann fram reikning skólans yfir tekjur og gjöld 1902—1903 og jafnaðarreikning skólabúsins 26. júní 1903 með fylgiskjöllum og athugasemdum endurskoðenda.

Með því að eigi höfðu verið gjörðar neinar athugasemdir við reikning skólans yfir tekjur og gjöld, var reikningurinn samþykktur athugasemdaleaust, en af því að eigi hafði verið tími til að fá svör reikningshaldara og skólastjóra til athugasemda við jafnaðarreikninginn, var forseta falið að útvega svörin og úrskurða síðan reikninginn.

10. Framlagðar voru skýrslur um hag styrktarsjóða alþýðufólks í Norðurþingeyjarsýslu, Sudurmúlasýslu og Austurskaptafellssýslu fyrir árið 1902. Skýrsla um hag þessara sjóða í Norðurmúlasýslu 1902 var í sýslufundargjörðum.

Amtsráðið athugaði skýrslur þessar og þótti ekkert við þær athugavert.

11. Framlögð voru og lesin upp eptirrit af gjörðabókum allra sýslunefnda í amtinu:

a. fundargjörðir Norðurþingeyjarsýslu frá 21.—22. apríl þ. á.

80

13. júlí

- b. fundargjörðir Norðurmúlasýslu frá 10.—13. marz þ. á.
- c. fundargjörðir Suðurmúlasýslu frá 26. marz til 2. apríl þ. á.
- d. fundargjörðir Austurskaptafellssýslu frá 5. maí þ. á.

Við fundargjörðir þessar þótti ekkert athugavert.

12. Amtsráðsmennirnir lögðu fram reikninga þá, sem nefndir eru í fyrsta tölu-lið og voru þeir samþykktir athugasemdalaust.
13. Amtsráðsmaður Suðurmúlasýslu lagði fram reikning bókasafns Austuramtsins 1902. Við reikninginn þótti athugavert, að í fylgiskjali 2 er kostnaður við bókasendingar að upphæð kr. 6,00 eigi sundurliðaður. Ennfremur er sjóð-urinn kr. 1424,61 of hár.
14. Amtsráðsmennirnir lögðu fram sýslusjóðsreikningana, er þeir höfðu endur-skóðað.
 - a. Við sýslusjóðsreikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugavert:
 1. Fyrir hundalækningar hafa verið greiddar kr. 57,80 samkvæmt fylgi-skjölum 11—14, en þar sem sundurliðaðir reikningar eða skýrslur um hundalækningar eigi fylgja, ber reikningshaldara að útvega þá eða þær og senda
 2. Fyrir sóttþreinsun hafa verið greiddar kr. 34,00 samkvæmt fylgiskjali 15, en reikning um sóttþreinsunina vantar, og ber reikningshaldara að útvega hann og senda.
 3. Reikningshaldari hefir reiknað sjer og fengið samkvæmt reikningun-um borgun fyrir kostnað hans við sýslufund kr. 22,75 (fylgiskj. 18), en hann hefir eigi kvittað fyrir þessa upphæð sjerstaklega.
 4. Reikningshaldari hefir samkvæmt reikningnum fengið borgun fyrir kostnað við alþingiskosningar kr. 6,00 (fylgiskj. 23), en hann hefir eigi kvittað fyrir þessari upphæð sjerstaklega.
 5. Fyrir kostnað við amtsbókadeild í Ærlækjarseli 1900—1901 hefir ver-íð greitt kr. 4,10 (fskj. 24—25), en kvittun vantar fyrir upphæð þess-ari og ber reikningshaldara að útvega hana og senda.
 - b. Við sýslusjóðsreikning Norðurmúlasýslu þótti athugavert.
 1. Samkvæmt fylgiskjali 5 er greitt fyrir ýmsa sýslunefndarmenn vera á veitingahúsi á Seyðisfirði kr. 100,76. Þar sem þetta er gagnstætt lögum, ber reikningshaldara að endurgjalda þessa upphæð.
 2. Reikningshaldari hefir eigi kvittað fyrir 4 kr., er hann hefir reiknað sjer fyrir ferð á sýslufund og veru á honum.
 - c. Við sýslusjóðsreikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert, að kvittun vantar fyrir auglýsing á óskilafje í blaðinu »Austra« kr. 21,35, og ber að út-vega hana og senda.
 - d. Við sýslusjóðsreikning Austurskaptafellssýslu þótti athugavert:
 1. Sýslumaður hafði reiknað sjer borgun fyrir kostnað við ferð til að mæta á kjörfundi að Flatey á Mýrum 10. júní 1902 kr. 130,00, en sýslu-manni ber að eins 2 kr. á dag í þóknunarskyni fyrir fæðispeninga og í ferðakostnað.

Forseta var falið að heimta nýjan reikning hjá sýslumanni og úrskurða síðan reikninginn. **80**
13. júlí

2. Í fylgiskjali 20 vantar að tilgreina á hverjum bæjum þeir hundar eru, sem eru læknaðir og borgun er greidd fyrir.

15. Amtsráðsmennirnir lögðu fram sýsluvegasjóðsreikningana, er þeir höfðu endurskoðað.

a. Við sýsluvegasjóðsreikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugavert:

1. Í verkfærraskýrslu Presthólahrepps vantaði aldur á 5 verkfærum mönnum.

2. Reikningar yfir kostnað við vegagjörðir kr. 445,00 vanta nema yfir kostnað við vegagjörð að upphæð kr. 6,40. Reikningshaldara ber að útvega reikningana og senda þá.

b. Við sýsluvegasjóðsreikning Norðurmúlasýslu þótti ekkert athugavert.

c. Við sýsluvegasjóðsreikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert, að í verkfærraskýrslu úr Geithellahreppi vantar aldur á 8 verkfærum mönnum.

d. Við sýsluvegasjóðsreikning Austurskaptafellssýslu þótti ekkert athugavert.

16. Forseti skýrði frá því, að skýrslur hreppsnefnda um heilbrigðishag manna virtust vera þannig, að þær gætu eigi komið að tilætluðum notum, og ákvað amtsráðið því, að hætt skyldi að gera þær eptirleidis.

17. Forseti lagði fram ýms skjöl viðvíkjandi fjárkláðanum og böðun í Austuramtinu og skýrði frá tillögum fjárkláðalæknis O. Myklestads.

Eptir að amtsráðið hafði athugað skjölin, ljet það í ljós, að það vænti þess að byrjað yrði á útrýming fjárkláðans næsta vetur, að minnsta kosti í Austuramtinu, en ef þetta brygðist, ákvað það, að fela forseta að gjöra þær fyrirskipanir til varnar gegn útbreiðslu fjárkláðans, er honum þættu heppi-legastar, og eptir atvikum leita álits sýslunefndanna í amtinu. Amtsráðið ákvað að verja mætti til slikra varnarráðstafana allt að 1000 krónum.

18. Forseti lagði fram skýrslur fjárkláðalæknis Davíðs Jónssonar um skoðanir hans, kennslu í fjárkláðalækningum og baðanir á kláðasjúku og grunuðu sauðfje.

Samkvæmt skýrslu hans hefir fjárkláði fundizt á einum bæ á Jökuldal í Norðurmúlasýslu, og á 13 bæjum í Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu austan Lagarfljóts, í 48 sauðkindum alls. Hann hefir kennt 20 mönnum að þekkja fjárkláðann og látið lækning fara fram á öllum bæjum, þar sem hann hefir fundið fjárkláða austan Lagarfljóts.

Kostnaður við ferð Davíðs Jónssonar var samkvæmt framlögðum reikningi kr. 380,50, og ákvað amtsráðið að upphæð þessi mætti greiðast úr jafnaðarsjóði. Ennfremur veitti amtsráðið 70 kr. til þess að borga sem þóknun fyrir 10 kindur, sem drepizt höfðu við böðun með kreólíni á kláðasjúku og grunuðu fje hjá 2 fátækum bændum.

19. Amtsráðsmennirnir ljetu bóka, að þeir, fyrir hönd amtsráðsins, vottuðu amtmanni Páli Briem innilegasta þakklæti fyrir þann framúrskarandi áhuga og dugnað, sem hann hefir sýnt í kláðamálinu, og sem það væri að þakka, að

- 80 nú væri vissa fengin fyrir því, að kláðanum verði innan skamms algjörlega útrýmt í Austuramtinu.
13. júlí
20. Af fulltrúum amtsráðsins á búnaðarþingi Íslands átti annar aðalfulltrúinn og annar varafulltrúinn að ganga úr eptir hlutkesti. Eptir hlutkesti átti að ganga úr amtmaður Páll Briem og Jónas Eiríksson skólastjóri á Eiðum. Þeir voru báðir endurkosnir til 4 ára, Páll Briem sem aðalfulltrúi og Jónas Eiríksson sem varafulltrúi.
21. Var samin og samþykkt svohljóðandi áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins árið 1904.

Tekjur.

Jafnaðarsjóðsgjald kr. 5300 00

Gjöld.

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 1000 00	
2. Til menntamála:		
a. Til bókasafns Austuramtsins	kr. 400 00	
b. Til kvennaskóla Húnavatnssýslu	— 100 00	
c. Til kvennaskóla Eyfirðinga	— 100 00	
d. Til Eiðaskólans	— 500 00	
e. Til bóka- og áhaldakaupa Eiðaskólans	— 100 00	— 1200 00
3. Til spítala á Seyðisfirði		— 200 00
4. Tillag til Búnaðarfélags Íslands		— 200 00
5. Afborgun og vextir af láni vegna fjárkláðans		— 1248 00
6. Til ráðstafana gegn fjárkláðanum		— 1000 00
7. Til leikfimisfélags Eskifjarðar		— 50 00
8. Til óvissra útgjalda		— 402 00
		<hr/>
	Alls	kr. 5300 00

Fleiri mál komu eigi til umræðu, Fundarbók upplestin og samþykkt og var svo fundi slitið 13. júlí 1903.

Páll Briem. *Jón Jónsson.* *A. V. Tulinius.*
Árni Kristjánsson.

Rjetta útskrift staðfestir.

Páll Briem.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suduramtsins.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1901.			
a, Óendurgoldin fyrirframborgun	kr.	11 10	
b, Í landsbankanum	—	642 03	
c, Í peningum	—	1453 23	kr. 2106 36
2. Jafnaðarsjóðsgjald	—	6600 00	
3. Vextir af bankainnlögum ^{31/12} 1902	—	74 82	
4. Endurgoldin fyrirframborgun	—	11 10	
5. Skuld við reikningshaldara	—	115 92	
			<u>kr. 8908 20</u>

Gjöld.

1. Kostnaður við amtsráðið	kr.	387 00
2. Kostnaður, samkvæmt lögum 2. október 1891, um skipun dýralækna á Íslandi	—	220 45
3. 8. afborgun og vextir af láni til Ölfusárbrúarinnar	—	482 63
4. Tillag til Hvanneyrarskólans fyrir skólaárið 1902—1903, samkvæmt 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á heimtum til amtssjóða og sýslusjóða	—	840 00
5. Tillag til Hvanneyrarskólans fyrir skólaárið 1902—1903, samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 24.—25. júní 1901	—	4500 00
6. Styrkur til kvennaskólans í Reykjavík	—	100 00
7. Styrkur til »Skógræktarfelags Reykjavíkur«	—	150 00
8. Ýmisleg gjöld	—	171 67
9. Færist til jafnaðar við tekjulíð 4	—	11 10
10. Eptirstöðvar við árslok 1902:		
Í landsbankanum	—	2045 35
		<u>kr. 8908 20</u>

Suduramtið, Reykjavík 14. jan. 1903.

J. Havsteen.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins 1902.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1901:			
a, Óborgaðir vextir af láni Torfa Bjarna- sonar frá 14. nóvbr. 1896	kr.	122 00	
b, Í landsbankanum	—	1635 34	
c, Í peningum	—	66 23	kr. 1823 57
2. Jafnaðarsjóðsgjald	—	3300 00	
3. Vextir af bankainnlögum $\frac{31}{12}$ 1902	—	43 44	
			<u>Alls kr. 5167 01</u>

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr.	979 80	
2. Til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi	—	400 00	
3. Kostnaður, samkvæmt lögum 2. oktbr. 1891, um skipun			
4. dýralækna á Íslandi	—	220 45	
a, 6. afborgun (600 kr.) upp í og vextir frá $\frac{1}{10}$ 1902 til $\frac{30}{9}$ 1903 (420 kr.) af banka- láni frá 14. nóvbr. 1896	kr.	1020	
b, 2. afborgun (500 kr.) upp í og vextir frá $\frac{1}{10}$ 1902 til $\frac{30}{9}$ 1903 (200 kr.) af banka- láni frá 30. júlí 1900	—	700	— 1720 00
5. Ýmisleg útgjöld	—	71 30	
6. Óborgaðir vextir af láni Torfa Bjarnasonar færðir til endilegra útgjalda	—	122 00	
7. Eptirstöðvar við árslok 1902:			
a, Óborgað jafnaðarsjóðsgjald úr Dalasýslu	kr.	302 00	
b, Í landsbankanum	—	1258 78	
c, Í peningum	—	92 68	— 1653 46
			<u>Alls kr. 5167 01</u>

Vesturamtíð, Reykjavík 14. jan. 1903.

J. Havsteen.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1902.

Tekjur:

1. Í sjóði frá f. á	kr. 987 30	
2. Jafnaðarsjóðsgjald		
a, úr Húnavatnssýslu	kr. 1401 85	
b, úr Skagafjarðarsýslu	— 1442 50	
c, úr Eyjafjarðarsýslu	— 1540 07	
d, úr Suðurþingeyjarsýslu	— 1115 58	— 5500 00
		<u>Alls kr. 6487 30</u>

Gjöld:

1. Til amtsráðs Norðuramtsins	kr. 598 70	
2. Til menntamála:		
a, Til kvennaskóla Eyfirðinga	kr. 300 00	
b, Til kvennaskóla á Blönduósi	— 300 00	
c, Til bókasafns Norðuramtsins	— 500 00	
d, Til Hólaskóla	— 3700 00	— 4800 00
3. Tillag til Búnaðarfjelags Íslands	— 400 00	
4. Vextir og afborgun af spítalaláni	— 192 00	
5. Ymislegur kostnaður	— 119 20	
9. Í sjóði	— 577 40	
		<u>Alls kr. 6487 30</u>

Skrifstofu Norðuramtsins, Akureyri 27. jan. 1903.

*Páll Briem.***Reikningur**

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins 1902.

Tekjur:

1. Jafnaðarsjóðsgjald:		
a. Norðurþingeyjarsýsla	kr. 810 89	
b. Norðurmúlasýsla	— 2269 46	
c. Suðurmúlasýsla	— 2284 71	
d. Austurskaptafellssýsla	— 634 94	kr. 6000 00
		<u>Krónur 6000 00</u>

Gjöld :

1.	Skuld við reikningshaldara	kr.	1527	85
2.	Kostnaður við amtsráðið	—	1081	10
3.	Til menntamála:			
	a. Til bókasafns Austuramtsins	kr.	500	00
	b. Til kvennaskóla í Húnavatnssýslu	—	100	00
	c. Til kvennaskóla Eyfirðinga	—	100	00
	d. Til bóka- og áhaldakaupa Eiðaskóla	—	100	00
	e. Til Eiðaskóla	—	300	00
		kr.	1100	00
4.	Til spítala á Seyðisfirði	—	300	00
5.	Til Búnaðarfjelags Íslands	—	200	00
6.	Til Leikfimisfjelags Eskifjarðar	—	50	00
7.	Afborganir og vextir af lánum	—	1328	00
8.	Kostnaður vegna fjárkláðans	—	236	95
7. FLATEYJARÞÓSTURINN fer frá Stykkishólmi til Flateyjar þegar eftir komu aukapóstsins frá Norðtungu í 1.—3. og 13.—15. ferð, og snýr aptur til Stykkishólms eftir 6 stunda dvöl.
8. SNÆFELLSNESSÝSLUÞÓSTURINN fer frá Stykkishólmi eftir komu auka-

póstsins frá Stað í Hrutafirði og fer um Grundarfjörð og Olafsvík að Sandi, snýr þaðan aptur til Ólafsvíkur og fer um Búdir og Staðastað til Stykkishólms. **120**

9. DALASÝSLUPÓSTARNIR eru tveir:

- a. Hinn fyrsti fer frá Stykkishólmi um Breiðabólstað á Skógarströnd og Harastaði svo tímanlega, að hann nái að Hjarðarholti og Stað, áður en aðalpóstarnir leggja á stað þaðan, og snýr síðan aptur sömu leið til Stykkishólms eftir komu þeirra og kemur við á Borðeyri í báðum leiðum.
- b. Annar fer frá Stórholti um (Heinaberg), Skarðstöð (Ormsstaði), Staðarfell og Hvamm svo tímanlega, að hann nái að Hjarðarholti fyrir komu aðalpósts að sunnan og vestan; eftir komu þeirra snýr hann aptur sömu leið að Stórholti.

10. BARÐASTRANDARSÝSLUPÓSTARNIR eru fimm:

- a. Hinn fyrsti fer frá Bæ í Króksfirði, þegar eftir að vestanpóstur er þangað kominn frá Hjarðarholti, fer um (Kinnarstaði), Gufudal, Vattarnes, Brjánslæk, Botn, Vatneyri og Sveinseyri að Bíldudal, og snýr þaðan aptur sömu leið að Bæ.
- b. Annar fer frá Sveinseyri í Tálknafirði, þegar eftir að aukapósturinn frá Bæ er þangað kominn á vesturleið, að Selárdal og snýr jafnskjótt aptur að Sveinseyri, og nær þar fyrsta aukapósti á leiðinni frá Bíldudal, sem þó eigi má bíða hans svo, að hætt geti orðið við, að hann nái ekki aðalpóstinum á suðurleið í Bæ.
- c. Hinn þriðji fer frá Vatneyri í Patreksfirði eftir komu fyrsta aukapósts þangað frá Bæ, að Sauðlauksdal, og snýr þegar aptur til Vatneyrar.
- d. Hinn fjórði fer frá Flatey, í hvert skipti eftir komu Flateyjarpóstsins þangað frá Stykkishólmi, að Brjánslæk, og snýr þaðan aptur til Flateyjar.
- e. Hinn fimmti fær frá Bæ í Króksfirði um Kleifar og Borðeyri, þegar eftir komu vestanpóstsins þangað frá Ísafirði, að Stað í Hrutafirði. Eftir komu norðanpóstsins frá Akureyri að Stað, fer hann þaðan aptur sömu leið að Bæ og sje kominn þangað, áður en vestanpósturinn fer þaðan áleiðis til Ísafjarðar.

11. ÍSAFJARÐARSÝSLUPÓSTARNIR eru ellefu:

- a. Hinn fyrsti fer frá Arngerðareyri einum eða tveim dögum eftir komu vestanpóstsins þangað að sunnan í 1.—5. og 12.—15. ferð um Melgraseyri og Unaðsdal að Snæfjöllum og snýr þaðan aptur til Arngerðareyrar.
- b. Annar fer frá Ísafirði, eftir komu vestanpóstsins þangað, um Veðrará, Holt í Önundarfirði, (Gemplufall), Þingeyri og Rafnseyri að Bíldudal og fer svo sömu leið aptur til Ísafjarðar.
- c. Þriðji fer frá Veðrará, þegar eftir komu Bildudalspóstsins þangað frá Ísafirði, til Flateyrar í Önundarfirði.
- d. Fjórði fer frá (Gemplufalli), þegar eftir komu Bildudalspóstsins þangað frá Ísafirði, að Mýrum í Dýrafirði.
- e. Fimmti fer frá Ísafirði, þegar eftir komu vestanpóstsins þangað, að Suðureyri í Súgandafirði og snýr þaðan aptur, eftir eyktardvöl, til Ísafjarðar.
- f. Sjötti fer frá Ísafirði, þegar eftir komu vestanpóstsins þangað, um (Hnífsdal) að Hóli í Bolungarvík og snýr þaðan aptur, eftir eyktardvöl, sömu leið til Ísafjarðar.

- g. Sjöundi fer frá Ísafirði, þegar eptir komu vestanpóstsins þangað, um (Árnardal) að Tröð í Álptafirði, stendur þar við 4 klukkustundir og fer síðan sömu leið aptur til Ísafjarðar.
- h. Áttundi fer frá Ísafirði, þegar eptir komu vestanpóstsins þangað, sjóveg til Snæfjalla, þaðan um Stað í Grunnvík að Hesteyri og, ef nógur tími er til, um (Sljettu) að (Stað í Aðalvík) og síðan sömu leið aptur til Ísafjarðar.
- i. Níundi fer frá Hesteyri, daginn eptir komu póstsins þangað frá Ísafirði í 1.—3. og 13.—15. pósthæð, um (Steinólfsstaði) að Höfn á Hornströndum, stendur þar við hálf dagur og fer síðan um (Hlöðuvík) til Hesteyrar aptur.
- k. Tíundi fer frá Þingeyri eptir komu annars aukapósts þangað frá Ísafirði, að Haukadali, og snýr þaðan sömu leið til baka að Þingeyri.
- l. Ellefti fer frá Rafnseyri, eptir komu annars aukapósts frá Ísafirði, að (Lokinhörmum) og snýr aptur sömu leið að Rafnseyri.
12. STRANDASÝSLUÞÓSTARNIR eru þrjár:
- a. Hin fyrsti fer frá Staði í Hrutafirði daginn eptir komu aðalþóstantanna þangað, fer um Borðeyri, (Bæ), (Prestsbakka), Óspakseyri, Stórafjarðarhorn, Kirkjuból, (Hrófberg) og Hólmavík í Steingrímsfirði, Skarði í Bjarnafirði og Reykjarfjörð að Árnasi og snýr þaðan aptur sömu leið að Staði í Hrutafirði.
- b. Annar fer frá Bæ í Króksfirði, eptir komu aðalþóstsins frá Ísafirði, um (Valshamar), (Tröllatungu), Kirkjuból, að Hólmavík og þaðan aptur sömu leið að Bæ.
- c. Þriðji fer frá Hólmavík, eptir komu aukapóstsins frá Staði, um Kleifa og Selsströnd að Kaldrananesi og sömu leið til baka.
13. HÚNAVATNSSÝSLUÞÓSTARNIR eru sex:
- a. Hin fyrsti fer frá Staðarbakka, þegar eptir komu aukapóstsins þangað frá Staði, að Hvammstanga og snýr aptur þaðan sömu leið að Staðarbakka.
- b. Hin annar fer frá Sveinsstöðum daginn eptir komu norðanþóstsins þangað frá Staði, um (Breiðabólstaði), (Klambrá) og (Vesturhópshóla) að Tjörnu á Vatnunesi og snýr þaðan aptur sömu leið að Sveinsstöðum.
- c. Þriðji fer frá Sveinsstöðum, eptir komu aðalþóstsins þangað að sunnan, að Ási í Vatnsdal, og snýr þaðan aptur að Sveinsstöðum.
- d. Hin fjórði fer frá Blönduósi, eptir komu aðalþóstsins að sunnan, um (Reyki) og Auðkúlu að Guðlaugsstöðum. Fyrir komu aðalþóstsins að norðan, skal sami þóstur fara frá Auðkúlu til Blönduóss.
- e. Hin fimmti fer frá Blönduósi, eptir komu aðalþóstsins þangað á norðurleið, til Hólanaess og eptir sólarhringsdvöl þar fer hann aptur að Blönduósi.
- f. Hin sjötti fer frá Bólstaðarhlíð, þegar eptir komu norðanþóstsins þangað á norðurleið, að Bergsstöðum og snýr þaðan sömu leið til baka.
14. SKAGAFJARÐARSÝSLUÞÓSTARNIR eru sjö:
- a. Hin fyrsti fer frá Víðimýri, eptir komu norðanþóstsins þangað frá Staði, um Mælifell að Goðdólum og sömu leið aptur að Víðimýri.

- b. Annar fer frá Víðimýri daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá Stað, um Reynistað, Sauðárkrók, Garð, Lón, Hofsó, (Fell), Haganesvík og (Hraun) til Siglufjarðar, og snýr aptur sömu leið eftir 24 stunda dvöl þar í 1.—5. og 13.—15. ferð, en eftir 12 stunda dvöl í 6.—12. ferð.
- c. Hinn þriðji fer frá Sauðárkróki, eftir komu Siglufjarðarpóstsins frá Víðimýri, að Hvammi í Laxárdal, og snýr aptur til Sauðárkróks.
- d. Hinn fjórði fer frá Lóni, eftir komu Siglufjarðarpóstsins þangað frá Víðimýri, um Viðvík að Hólum, og snýr þaðan aptur að Lóni.
- e. Hinn fimmti fer frá Sauðárkróki svo tímanlega, að hann sje kominn að Víðimýrj áður en norðanpóstur fer suður um. Eftir komu hans frá Akureyri snýr hann aptur sömu leið til Sauðárkróks og kemur við á Reynistað í báðum leiðum.
- f. Hinn sjötti fer frá Miklabæ í Blönduhlíð, eftir komu aðalpóstsins á norðurleið, um Frostastaði að Lóni. Eftir komu Siglufjarðarpóstsins frá Víðimýri snýr hann aptur sömu leið til Miklabæjar.
- g. Sjóundi fer frá Sauðárkróki, eftir komu fimmta aukapósts þangað, í 1.—5. og 13.—15. ferð, um Lón, Viðvík að Hólum og sömu leið til baka aptur.
15. EYJAFJARÐARSÝSLUPÓSTARNIR eru þrír, og fara allir frá Akureyri daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá Stað.
- a. Hinn fyrsti fer um Dalvík, Kvíabekk í Ólafsfirði og Haganesvík í Fljótum til Siglufjarðar og snýr aptur þaðan sömu leið á Akureyri.
- b. Annar fer um Hrafnagil að Saurbæ í Eyjafirði og sömu leið aptur á Akureyri.
- c. Hinn þriðji fer um Garð að Grenivík og þaðan aptur um Laufás til Akureyrar.
16. ÞINGEYJARSÝSLUPÓSTARNIR eru sex:
- a. Hinn fyrsti fer frá Ljósavatni, eftir komu Seyðisfjarðarpóstsins þangað frá Akureyri að Halldórsstöðum í Bárðardal, og snýr þaðan aptur að Ljósavatni.
- b. Annar fer frá Grenjaðarstað, eftir komu aðalpóstsins frá Akureyri, um Laxárdal að Skútustöðum og þaðan aptur um Reykjadal að Grenjaðarstað.
- c. Hinn þriðji fer frá Grenjaðarstað, þegar er Seyðisfjarðarpósturinn er þangað kominn frá Akureyri, um Húsavík að Víkingavatni, og snýr aptur sömu leið að Grenjaðarstað, og skal hann ná Seyðisfjarðarpóstinum á leið til Akureyrar.
- d. Hinn fjórði fer frá Vopnafirði tveim dögum áður en Seyðisfjarðarpósturinn á að fara frá Akureyri, um Bakka, Sauðanes, Þórshöfn, Svalbarð og Sandfellshaga til Víkingavatns og mætir þar Grenjaðarstaðarpósti.
- e. Hinn fimti fer frá Raufarhöfn í 1.—5. og 11.—15. ferð um (Grjótnes) og Kópasker að Víkingavatni svo tímanlega, að hann verði þangað kominn fyrir komu aukapóstsins frá Grenjaðarstað og Vopnafirði, og snýr aptur til Raufarhafnar þegar eftir komu umgetinna aukapósta að Víkingavatni.
- f. Hinn sjötti fer frá Ljósavatni eftir komu Seyðisfjarðarpóstsins þangað frá Akureyri að Þóröddstað í Kinn, og snýr þaðan aptur sömu leið til baka.

120

17. MÚLASÝSLUÞÓSTARNIR eru sex:
- Fyrsti fer milli Seyðisfjarðar og Vopnafjarðar. Hann fer frá Seyðisfirði sama daginn og Eskifjarðarþósturinn á að komast til Egilsstaða á austurleið, um Egilsstaði, Hjaltastað, Kirkjubæ í Hróarstungu, Sleðbrjót í Jökulsárhlið og (Torfastaði) á Vopnafjörð, og snýr aptur þaðan eftir sólarhringsdöld sömu leið á Seyðisfjörð.
 - Annar fer frá Seyðisfirði eftir komu aðalþóstsins þangað frá Akureyri í 1.—4. og 13.—15. ferð um Stakkahlíð og (Nes) að Bakkagerði í Borgarfirði og sömu leið aptur til Seyðisfjarðar.
 - Þriðji fer frá Egilsstöðum, þegar eftir komu aðalþóstantanna á austurleið, um (Vallanes) (Hallormsstað) að Valþjófsstað, og þaðan aptur vestan Lagarfljóts um (Ás í Fellum) að Egilsstöðum.
 - Fjórti fer frá Skjöldólfsstöðum, þegar eftir komu aðalþóstsins þangað frá Akureyri, að Brú á Jökuldal og sömu leið aptur að Skjöldólfsstöðum.
 - Fimmti fer frá Eskifirði, þegar eftir komu aðalþóstsins þangað frá Borgum í 1.—4. og 13.—15. ferð, um Reyðarfjörð og Fáskrúðsfjörð að Stöðvarfirði, og sömu leið aptur á Eskifjörð. Í þeim ferðum strandbátsins, þegar hann kemur ekki við á Stöðvarfirði, skal senda með þóstflutning frá Breiðdalsvík, eftir komu hans þangað frá Akureyri, til Stöðvarfjarðar, ef eigi fæst skipsferð.
 - Stjötti fer sömuleiðis frá Eskifirði, þegar eftir komu aðalþóstsins þangað frá Borgum í 1.—4. og 13.—15. ferð um Norðfjörð og Mjóafjörð til Seyðisfjarðar og snýr þaðan aptur á Eskifjörð.
18. SKAPTAFELLSSÝSLUÞÓSTURINN fer frá Kirkjubæjarklaustri, þegar eftir komu aðalþóstsins þangað frá Odda, að Borgarfelli í Skaptártungu og snýr þaðan aptur sömu leið að Kirkjubæjarklaustri.
19. VESTMANNAEYJAPÓSTURINN fer frá Odda að Ljótastöðum daginn eftir komu aðalþóstantanna, og snýr þegar aptur að Odda.
20. RANGÁRVALLASÝSLUÞÓSTARNIR eru þrír:
- Hinn fyrsti fer frá Þjórsárbrú, þegar eftir komu aðalþóstsins þangað frá Reykjavík, að Fellsmúla á Landi, og snýr þaðan aptur að Þjórsárbrú.
 - Annar fer sömuleiðis frá Þjórsárbrú jafnsnemma hinum fyrnefnda um (Háf í Hafshverfi) að Nýjabæ í Þykkvabæ í Vesturlandeyjum og snýr aptur sömu leið að Þjórsárbrú.
 - Hinn þriðji fer frá Odda, þegar eftir komu aðalþóstsins þangað frá Reykjavík, um (Stórolfshvol) að Teigi í Fljótshlið, og þaðan aptur sömu leið að Odda.
21. ÁRNESÝSLUÞÓSTARNIR eru fimm:
- Hinn fyrsti fer frá Kotsrönd, þegar eftir komu aðalþóstsins þangað frá Reykjavík, um Úlfhljótsvatn að Þingvöllum, og snýr þaðan aptur að Kotsrönd.
 - Annar fer frá Hraungerði, sem fyrst eftir komu aðalþóstsins frá Reykjavík, um Arnarbæli í Grímsnesi, (Stóruborg) og Mosfell að Torfastöðum og þaðan aptur sömu leið að Hraungerði.
 - Hinn þriðji fer sömuleiðis frá Hraungerði, sem fyrst eftir komu aðalþóstsins

frá Reykjavík, um (Ólafsvelli) og Reyki á Skeiðum að Stóranúpi; og þaðan aptur að Hraungerði. **120'**

- d. Hinn fjórði fer frá Reykjum, eptir komu Hraungerðispósts þangað, um (Birtingaholt) að Hruna og heldur sömu leið til baka aptur.
- e. Hinn fimmti fer og frá Haungerði, sem fyrst eftir komu aðalþóstsins frá Reykjavík, um (Gaulverjabæ), Stokkseyri til Eyraþakka, og snýr þaðan aptur daginn eptir að Hraungerði.

Milli Reykjavíkur og Ægissíðu verður pósthútaingur fluttur í viku hverri frá 15. júní til 1. október með pósthvagn.

Leggur pósthvagninn af stað frá Reykjavík á hverjum mánudagsmorgni kl. 9 og kemur aptur til Reykjavíkur á föstudögum.

Fardagur póstanna frá endastöðvum pósthleiddanna er fast ákveðinn þá daga, sem hér eru nefndir, þannig, að við böggul- og peninga-sendingum er ekki tekið lengur en til kl. 7 síðdegis daginn áður.

Reykjavík, 21. nov. 1903.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Reikningur

121

yfir tekjur og útgjöld Ræktunarsjóðs Íslands árið 1902.

Tekjur:

1. Höfuðstóll 31. desbr. 1901:

4 ⁰ / ₀ þjóðjardasölulán	kr.	54,442	66	
— önnur lán	—	42,482	89	
3 ¹ / ₂ ⁰ / ₀ tótvjelalán	—	13,902	88	
3 ⁰ / ₀ jarðabótalán	—	30,000	00	
Í sparisjóðsbók nr. 7635 U. bls. 235	—	9,553	42	kr. 150,381 85

2. Vextir áfallnir 1902:

a, 4 ⁰ / ₀ þjóðjardasölulán	kr.	2,195	54	
b, — önnur lán	—	1,895	12	
c, 3 ¹ / ₂ ⁰ / ₀ tótvjelalán	—	486	60	
d. 3 ⁰ / ₀ jarðabótalán	—	900	00	
Sparisjóðsvextir	—	358	95	— 5,816 21
				Flyt kr. 156,198 06

121

			Fluttar	kr. 156,198 06
3. Afborgun lána:				
Þjóðjardasölulán	—	3,232 01		
Önnur lán	—	1,225 76		
Tónjelalán	—	548 56		
Jardabotalán	—	75 00	—	5,081 33
4. Lán færð til jafnaðar útgjöldum 1.			—	3,600 00
			Samtals	kr. 164,879 39

Utgjöld:

1. Lán til jardabóta ,			kr.	3,606 00
2. Verðlaun veitt 1902	—	3,425 00		
3. Eyðublöð, ritföng o. fl. ,	—	23 75		
4. Til jafnaðar tekjum III færast	—	5,081 33		
5. Höfuðstóll 31. desbr. 1902:				
4% þjóðjardasölulán	kr.	51,210 65		
— önnur lán	—	41,257 13		
3 $\frac{1}{2}$ % tónjelalán	—	13,354 32		
3% jardabotalán	—	33,525 00		
Eptirstöðvar:				
Í viðskiptab. landsbanka nr. 7635	kr.	13,327 45		
Ógoldnir vextir: a. 44 76				
d. 30 00	—	74 76	—	13,402 21
			—	152,749 31
			Samtals	kr. 164,879 39

Skrifstofu landfógeta, 18. marz 1903.

A. Thorsteinsson.

122

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árið 1902.

Tekjur :

1. Sjóður við árslok 1901:				
a. Veðskuldabryjef	kr.	266231 98		
b. Lán til prestakalla	—	5610 00		
c. Skuldabryjef Reykjavíkur	—	600 00		
d. Vextir fyrir 1901 ógreiddir	—	279 71		
e. Innstæða i Landsbankanum	—	2258 49		
f. Í sjóði hjá fjehirði	—	1017 36	kr.	275,997 54
			Flyt	kr. 275,99 54

Fluttar kr. 275,997 54 **122**

2. Bætt við innstæðu vaxtaeigenda:			
a. Innlög á árinu	—	5324 20	
b. Vextir fyrir 1902, lagðir við höfuðstól	—	7432 49	— 12756 69
3. Vextir af útlánum 1902			— 12680 32
4. Borgun fyrir viðskiptabækur			— 15 00
5. Vextir fyrir 1902 er bíða útborgunar			— 3157 94
6. Höfuðstóll er bíður útborgunar			— 572 33
7. Innborgað lán			— 7555 66
8. Móti gjaldlið V			— 18600 00
			Kr. 331335 48

Gjöld :

1. Vextir vaxtaeigenda fyrir 1902			
a. Ársvextir 4 ⁰ / ₀ af höfuðstól	kr.	10476 49	
b. Dagvextir 3 ¹ / ₃ ⁰ / ₀ um árið	—	113 94	kr. 10590 43
2. Ýmiskonar kostnaður			— 653 11
3. Greiddir vextir er bíðu útborgunar við árslok 1901			— 3149 44
4. Höfuðstóll a. er beið útborgunar	kr.	262 88	
b. fallinn til útborgunar á árinu	—	579 33	kr. 842 21
5. Sett á vöxtu			— 18600 00
6. Móti tekjulið 7			— 7555 66
7. Sjóður við árslok 1902.			
a. Veðskuldabryjef	kr.	277691 32	
b. Lán til prestakalla	—	5195 00	
c. Skuldabryjef Reykjavíkur	—	600 00	
d. Vextir 1902 ógreiddir	—	215 79	
e. Innstæða í Landsbankanum	—	5947 32	
f. Í sjóði hjá fjehirði	—	295 20	kr. 289944 63
			Kr. 331335 48

Yfirlit

yfir efnahag Söfnunarsjóðs Íslands við árslok 1902.

Eignir :

1. Veðskuldabryjef	kr.	277691 32
2. Skuldabryjef prestakalla	—	5195 00
3. Skuldabryjef Reykjavíkur	—	600 00
4. Ógreiddir vextir	—	215 79
5. Innstæða í Landsbankanum	—	5947 32
6. Í sjóði hjá fjehirði	—	295 20
	Kr.	289944 63

1. Innstæða vaxtaeigenda :			
a. Í aðaldeild	kr.	235771 89	
Þar af í deild hinnar æfinlegu erfingja- rentu	kr.	1757 71	
b. Í útborgunardeild	—	29125 21	
c. Bústofnsdeild	--	9078 05	
d. Ellistyrksdeild	—	694 02	kr. 274669 17
2. Vextir er biða útborgunar			— 3157 94
3. Höfuðstóll er biður útborgunar			— 572 33
4. Varasjóður			— 11545 19
			<hr/> Kr. 289944 63

Í stjórn Söfnunarsjóðs Íslands, Reykjavík 28. febr. 1903.

Eiríkur Lriem. Jón Jensson. Björn Jensson.

Embættaskipun, veiting og lausn.

a. Veiting.

23. nóvbr. var prestur að Hálsi í Fnjóskadal, síra Einari Pálssyni veittur Gaulverjabær í Árneshófstæði.

Heiðursmerki.

9. nóvbr. þóknaðist hans hátígu konunginum að sæma bókbindara Friðb. Steinsson á Akureyri heiðursmerki dannebrogsmanna.

Heiðursgjafir.

14. september veitti landshöfðingi bændunum Birni Þorsteinssyni í Bæ í Borgarfjarðarsýslu og Ólafi Þorbjörnssyni á Kaðalstöðum í Mýrasýslu, heiðursgjöf af styrktarsjóði Kristjáns konungs Níunda, 140 kr. hvorum, fyrir framúrskarandi dugnað og framkvæmdir í jarðabótum og húsa.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

- Lög um verðlanaskrár, firmu og prókúruumboð*, undirskrifuð af konungi 13. nóv. 1903 (A nr. 42, bls. 239—253).
- Lög um vörumerki*, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 43, bls. 254—263).
- Lög um breyting á 1. gr. í lögum 19. febr. 1886 um fríðun hvala*, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 44, bls. 264—265).
- Lög um breyting á lögum 11. nóvbr. 1899 um útflutningsgjald af hvalaafurðum*, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 45, bls. 266—267).
- Lög um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. ágúst 1889, um viðauka við nefnd lög*, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 46, bls. 268—269).
- Tilskipun er nemur úr gildi bannið gegn því að flytja vopn og skotföng frá Íslandi til Kína*, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 47, bls. 270—271).
- Auðglýsing um staðfesting á reglugjörd fyrir Íslandsbanka*, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 25. nóvbr. 1903 (A nr. 48, bls. 272—291).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur- 123
amtinu um hlunnindi handa sparisjóði Skaptafellsýslu. Útaf beiðni, 23. nóvbr. er hingað hefir borizt beina leið, frá stofnendum fyrirhugaðs sparisjóðs Skaptafellsýslu í Vík, vil jeg hjer með veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. janúar næstkomandi að telja hlunnindi þau, er ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, er nú er sett, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju enduriit af ársreikningi sjóðsins í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir Gunnari verzlunarstjóra Ólafssyni í Vík í Mýrdal fyrir hönd stofnenda sparisjóðsins.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfvaldanna um lántökuleyfi handa 124
Kolfreyjustaðarprestakalli. Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, 24. desbr. og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 28. f. m., og beiðni hlutaðeiganda, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Kolfreyjustað, præp. hon. Jónas P. Hallgrímsson, taki upp á prestakallið 2700 kr. embættislán, sem endurborgist með 135 kr. árlega á 20 árum auk vaxta, til þess að kaupa til handa Kolfreyjustaðarprestakalli íbúðarhús það úr timbri, sem nú er á staðnum,

31. dag desembermánaðar 1903.

124 ásamt 3 skúrum við það, með 3 ofnum og eldavjel, gegn því að niður falli það-
24. desbr. stofa, bæjardyr, búr og eldhús, sem nú fylgja, og ennfremur gegn því að presturinn járnklæði á næsta sumri húsið gegn regnátum og leggi járnþak á breiðari enda hússins, hvorttveggja með bárujárni, og að hann bæti um leið þá galla á viðum, sem kynnu koma í ljós við járnlagninguna.

Að öðru leyti er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að presturinn haldi húsinu í váttryggingu fyrir eldsvoða fyrir 3800 kr. að minnsta kosti, undir eptirlíti prófasts, að hann á sínum tíma eða bú hans skili því í gildu standi eða með fullu álagi og að eigi verði tekið meira af láninu en $\frac{2}{3}$ hlutir þess fyr en sannað er með löglegri skoðunargjörð, að húsið sje járnklætt svo sem sagt er að framan og bættir gallar á viðum, sem kunna að koma í ljós við járnlagninguna.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

125
28. desbr. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur-
amtinu um sveitfesti þurfalings.** Með brjefi yðar, dagsettu 22. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Skógarstrandarhreppi, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 26. júní þ. á., sem ákveður að Kristján nokkur Árnason frá Árnúsum skuli álitast sveitlægur í nefndum hreppi, og að Tálknafjarðarhreppur skuli vera laus við að endurgjalda Skógarstrandarhreppi styrk, sem Kristjáni var veittur í síðastnefndum hreppi í apríl 1901.

Utaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að eg verð að vera yður samdóma um að eigi sje sannað hvorki með skoðunargjörðinni, nje á annau hátt, að nauðsyn hafi á verið, að veita Kristjáni umgetinn sveitarstyrk í apríl 1901, skal úrskurður yðar standa óhaggður.

Úrskurður amtsins.

Þjer hafið, velborni herra sýslumaður, með þóknanlegu brjefi, dags. 1. þ. m., skotið til amtsins ágreiningi milli yðar og sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um það, hvort Kristján nokkur Árnason skuli álitast sveitlægur í Tálknafjarðarhreppi í nefndri sýslu eða í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og um kröfu hins síðarnefnda hrepps á hendur Tálknafjarðarhreppi til endurgjalds á fátækrastryrk, veittum nefndum Kristjáni Árnasyni í apríl 1901, að upphæð 20 kr.

Málavextir eru þeir, að Kristján Árnason, sem er fæddur í Tálknafjarðarhreppi 1866, kom þaðan um 25 ára gamall snemma í maí 1891 í Skógarstrandarhrepp með þáverandi húsbónda sínum, síra Jósep heitnum Hjörleifssyni. Í þessum hreppi hafið hann síðan óslitna dvöl, þótt hann eigi á árinu 1899—1900 hafi haft heimili í Árnúsum, þar sem hann lengst af dvaldi, þar til hann fyrst í apríl 1901 beiddist fátækrastryrks, sem að framfarinni aðsjónargjörð 16. apríl var honum látinn í tje með 20 kr. í peningum, en fyrst í júní s. á. flutti hann burt úr hreppnum með fjölskyldu sína, 2 börn og eina stúlku.

Þar sem sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu og hreppsnefndin í Tálknafjarðarhreppi hafa haldið því fram, að Kristján Árnason hafi verið búinn að útenda 10 ára dvöl í Skógarstrandarhreppi, þegar hann þáði þenna styrk, þá verður þessi synjunarástæða þannig eigi tekin til greina, en aptur á móti verð jeg að fallast á þau mótmæli, sem komin eru fram gegn lögmati styrksins, sem er veittur rjett áður en Kristján Árnason hefir dvalið 10 ár samfleytt í Skógarstrandarhreppi. Hin framfarna aðsjónargjörð sýnir aðeins matvælabirgðirnar á heimili Kristjáns Árnasonar, en gefur engar upplýsingar um kringumstæður hans að öðru leyti. Í því tilliti hefur hann sjálfur getið þess, að þær fáu skepnur, sem hann átti, hafi hann verið búinn að selja eða pantsetja, en um þetta hefur engin rannsókn farið fram. Það er upplýst, að hann hafi haft 2 kýr og hefði, að því er virðist, verið hægt að farga annari, heimili Kristjáns til viðurværis. Hreppsnefndin í Skógarstrandarhreppi eða oddviti hennar skýrir einnig svo frá, að sjer hafi verið kuunugt um, að Kristján hafi fargað einhverjum búshlutum sínum uppí kostnaðinn við ferð sína, þá er hann flutti sig í Tálknafjarðarhreppi fyrst í júní 1901. Til þessarar ferðar segist hann að vísu hafa fengið lán hjá stúlku þeirri, sem hjá honum var, og eins það, sem hann þurfti, eptir að hinn umgetni fátækrastyrkur uppá 20 kr. var þrotinn, til framfærslu þangað til hann fór burt úr hreppnum, og er það næsta ólíklegt, að hann eigi hefði getað fengið þessa hjálp hjá stúlkunni fyr. Þessi fátækrastyrkur var veittur í peningum, í stað þess að hreppsnefndin sjálf hefði átt að umgangast kaup á matvælum handa honum, hafi þau eigi verið til í hreppnum. Þessi sveitarstyrkur gat vitanlega eigi náð langt, enda gat Kristján þegar í stað hjálpað sjer eptir að styrkurinn var þeginn. Eptir því sem þannig er komið fram, hefur hinn umræddi styrkur verið veittur að óþörfu, og er hann því ólögmaetur.

Þar sem Kristján Árnason hefur dvalið í Skógarstrandarhreppi, sem hann kom í úr fæðingarsveit sinni um 25 ára að aldri, frá því fyrst í maí 1891 og þar til um fardaga 1901, án þess á þeim tíma að þiggja löglega veittan fátækrastyrk, er hjermeð úrskurðað, að hann skuli álitast sveitlægur í Skógarstrandarhreppi, og að Tálknafjarðarhreppur skuli vera laus við að endurgjalda styrk þann, sem ræðir um að framan.

Þetta gefst yður hjermeð þjenustusamiega til vitundar, velborni herra sýslumaður, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Skógarstrandarhreppi.

Reglugjörð

um útrýmingu fjárkláðans.

126

28. desbr.

Samkvæmt 2. gr. í lögum nr. 41, 13. nóvbr. 1903 um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum, eru gjörð eptirfylgjandi ákvæði um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum:

1. gr.

Badlyf þau og badpottar, er með þarf í hvern hrepp, skal flutt þangað frá næstu kauptúnnum á kostnað fjáreigenda í hreppnum.

Hreppsnefndin annast flutninginn og jafnar flutningskostnaðinum niður á fjáreigendur eptir fjártölu og innheimtir hann. — Gjald það má taka lögtaki. Húsbóndi hver leggur ókeypís til badker, nægilega aðstoð við böðun og sköðun fjár á heimili hans, og flutning badlyfja og böðunaráhalda til næsta bæjar.

126 Allur annar kostnaður við ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum greið-
26. desbr. ist úr landssjóði.

2. gr.

Framkvæmdarstjóri sá, sem landstjórnin ræður til þess að standa fyrir útrýming fjárkláðans, tekur sjer aðstoðarmenn eptir þörfum. Sýslumenn, hreppstjórar og hreppsnefndir skulu veita framkvæmdarstjóranum aðstoð til þess að velja sjer sem hæfasta menn til aðstoðar.

Aðstoðarmenn framkvæmdarstjórans eru fjárkláðalæknar og baðarar. Framkvæmdarstjórinn skal annast um að aðstoðarmenn hans fái svo mikla fræðslu um eðli fjárkláðans og lækning hans, sem unnt er, og sjerstaklega að fjárkláðalæknarnir geti komið í hans stad, þar sem þess er þörf.

3. gr.

Framkvæmdarstjórinn ákveður, á hverjum tíma almenn útrýmingarböðun skal fram fara.

4. gr.

Til böðunar skal nota baðlög, er skal sjóða úr tóbaki á þann þátt, er nú skal greina:

Móti hverju pundi af tóbaki skal ætla svo mikið vatn, að þegar það er soðið niður, sje lögurinn 10 pottar. Tóbakið skal sjóða í fullar 2 klukkustundir í pottum, er taka 100 potta vatns eða meira, en í pottum, er taka minna, nokkuð skemmri tíma, þó eigi skemur en 1½ klukkustund. Þegar baðað er, skal lögurinn vera nýmjólkurvolgur.

5. gr.

Til þess að baða 30—40 fjár í ullu skal ætla 100 potta af baðlegi, sem soðin hafa verið í 10 pund tóbaks. Til þess að baða sauðfje á hverjum bæ, skal sjóða, ef unnt er, í einu baðlög þann, sem þarf að nota á bænum.

6. gr.

Baðker þau, er nota skal, eiga að vera 20 þuml. á hæð með handföngum á endum. Baðkerin mega vera hvort sem vill sporöskjulöguð eða ferstrend. Hin sporöskjulöguðu eiga að vera 35 þuml. á lengd í botni og 26 þuml. á breidd í botni, en ferstrendu kerin eiga að vera 36 þuml. á lengd í botni og 27 þuml. á breidd í botni. Baðkerin eiga að vera víðari að ofan en neðan.

Í hverjum hreppi eiga að vera að minnsta kosti 2 baðker fyrir hver 2000 fjár í hreppnum.

7. gr.

Við hina almennu útrýmingarböðun skal baða allt sauðfje á útrýmingarsvæðinu einu sinni. En þar sem brögð eru að fjárkláða, skal baða sauðfje tvisrar sinnum eftir nánari fyrirmælum framkvæmdarstjórans eða aðstoðarmanna hans. Ef engin útbrot finnast á sauðkindum, nægir að halda þeim niðri í baðleginum í 7 mínútur. Höfuðin á sauðkindunum eiga að gegnblotna rækilega og á að dýfa höfðunum mörgum sinnum ofan í baðlöginn. — Ef baðlögurinn er svo lítill, að hann flýtur eigi yfir sauðkind þá, er baða skal, þá skal stöðugt ausa

badleginum yfir hana alla og snúa henni að minnsta kosti einu sinni í badleginum. Þess skal vandlega gæta, að badlögurinn hafi eins langan tíma til að verka á hörund og ull sauðkindarinnar, eins og þegar badlögurinn flýtur yfir sauðkindina. **126** 28. desbr.

8. gr.

Við almenna útrýmingarböðun skal jafnan hafa tvö baðker. Annað þeirra skal hafa til að baða í, en hitt skal hafa til að láta badlöginn síga í af kindinni, eptir að hún er böðuð.

9. gr.

Ef sauðkindur finnast með útbrotum frá rjettum til þess tíma, er hin almenna útrýmingarfjárnöðun á fram að fara, skal að jafnaði tafarlaust slátra slíkum sauðkindum, svo að sem minnst hættu verði á, að kláðamaurar af þeim geti borizt á aðrar sauðkindur. Eptir slátrunina skal fara sem varlegast með höfuð, fætur og gærur af slíkum kindum, svo að engin hættu verði á að kláðamaurar berist af þeim á annað sauðfje. Sá, sem hefir sauðfje þetta undir hendi, getur komizt hjá að láta slátra sauðkindum þessum, með því móti að hreppstjóri taki við umsjón þeirra, meðan stendur á lækning þeirra, en borga verður fjárhafi þá allan kostnað, er af því leidir, annan en böðunarlyf.

10. gr.

Þegar sauðkindur með útbrotum eru teknar til böðunar, skal halda þeim niðri í badleginum í 10 mínútur, og núa á meðan badlöginn sem allra bezt með hendinni inn í útbrot kindanna; síðan skal taka þær upp úr badleginum og láta þær standa nokkurn tíma útaf fyrir sig; síðan skal leggja þær í badlöginn aptur og halda þeim þá niðri í honum í 3 mínútur. Eptir böðunina skal þessum sauðkindum gefið inni, en að 4—5 dögum liðnum, skal aptur baða þær og láta þær þá liggja 10 mínútur í badleginum.

11. gr.

Eptir að sauðkindur hafa verið baðaðar fyrirskipuðu baði, skal gefa þeim inni í 8 daga, og gæta þess að sauðkindurnar vökni eigi. — Eptir átta daga má láta sauðkindurnar út, en gæta verður þess í fulla viku að þær sjeu eigi úti í regni eða snjóhríð eða gangi í bleytu eða snjó.

12. gr.

Ef fyrir skyldi koma eptir hina almennu útrýmingarböðun sauðkind, sem eigi hefir verið böðuð, þá skal gæta þess að hún komi eigi saman við annað sauðfje. Frá þessu skal skýra hlutadeigandi hreppstjóra tafarlaust, en hreppstjóri skal síðan skýra framkvæmdarstjóra frá eða fjárkláðalækni. Sauðkindin skal tafarlaust skorin. Höfuð og fætur skal fara sem varlegast með, en geyma gæruna á afviknum stað, þangað til framkvæmdarstjóri eða einhver aðstodarmanna hans getur skoðað gæruna.

126

13 gr.

28. desbr.

Áður en baðað sauðfje er látið inn í fjárhús, skal sá, sem hefir þau undir hendi, hreinsa þau svo sem nú skal greina:

Fyrst skal stínga eða moka út að minnsta kosti 2 þuml. þykku lagi af taðinu; en áður skal sópa húsið vandlega svo langt sem sauðkindin nær um 1¹/₂ al. frá gólf, vegg, garða, garðabönd, milligerðir, hurðir, dyrastafi o. s. frv. Síðan á að hleypa sauðfjenu, sem baðað hefir verið, inn í húsin, hafi sauðfje eigi verið baðað í húsinu.

Það er fullnægjandi hreinsun á fjárhúsum, að láta þau standa auð í 8 daga, þannig, að engin kind komi í þau. Það sem er mokað eða sópað úr fjárhúsum, skal látið á afvikinn stað eða grafið niður og þakið.

14. gr.

Framkvæmdarstjóri eða sá af aðstoðarmönnum hans, sem hann tekur sjer sem fjárkláðalækni, skal kenna böðurum að baða eptir þörfum, og að þekkja fjárkláðann, eptir því sem unnt er. Framkvæmdarstjóri og fjárkláðalæknar skulu standa fyrir útrýmingu fjárkláðans og setja baðanirnar í gang, svo að allt sauðfje, þar sem útrýming fjárkláðans á fram að fara, verði baðað á tímabilinu frá 1. nóv. til ársloka, eða ef þess er eigi kostur, þá svo fljótt sem því verður viðkomið.

15. gr.

Baðarar skulu annast baðanir og sjá um að farið sje eptir reglugjörð þessari og nánari fyrir mælum framkvæmdarstjórans eða fjárkláðalækna hans þeir eiga að sjá um, að húsbændur fái að vita í tækan tíma, hvenær á að baða sauðfje þeirra útrýmingarbaði, að húsbændur leggi til nægilega aðstoð við böðun og flytji baðlyf og böðunaráhöld til næsta bæjar. Baðarar eiga að sjá um suðu á böðunartóbaki, að baðanir gangi sem greiðlegast, að farið sje sem sparlegast með baðlöginn, að engin sauðkind sleppi hjá baðinu, og að fjáreigendur hafi sauðfje sitt inni um ákveðinn tíma eptir baðanir. Baðararnir eiga með eigin hendi að leggja hverja einustu stauðkind í baðið, og halda henni niðri í baðinu ákveðinn tíma; skulu þeir jafnan hafa fyrir sjer úr eða stundaklukku til þess að sjá, hvað tímanum líður.

Baðararnir eiga að kæra hvern þann mann, er brýtur gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar, fyrir hlutadeigandi hreppstjóra, sem svo skýrir hlutadeigandi sýslumanni tafarlaust frá brotinu.

Baðararnir eiga að sjá um að menn sjeu varkárir, svo að eigi sje hætta á að menn flytji kláðamaura frá óböðuðu sauðfje á baðað sauðfje, og ennfremur eiga þeir að útvega sjer vissu um, hvort fjáreigendur láta sauðfje sitt vera inni í húsum um ákveðinn tíma eptir böðun.

Baðarar eiga að haga svo böðunum sínum í sveitum, að eigi verði hætta á að baðað fje og óbaðað fje geti komið saman. Baðarar eiga daglega að rita hjá sjer skýrslu um baðanirnar samkvæmt fyrirmynd, sem prentuð er aptan við reglugjörð þessa.

Að afloknum böðunum eiga baðaðarnir að sonda hlutaðeigandi sýslumanni **126** afrit af skýrslu sinni, en sýslumaður sendir skýrslurnar til framkvæmdarstjóra. 28. desbr.

Baðararnir hafa ábyrgð á því, að baðanir fari vel úr hendi, og eru fjáreigendur skyldir að hlýða fyrirmælum þeirra, er miða til þess að útrýming fjárkláðans gangi sem bezt og greiðlegast.

16. gr.

Sýslumenn, hreppstjórar og hreppsnefndir eiga að stuðla til þess, að útrýming fjárkláðans gangi sem bezt, og veita framkvæmdarstjóra og aðstoðarmönnum hans aðstoð til þess að útrýming fjárkláðans gangi sem greiðlegast.

17. gr.

Eptir að böðun hefur farið fram, skal alls eigi baða eða bera ofan í sauðfje, nema framkvæmdarstjóri leyfi, en fjáreigendur eiga, eptir því sem unnt er, að aðgæta eða láta aðgæta þrifin á sauðfje sínu á hverjum hálfum mánuði að vetrinum og vorinu, þangað til framkvæmdarstjóri álitur þess eigi þörf lengur.

18. gr.

Þann vetur, sem almenn útrýmingarböðun á sjer stað, skulu fara fram tvær almennar skoðanir á sauðfje af tilnefndum mönnum.

Fyrri skoðunin fer fram að minnsta kosti tveimur mánuðum eptir að útrýmingarböðunin hefur farið fram, en hin síðari skoðun síðari hluta aprilmánaðar eða í maímánuði. Næstu tvo vetur skulu fara fram þrjár skoðanir á þeim tíma, er framkvæmdarstjóri ákveður. Við rúning skulu allir þeir, sem hafa sauðfje undir hendi, skoða eða láta skoða nákvæmlega alt sauðfje, sem þeir taka eða láta taka ull af.

19. gr.

Nú verður vart við útbrot á sauðkind og skal þá sá, sem kindina hefur undir hendi, tafarlaust einangra hana og segja framkvæmdarstjóra, aðstoðarmanni hans eða hreppstjóra til, en þeir skulu gjöra ráðstafanir til þess að gengið verði úr skugga um, hvort útbrotin eru fjárkláði eða eigi.

20. gr.

Nú reynast útbrotin vera fjárkláði og skal þá tafarlaust baða sauðfje það, sem komið hefur saman við sauðkindina, öruggu útrýmingarbaði eptir fyrirmælum framkvæmdarstjóra eða aðstoðarmanna hans.

21. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 5—200 kr. sektum, er renna í sýslusjóð, þar sem brotið er framið. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi gengur í gildi 1. janúar 1904.

Þetta auglýsist almenningi til eptirbreytni.

Reykjavík, 28. desbr. 1903.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Fyrirmynd.

S k ý r s l a

um fjárbaðanir í hreppi í sýslu
á tímabilinu frá mán. til mán. 190

Tala	Hemili	Tala fjár, sem baðað er einu sinni	Mánaðardagur, þegar böðin fer fram í fyrsta skipti	Tala fjár, sem baðað er í annað sinn	Mánaðardagur, þegar önnur böðin fer fram	Tala fjárhúsa, sem hreinsuð eru	Töbak, sem notað er við hverja böðun, pund	Hversu margra daga fjöldi var haft inni eptir böðunina	Hverning reakti húsbóndinn skyldur sinar?	Athugasemdir:
1.	Grund	60	1. nóv.	3	18	8	ágætl.	1) Mennt höfðu eigi tekið eptir útbrotunum, fyrri en baðað var. 2) Húsbóndinn kærður fyrir að synja um hjálp við böðunina.
2.	Eyri	100	2. nóv.	4	30	8	ágætl.	
3.	Hamar ¹	20	3. nóv.	2	8	8	ágætl.	
4.	Grímsstaðir	300	3. 5. 7. nov.	12	7. nóv.	6	90	8	ágætl.	
5.	Granastaðir	50	8. nóv.	2	15	8	illa ²	

Samþykkt

um breyting á 4. gr. í endurskodaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 1. ágúst 1902.

Í stað 1. málsg. í 4. gr. komi:

»Í fátækranefudinni eiga sæti 5 bæjarfulltrúar, og kýs hún sjálf formann sinn«.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur 17. desbr. 1903.

Halldór Daníelsson, Halldór Jónsson, Kristján Jónsson, Kristján Þorgrímsson, Síghvatur Bjarnason, Hannes Hafliðason, Magnús Einarsson, Sig. Thoroddsen, Ólafur Ólafsson, G. Björnsson, Tr. Gunnarsson, Þórh. Bjarnarson, Jón Magnússon.

*

*

*

Samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apríl 127 1872, 31. gr., staðfestist hjer með framanskriðuð samþykkt um breyting á 4. gr. 28. desbr. í endurskoðaðri samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 1. ágúst 1902.

Reykjavík, 28. desbr. 1903.
Landshöfðinginn yfir Íslandi
Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Reglugjörð

um próf iðnaðarnemanda og umsjón með því.

128

Samkvæmt 10. gr. í lögum nr. 15, 16. septbr. 1893, um iðnaðarnám, eru 28. desbr. settar eftirfarandi reglur um próf iðnaðarnemanda og umsjón með því.

I. kafli. Viðfangsefni prófanna.

1. gr.

Prófin eru ýmist haldin í dráttlist og verklagni, ýmist í verklagni einni saman.

2. gr.

Þeir iðnaðarmenn, sem hjer verða nefndir, eiga að sýna kunnáttupróf bæði í dráttlist og verklagni, og er viðfangsefni þess þannig ákveðið: **a)** þjátr-arar: fyrst skulu þeir gera dráttmynd, er gild sje tekin, af tesuðuvjel, kaffi-könnu eða blómkeri, og smíða svo hlutinn eptir henni; **b)** buðkarar: að gera dráttmynd af keru eða tunnuni með tiltekinni lögum og rúmfangi, og reikna ílátid út, og smíða svo eptir myndinni ölker eða annað ílát, sem almennt er tíðkað; **c)** rennismíðir: Þeir skulu renna og gljáfægja holt skrautker eða handriðsspela (balustre) úr trje, eða smærri smíðisgrip úr beini, horni eða málm, þann er prófnefndinni þykir nægilegur, samkvæmt dráttmynd af hlutum, er þeir hafa sjálfir gert og gild hefur verið tekin; **d)** drifsmíðir (gjörtlarar): eptir dráttmynd, sem þeir gjöra sjálfir og gild er tekin, eiga þeir að móta, steypa og fullgera ljósastiku eða vatnskрана, beizlisstengur eða svipuskapt; **e)** gullsmíðir: eptir dráttmynd, sem þeir gera sjálfir og gild er tekin, eiga þeir að smíða brjóstnál eða armband úr gulli, eða sykurskál, súpuausu, kókuskeið eða fiskskeið, belti eða koffur úr silfri; **f)** hjólsmíðir eða vagnsmíðir: eptir dráttmynd, sem þeir gera og gild er tekin, að smíða fremri hjólás eða hjól í stórvagn fjórhjólaðan, lokaðan (karet) eða því um líkan vagn annan; **g)** lásasmíðir: eptir dráttmynd, er þeir hafa gert og gild er tekin, að smíða alfóðraða skrá með lykli, eða skruf-heldu [»skrufstykki), 32 punda eða þaryfir; **h)** eirsmíðir: Eptir dráttmynd, er þeir gera og gild er tekin, að smíða rauðan eða gljáfægðan teketil eða kaffi-

128 könnu; **i**) málarar: Að draga skreytingarmynd og mála hana síðan í oliulit eða 28. desbr. límlit, svo og að sýna kunnáttu sína í að marmaramála eða æðamála trje; **k**) múrarar: Eptir dráttmynd, er þeir hafa gert og gild er tekin, að múra upp $1\frac{1}{2}$ steinsmúr með 1 steins blindingu, 3 álna langan og 2 álna háan. Blindinguna með hennar 4 hornum á að sljettfága; **l**) snikkarar: Eptir dráttmynd, er þeir hafa áður gert og gild er tekin, að smíða dragkistu, skrifborð, skattol, gluggagrind eða spelhurð, borðstofustól eða hægindastól með renndum eða bjúgum fótum; **m**) timburmenn: Eptir dráttmynd, er þeir hafa áður gert og gild er tekin, að smíða beinan stiga, ekki minna en 4 þrepa, eða sníða til og fella saman bálkgrind eða þakbindi eða því um líkt; **n**) úrarar: Eptir dráttmynd af ganginum í stórum stíl, er þeir hafa áður gert og gild er tekin, að smíða tiltekinn hluta gangfæranna í almennt vasaúr eða í 8 daga borður eða stofuúr með slagfærum.

3. gr.

Þeir iðnaðarmenn, er hjer verða nefndir, eiga að sýna kunnáttupróf í verklagni aðeins og er viðfangsefni þess þannig ákveðið: **a**) bókbindarar: Að binda bók í áttungsbroti eða stærra broti með gyltum sniðum sljettum og skreyting á bindinu eptir því sem sveinsefni kýssjálfur; **b**) sútarar: Að verka 2 húðir og 10 kálfskinn, gera vaxleður úr helmingnum, en smurningsleður úr öðrum helmingi, og stræja ker af ledri; **c**) járnsmíðir (stærri): Að smíða gang af skeifum, og skeifufjadrir til hans, eða smíða fjöður í vagn; **d**) hanzkamakarar: Að gera almenna hanzka með ávölum saum, eða verka skiun í franska hanzka og sníða þá; **e**) hattarar: Að gera þristrendan flókahatt með silkiflozi eða sívalan hatt með silkiflozi, og sívalan hjerahárshatt; **f**) naglarar: Að smíða tveggja þumlunga nagla, 2 þriggja þumlunga og 2 fjöggra þumlunga nagla; **g**) kaðlarar: Að gera sexþættan streng, 25 fadma langan og 4 punda á þyngd, þriþætt snæri, 12 fadma langt, og þrjátíu fadma langa seglgarnslínu, allt úr hvítu garni; **h**) söðlarar: Að gera reiðbeizli með fóðruðum hringjum eða sterkt aktygjabeizli; **i**) skómakarar: Að gera eina stýfla eða eina skó með uppstunginni rönd; **k**) skraddarar: Að taka sjálfur mál af manni, draga snið af fatinu á pappír og sauma svo fatið, karlmannsfrakka eða karlmannskjól; **l**) tóbaksspinnarar: Að gera rullu af mjóu hollenzku tóbaki, um 40 pd. á þyngd; **m**) vefarar: Að vefa mislitan baðmullardúk, röndóttan eða tiglóttan, 40 álna langan, eða ámóta dúk úr líni, svo sem ljerept, dregil, sængurdúk eða klæði, ámóta langt.

4. gr.

Nú óskar sveinsefni að vinna annað verk eða gera annan grip, en hjer er ákveðið að framan, enda álíti prófnefnd sú, er getur um í 6. gr., að það sje eins mikið vandaverk og veiti jafn mikla trygging fyrir almennri kunnáttu sveinsefnis í sinni grein, og er þá nefndinni heimilt að leyfa það.

5. gr.

Prófnefnd sú, er ræðir um í 6. gr., tiltekur verkefni handa verzlunarnemum og lærlingum annara atvinnurekanda (en verzlunarmanna og iðnaðarmanna), þeim er próf vilja sýna.

II. kafli. Umsjón með prófinu og dómur um það.

128

28. desbr.

6. gr.

Umsjónin með prófstarfinu og dómur um það er falinn nefnd á hendur, og eru í henni 3 menn, er lögreglustjóri kveður til, og skulu tveir af þeim, ef unnt er, vera samiðnarmenn. Í þeim iðngreinum, þar sem dráttmyndir skal gera, skal haga svo vali prófnefndarmanna, að einn þeirra að minnsta kosti sje vel til hæfur að dæma um það próf. Sjerhver atvinnurekanda innan lögsagnarumdæmisins, sem hefir borgarabjef eða aðra atvinnuheimild, er skyldur til að taka kosningu í nefnd þessa og gegna því starfi. Lögreglustjóri ákveður, hver vera skuli formaður nefndarinnar.

7. gr.

Formaður stjórnar störfum nefndarinnar. Þeir sem próf vilja gera, skulu, í kaupstöðum, tilkynna honum það, en annarsstaðar lögreglustjórn, og sker formaður úr því, hvort þeim skuli leyft próf að gera, samkvæmt skilríkjum þeim, er fram eru færð (sbr. 8. gr.), tekur við borgun þeirri, er sveinaefni eiga að greiða. Hann ákveður fundi í nefndinni, og kveður nefndarmenn til þeirra, og sjer yfir höfuð fyrir því, að störf nefndarinnar gangi truflunarlaust og reglulega.

8. gr.

Próf skal halda tvisvar á ári, í apríl og október. Nú vill maður fá að gera próf, og skal hann þá tilkynna formanni prófnefndarinnar eða lögreglustjóra (sbr. 7. gr.) það fyrir 15. dag næsta mánaðar áður en prófið er haldið. Jafnframt tilkynningunni verður hann að afhenda vottorð um aldur sinn og nám sitt, undanfarið, og greiða um leið 3 króna gjald. Sje dráttmyndarpróf áskilið, skal því fyrst lokið. Formaður ávísar sveinaefnum hæfilegt husnæði til að gera þetta próf, og sjer um, að þeir eigi allir kost á að gera það áður en mánuðurinn er úti. Því næst tekur hann dráttmyndarprófin öll og leggur þau fyrir nefndina, og sker hún svo úr, hvort leyfa skuli sveinaefnunum að gjöra prófin. Nú eru dráttmyndarpróf einhvers eigi gild metin, og má sá þá ekki koma til prófs fyrri en á næsta missiri. Þau áhöld, sem til dráttmyndanna þarf, svo sem pappír, dráttæki, blýanta o. s. frv., leggja sveinaefni sjer til sjálfir. Sveinaefni, hvort heldur þeir, er staðizt hafa dráttmyndarprófið, eða þeir, sem ekkert dráttmyndarpróf er af heimtað, skulu vinna hið verklega prófstarf sitt hjá einhverjum iðnaðarmanni í þeirri iðngrein, er próf skal í gera. Formaður gefur þá leiðbeining, sem þörf er á, um það, hversu þessu skuli fyrir komið, og sjái hann sjer það fært, getur hann vísað sveinsefni á starfstofu, verkfæri og vinnuefni. Nú hefir formaður enga starfstofu á að vísa, og er sveinsefni þá rjett að útvega sjer hana sjálfur og eins verkefni og verkfæri; nú getur hann það ekki, og á nefndin þá að sjá honum fyrir þessu á hans kostnað. Nú hefur sveinsefni útvegað sjer sjálfur starfstofu, og sker nefndin þá úr, hvort hún sje til þess fallin. Nú hefir nefndin vísað prófnema, honum að kostnadarlausu á iðnaðarmann, er hann getur unnið að prófstarfinu hjá, og á sveinsefni þá að loknu prófi ekkert tilkall til grips þess er hann hefir gert; en

128 ef hann hefur sjálfur sjeð sjer fyrir verkstofu o. s. frv. eða borgað fyrir það, 28. desbr. þá hefur hann gagnvart nefndinni fullan umráðarjett yfir prófgripnum. Bæði dráttmyndaprófstarfið og verklega prófstarfið skal sveinsefni vinna undir umsjá nefndarinnar, og er henni skylt að sjá um, að sveinaefnin vinni sjálfir prófstörf in án nokkurrar hjálpar frá öðrum. Bæði til dráttmyndaprófstarfsins og verklega prófstarfsins tiltekur nefndin ákveðinn tíma, er verkinu skal lokið vera, og skal svo álíta, að sá sem ekki hefur lokið prófstarfi sínu innan ákveðins tíma, hafi eigi staðizt prófið. Þá er sá tími er liðinn, er ætlaður var til hins verklega prófs, kveður formaður nefndina til fundar, og skal þar þá sýna nefndinni prófgripina og dráttmyndirnar með, ef þær hafa gjörðar verið. Þá sker nefndin úr, hvort prófstarfið skuli gilt tekið eða ekki. Nú er prófstarf einhvers ekki gilt tekið, og má hinn sami þá eigi aptur til prófs koma fyrri en á næsta missiri.

9. gr.

